

**SKOÐUN** Starfshættir kennara í kennslustofunni hafa aldrei verið metnir formlega hjá 70% kennara. 18



**MENNING** Steinunn Arnardóttir og Leópold Kristjánsson hanna púða sem eru eftirmynd fjallsins Herðubreiðar. 42



**SPORT** Forsvarsmenn handboltaliða hafa áhyggjur af slæmri mætingu og vilja grípa til aðgerða. 36

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
Þriðjudagur
11. desember 2012
291. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Vilja afskrá félög í vanskilum

Ríkisskattstjóri vill fá heimild til að afskrá félög sem skila ekki ársreikningum og færa skuldir þeirra yfir á eigendur. Frumvarp líklegt snemma á næsta ári. Úrræðið á einnig að gagnast í baráttunni gegn kennitöluflakki.

**VIÐSKIPTI** Hægt verður að beita stjórnarmenn félaga, sem ekki skila inn ársreikningum, fésektum eða afskrá þau með þeim afleiðingum að skuldir þeirra færast yfir á eigendur þeirra, verði tillögur Ríkisskattstjóra (RSK) að veruleika.

Vonast er til þess að úrræðin muni einnig gagnast í baráttunni gegn kennitöluflakki. Um síðustu mánaðamót voru send út fimm þúsund boðunarbréf til félaga sem hafa enn ekki skilað inn ársreikningum vegna ársins 2011.

Innan efnahags- og viðskiptanefndar virðist vera samstaða um að veita þessi auknu eftirlitsúrræði og innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er verið að vinna tillögur að slíkum lagabreytingum og aðgerðum. Starfshópur sem vinnur að þeim mun skila af sér fyrir jól. Frumvarp er fyrirhugað snemma á næsta ári.

Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráasviðs RSK, situr í starfshópnum og vann að minnisblaði sem embættið skilaði til efnahags- og viðskiptanefndar. Hann segir þetta vera úrræði sem beitt hafi verið í Danmörku og Noregi með góðum árangri. „Þá eru stjórnarmenn beittir stighækkandi sektum ef félög skila ekki inn ársreikningi. Þar hafa menn líka það úrræði að eftir tiltekinn tíma getur fyrirtækjaskráin sett félögin í skiptarétt. Þetta úrræði var tekið upp með lögum hér á landi árið 2006, en orðað þannig að þetta væri ein tegund félagsslita. Vandamálið við það er að því fylgir óvissa um hvað verði um skuldir og hugsanlegar eignir sem eru inni í félögunum.

**5.000**

félög hafa ekki skilað inn ársreikningi vegna ársins 2011.

Við viljum að réttaráhrif afskráningar vegna vanrækslu á upplýsingagjöf muni hafa í för með sér að hluthafar verði sjálfir gerðir að fullu persónulega ábyrgir á skuldum félaganna.“

Að sögn Skúla er líka vonast til þess að þessi breyting muni gagnast mjög í baráttunni gegn kennitöluflakki. „Hluthafar munu þá ef til vill setja frekar félög sín sjálfir í gjaldþrot og hleypa skiptastjóra að þeim frekar en að eiga á hættu að skuldirnar muni færast yfir á þá sjálfa. Samfara getur skiptastjóri gripið fyrr inn í ólögmætar eignatilfærslur og rift þeim.“

- þsj / sjá síðu 14

## FRÉTTIR



**Fer fram á þunga dóma**

Saksóknari í Vafningsmálinu krefst fimm og hálfs árs fangelsis yfir Lárusi Welding og fimm ára dóms yfir Guðmundi Hjaltasyni. Réttarhöldunum lauk í gær. 8

**Kúabóndi ósáttur** Bóndinn á Brúarreykjum í Borgarfirði segir Matvælastofnun beita sig valdníðslu með afturköllun starfsleyfis. 2

**Lítil eyríki ósátt** Forsvarsmenn lítilla eyríkja telja of skammt gengið í samkomulaginu frá loftslagsráðstefnunni í Doha. 4

**Speglar til bóta** Sótt hefur verið um nýtt byggingarleyfi vegna speglaveggja á byggingu Menntaskólans í Reykjavík við Pingholtsstræti. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | SA | 4 |
| Akureyri | 3° | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 2° | A | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | A | 3 |
| Reykjavík | 4° | SA | 10 |

**Bjart norðaustantil** en þungbúnara annars staðar og súld á stöku stað við suðurströndina. Suðaustlægar áttir, 3-8 m/s en hvassara SV-til. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**






**KLEMENTÍNUR** Eiríkur Kristjánsson hefur í nógu að snúast að fylla á mandarínustæðurnar í Bónus. Mandarínurnar rjúka út enda má áætla að hver Íslendingur borði 25 til 30 jólamandarínur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaupverð ÍE 52 milljarðar:

# Fyrirtækið sagt sterkara á eftir

**VIÐSKIPTI** Amgen, alþjóðlegur líftækni- og lyfjarisi, hefur keypt allt hlutafé í móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar á jafnvirði 52 milljarða króna. Starfsemi ÍE hér á landi verður með óbreyttu sniði, nema hvað fjárhagslegur styrkur nýs eiganda er sagður líklegur til að efla starf fyrirtækisins.



**KÁRI STEFÁNSSON**

Kári Stefánsson, stofnandi og forstjóri ÍE, segir fyrirtækið nú dótturfélag Amgen sem verði rekið sem sjálfstæð eining. Kári mun áfram reka fyrirtækið en segist ekki vita hversu lengi.

Amgen rekur starfsstöðvar í 43 löndum, en höfuðstöðvarnar eru í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Starfsmenn Amgen eru um 17 þúsund alls; heildartekjur fyrirtækisins árið 2011 voru um 2.000 milljarðar króna.

- mþl / sjá síðu 6

Íslendingar borða mörg hundruð tonn af mandarínum um jólaleytið:

# Níu milljón mandarínur um jól

**NEYTENDUR** Hver Íslendingur borðar að meðaltali á bilinu 25 til 30 mandarínur í kringum jólin, sem gerir um níu milljónir í allt.

Á tímabilinu frá lokum nóvember og fram til áramóta verða flutt um 800 tonn af mandarínum inn til landsins, sé miðað við tölur frá síðasta ári. Einn umsvifamesti innflytjandi mandarína hér á landi er heildsalan Bananar ehf. og segir framkvæmdastjórinn, Kjartan Már Friðsteinsson, ekki miklar breytingar vera á tölunum milli ára.

Flestar þær mandarínur sem Íslendingar leggja sér til munns í desember ár hvert koma frá Valencia á Spáni, en einnig frá Marokkó, Argentínu, Grikklandi, Ítalíu og fleiri suðrænum löndum.

Hefðin sem hefur skapast í kringum „jólamandarínurnar“ tengist uppskerutíma ávaxtanna, sem er einmitt í nóvember og desember. Um tíu til fimmtán dagar líða frá því að mandarínurnar eru tíndar af trjánum á Spáni þar til þær eru komnar í verslanir á Íslandi.

Klementínur eru afbrigði af mandarínum og eru algengasta tegundin hér á landi. - sv



SÖRUR – KLASSÍSKAR OG NÝSTÁRLEGAR
gottimatinn.is
Gott í MATINN



Jólafjórblöðungur Tiger fylgir með Fréttablaðinu í dag
Opið til kl. 22 fram að jólum
TIGER
Villidýr á verði · www.tiger.is

KÆRLEIKSKÚLAN

LOKKANDI
Hrafnhildur Arnardóttir
Sölutímabil 5.-19. desember
Sölustaðir á kaerleikskulan.is
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

## SPURNING DAGSINS



Pálmi, er svona mikið af menningarvitum í hverfinu?

**„Já, og er það ekki bara góðs viti?“**

Pálmi Freyr Randversson er verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg. Hagsmunaaðilar umhverfis Vitastíg í miðbænum vilja skilgreina svæðið sem sérstakt Vitahverfi til að koma því betur á kortið. Pálmi hefur kynnt verkefnið innan borgarinnar.

Mál gegn Magnúsi Guðmundssyni skal tekið til meðferðar í héraðsdómi:

# Ákæran gegn Magnúsi stendur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur felldi í gær úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að máli gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, í Al-Thani málinu skuli vísað frá. Ákæran gegn honum verður því tekin til efnislegrar meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Al-Thani málið snýst um það að Magnús og þrír aðrir lykilmenn í rekstri Kaupþings voru ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í tengslum við sölu á 5% hlut í bankanum til Sheikh Mohammed bin Khalifa Al-Thani. Sérstakur saksóknari telur að um sýndarviðskipti hafi verið að ræða og Al-Thani hafi aldrei greitt neitt fyrir hlutinn. Þessum gjörningi hafi verið ætlað að halda uppi hlutabréfaverði í bankanum.



MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Auk Magnúsar voru Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður, og Ólafur Ólafsson, stærsti eigandi bankans, ákærðir. Sakborningar kröfðust allir frávísunar. Við fyrirtöku í héraðsdómi úrskurðaði dómari að þeim ákæruliðum sem lúta að Magnúsi skyldi vísað frá, svo óskýrir og vanreifaðir væru þeir. Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi og telur ákæruna nógu skýra til þess að sakborningar geti gripið til varna. - jhh

Bora í ísinn á Suðurskautinu:

# Rjúfa 500.000 ára einangrun

**VÍSINDI Vísindamenn búa sig nú undir að bora í gegnum ísinn á Suðurskautinu til að rannsaka vatn undir ísnum. Takist þeim að bora 3,2 kílómetra í gegnum ísinn rjúfa þeir hálfrar milljón ára einangrun vatnsins undir ísnum.**

**Mikil vinna hefur verið lögð í að hanna bor sem ekki aðeins getur borað niður í vatnið.**

**Tilgangur verkefnisins er að kanna hvort líf geti þrifist við svo erfiðar aðstæður, og þá hvers konar líf.** - bj



**ÓSLÓ Í GÆR** Forsetar framkvæmdastjórnarinnar, leiðtogaráðs og ESB-þingsins tóku við friðarverðlaununum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Afhending friðarverðlauna mjög umdeild:

# Friðarverðlaun Nóbels afhent

**NOREGUR Þeir Herman Van Rompuy, José Manuel Barroso og Martin Schulz, forsvarsmenn þriggja helstu stofnana Evrópusambandsins, tóku við friðarverðlaunum Nóbels við hátíðlega athöfn í Ósló, höfuðborg Noregs, í gær. Við athöfnina voru tuttugu af 27 þjóðarleiðtogum ESB-ríkjanna.**

**Thorbjörn Jagland, formaður Nóbelsnefndarinnar, sagði í ræðu sinni að ESB hefði verið forsenda stöðugleika í Evrópu eftir tvær heimsstyrjaldir og breytt henni í álfu friðar.**

**Margir hafa gagnrýnt val Nóbelsnefndarinnar og sagt að ESB eigi verðlaunin ekki skilið. Þeirra á meðal eru fjórir handhafar friðarverðlaunanna. Desmond Tutu, einn þeirra, segir það ekki standast lög að ESB hljóti friðarverðlaunin.** - shá

# Fótum kippt undan bónda í djúpum skít

Bjarni Bærings Bjarnason, bóndi á Brúarreykjum í Borgarfirði, segist beittur valdníðslu með afturköllun Matvælastofnunar á starfsleyfi kúabús hans. Fótum sé kippt undan fjárhag fjölskyldunnar. Hann hefur sótt aftur um leyfi og bíður svars.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það á bara að drepa mann lifandi,“ segir Bjarni Bærings Bjarnason á Brúarreykjum í Borgarfirði sem sviptur hefur verið starfsleyfi fyrir kúabú sitt.

„Þetta er bara valdníðsla af hálfu Matvælastofnunar,“ segir Bjarni sem kveður héraðsdýralækni Vesturlands hafa komið honum að óvörum að morgni 8. nóvember síðastliðins.

„Það höfðu borið átta beljur í einum rykk sjötta og sjöunda nóvember. Þetta voru erfiðar fæðingar og ég hafði ekki sofið í tvo sólarhringa og hafði ekki þrifið og fjósið orðið drullugt,“ útskýrir Bjarni þá stöðu sem var í fjósinu að morgni 8. nóvember og sjá má af meðfylgjandi mynd.

Steinþór Arnarson, lögfræðingur hjá Matvælastofnun, segir Brúarreyki hafa fengið margítrekaðan frest til úrbóta frá því býlið var tekið til eftirlits í fyrravetur. Í janúar á þessu ári hafi ekki verið jafn mikið af gripum í fjósinu og nú sé. Þeim hafi hins vegar fjölgað mikið og séu nú um níutíu þótt fjósið sé aðeins gert fyrir sextíu kýr.

Steinþór kveður frávikin frá reglunum á Brúarreykjum ekki hafa verið alvarleg fyrr en 8. nóvember. „Það var greinilegt að mjaltirnar ganga ekki þannig fyrir sig að matvælaöryggi sé tryggt,“ segir hann.

Aftur var farið í eftirlit á Brúarreyki 15. nóvember. „Þá var búið að þrífa og allt var í lagi nema það voru of margir gripir í fjósinu. Allt annað var í lagi,“ fullyrðir Bjarni. Steinþór segir aðra sögu. „Það var ekki orðið ásættanlegt og starfsleyfið var afturkallað,“ segir hann.

Bjarni játar að kýrnar í fjósinu séu of margar samkvæmt reglum. Hann hafi leyft of mörgum gripum að lifa. Hann bendir á að áður fyrr hafi mátt vera með fleiri gripi en básar segja til um í lausagöngufjósum. „Það eru alltaf einhverjir gripir að éta og þeir sofa aldrei allir í einu svo það eru allt af tuttugu til þrjátíu básar auðir.“

Auk þess sem Bjarni hefur ekki lengur leyfi til að selja frá sér mjólk má hann ekki senda gripi til slátrunar. Ekkert hefur þó komið fram sem bendir til þess að nokkuð sé athugavert við kjöt eða mjólk frá Brúarreykjum. Steinþór segir afturköllun starfsleyfisins eiga að vera fyrirbyggjandi en Bjarni telur skrítið að þurfa að kasta mjólk sem sé fyrsta flokks og verða að farga úrvalskjöti í sveltandi heimi. „Hvaða bull er þetta í þjóðfélaginu?“ spyr Bjarni sem kveðst hafa sótt strax aftur um leyfi en ekki fengið svar. Hann er ekki bjartsýnn á hvað við taki ef búið endurheimtir ekki starfsleyfið. „Þá er það bara kúlan eða reipið.“ gar@frettabladid.is



**Í FJÓSINU Á BRÚARREYKJUM** „Þú sérð alltaf einhverja drulluklepra á kúm,“ segir bóndinn á Brúarreykjum sem kveður slæmt ástand í fjósi hans að morgni 8. nóvember síðastliðins hafa verið einsdæmi. MYND/MATVÆLASTOFNUN ÍSLANDS.

> **Hvaða bull er þetta í þjóðfélaginu?**
>
> *Bjarni Bærings Bjarnason, bóndi á Brúarreykjum.*

## DÓMSTÓLAR

### Bílþjófur fær tvo mánuði

Maður á þrítugsaldri með áralangan sakaferil hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og sviptur ökurétti ævilangt. Í fyrra stal hann bíl auk þess að vera tekinn við akstur undir áhrifum. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.

## SJÁVARÚTVEGUR

### Færeyingar með 5.000 tonn

Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafa færeysk skip veitt tæp 5.040 tonn af botnfiski við Ísland. Þorskafli færeysku skipanna er kominn í 1.048 tonn miðað við 1.219 tonn á sama tíma í fyrra en heimild færeyskra skipa á yfirstandandi ári eru 1.200 tonn.

Velgengni í fiski á Grenivík:

# Fá 300 þúsund í jólabónus í ár

**GRENIVÍK** Útgerðarfyrirtækið Gjögur greiddi um síðustu mánaðamót starfsfólki sínu í landvinnslu fyrirtækisins á Grenivík þrjú hundruð þúsund krónur, auk orlofs, í afkomubónus.

„Tilefnið er góð afkoma landvinnslunnar á Grenivík á árinu. Einnig fá starfsmenn veglega jólagjöf frá fyrirtækinu,“ segir um málið á vefsetri Grenivíkur. Þar kemur einnig fram að fyrrnefnd upphæð miðist við fullt starf og sé greidd hlutfallslega út frá starfshlutfalli og starfstíma hvers og eins á árinu. - gar

Stökktu til
Kanarí
2. janúar í 13 nætur
Frá kr. 89.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 2. janúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 89.900
Netverð á mann, m.v. 4 í íbúð með 2 svefnherbergjum í 13 nætur.

Verð kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2 í studio/ íbúð í 13 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Peningar sem öðlingar söfnuðu nýtast Neyðarmóttöku vegna nauðgana vel:

# Límmiðar á skemmtistaði og krár

**VELFERÐARMÁL** Peningum sem söfnuðust með átaki sem kennt var við öðlinga hafa nýst Neyðarmóttöku vegna nauðgana vel. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og fulltrúar Reykjavíkurborgar tóku í gær við bæklingi, lógói, límmiðum og veggspjaldi fyrir hönd neyðarmóttökunnar.

Í bæklingnum er fjallað um sálrænar afleiðingar kynferðisofbeldis, en slíkan bækling hefur skort sárlega. Þá hefur verið útbúið upplýsingaspjald í þúsundatali sem dreift verður í framhaldsskóla, heilsugæslustöðvar og víðar.

Þá veitti Guðbjartur einnig viðtöku límmiða með upplýsingum um þjónustu Neyðarmóttökunnar sem dreift verður á skemmtistaði og krár með það fyrir augum að þeir verði límdir á spegla á salernum. - bj



**VEITTU VIÐTÖKU** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og fulltrúar Reykjavíkurborgar tóku við bæklingi, veggspjaldi og fleiru fyrir hönd Neyðarmóttöku vegna nauðgana í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Nýr Volkswagen Golf

Bráðum kemur nýr Golf! Nánari upplýsingar eru á www.volkswagen.is
en einnig er hægt að líta við hjá okkur í HEKLU og við segjum ykkur meira.

Verið velkomin!

Das Auto.

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**GENGIÐ**
10.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,55 | 127,15 |
| Sterlingspund | 202,89 | 203,87 |
| Evra | 163,21 | 164,13 |
| Dönsk króna | 21,879 | 22,007 |
| Norsk króna | 22,243 | 22,373 |
| Sænsk króna | 18,914 | 19,024 |
| Japanskt jen | 1,5388 | 1,5478 |
| SDR | 193,62 | 194,78 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
225,8138

Menningarmálaráðherra segist skilja áhyggjur fornleifafræðinga af sílækkandi fjárveitingum:

# Vill efla Fornminjasjóð í næstu fjárlögum

**VÍSINDI** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, vill að Fornminjasjóður verði efldur í næstu fjárlögum. Ljóst sé að góðum umsóknum um styrki er varða fornleifarannsóknir hafi verið hafnað á undanförnum misserum og tiltölulega lágar fjárhæðir verið samþykktar samanborið við árin fyrir hrun.

„Það þarf að leggja áherslu á að efla sjóðinn með því að skoða stöðuna sérstaklega í næstu fjárlögum,“ segir Katrín. „Þá mætti meðal annars beita þeim rökum að [fornleifar] skipti máli fyrir ferðamennsku. Það á að horfa til þessarar uppbyggingar í framtíðinni.“

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að Fornleifafræðingafélag Íslands hefði þungar áhyggjur af stöðu fornleifarannsókna í landinu vegna sílækkandi fjárveitinga frá ríkinu sem sé aðallega til komið vegna breytts og víðara hlutverks Fornminjasjóðs.

Þá úthlutar fjárlaganefnd Alþingis ekki lengur fjármagni til fornleifarannsókna en Katrín segir að með þeirri breytingu hafi sjóðurinn verið stækkaður á móti.

„Hann er stækkaður um helming, en engu að síður munar verulegu um framlög fjárlaganefndar,“ segir hún. „Ég skil áhyggjur fornleifafræðinga og tek undir að það sé mikilvægt að byggja upp sjóðinn í skrefum án aðkomu hennar.“ **- sv**


Óttast að fornleifarannsóknir gætu lagst af á næstu árum

Forsendur til fornleifarannsókna eru brostnar taki lög um menningarminjar gildi um áramót, að mati fornleifafræðinga. Fjárframlög skorin niður um 60% síðan 2008. Mikið atvinnuleysi hjá stéttinni síðustu fimm ár.

VÍSINDI Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ) óttast að fornleifarannsóknir gætu lagst af á næstu árum verði lög um menningarminjar samþykkt um áramót. Ekki er gert ráð fyrir neinum framlögum til fornleifarannsókna í fjárlögum næsta árs og hafa styrkir til greinarinnar dregist saman um 60 prósent frá árinu 2008.

Hin nýju lög kveða á um að Fornminjasjóður skuli taka að sér mun víðara hlutverk en áður, eins og báta- og skipaviðgerðir, og verður vinna að stefnumótun í minjavörslu greidd úr honum að hluta. Þrátt fyrir það eru framlög minnkuð um 30 prósent á sama tíma.

Ármann Guðmundsson, formaður félagsins, segir framtíð greinarinnar hér á landi einkennast af mikilli óvissu vegna þessa.

„Sjóðurinn var eyrnamerktur



**HAFA ÁHYGGJUR** Fornleifafræðingar óttast um framtíð fornleifafræði á Íslandi vegna niðurskurðar.


**VIÐ TJÖRNINA** Fjöldi fólks tók þátt í viðburðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mannréttindabaráttunnar í heiminum minnst:

## Ljósaluktir sendar til himins

**MANNRÉTTINDI Við Tjörnina í Reykjavík í gær voru 150 skýjaluktir tendraðar og sendar til himins. Með því var mannréttindabaráttunnar í heiminum minnst, eins og víða annars staðar í heiminum á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna.**

**Það var Pólska félagið á Íslandi sem stóð fyrir viðburðinum í gær í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, tendraði ljósið í fyrstu luktinni. Tilgangurinn var að lýsa yfir stuðningi við þá fjölmörgu sem berjast fyrir mannréttindum hvarvetna í heiminum á degi hverjum, og sýna fórnarlömbum samhug. Allsherjarþing SÞ samþykkti Mannréttindayfirlýsingu sína á þessum degi árið 1948.** - shá

### BANDARÍKIN

**Gerðu samkomulag**

Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur samið við Nafissatou Diallo, sem kærði hann fyrir nauðgun. Hún höfðaði einkamál gegn honum eftir að sakamál var látið niður falla.

### LEIÐRÉTT

Himinbrim, önnur breiðskífa hljómsveitarinnar Nóru, hlaut fjögurra stjörnu gagnrýni Trausta Júlíussonar tónlistargagnrýnanda í Fréttablaðinu en ekki þriggja stjörnu eins og ranglega var sagt í samantekt um dóma vikunnar á laugardag.

Varð fyrir strætisvagni:

## Lést á spítala eftir bílslys

**SLYS** Kona á níræðisaldri sem varð fyrir strætisvagni í Kópavogi á föstudagsmorgun, lést á gjörgæsludeild síðar sama dag.

Konan varð fyrir vagni sem var ekið í austur á Nýbýlavegi og var flutt á slysadeild í kjölfarið. Fljótlega var hún flutt á gjörgæsludeild þar sem hún lést.

Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu. - sv

# Lítil eyríki ósátt við loftslagsráðstefnu

Ýmis lítil eyríki, sem stafar mikil hætta af loftslagsbreytingum, eru ósátt við niðurstöður loftslagsráðstefnunnar í Doha. Samkomulagið verður til þess að hitastigið hækkar um allt að fimm gráður, segir forsvarsmaður eyríkjanna.

**KATAR, AP** „Þetta er ekki niðurstaðan sem við vildum í lok þessa fundar, ég get fullvissað ykkur um það,“ sagði utanríkisráðherra Nauru-eyja í Míkrónesíu, Kieren Keke, sem var í forsvari fyrir lítil eyríki á loftslagsráðstefnunni í Doha í Katar. „Við erum ekki heldur á þeim stað sem við þyrftum að vera á til að koma í veg fyrir að eyjur fari undir sjó.“

Lítil eyríki og önnur þróunarlönd voru mörg hver ósátt við niðurstöðu fundarins, þrátt fyrir að væntingar hafi ekki verið miklar fyrir fundinn.

„Við teljum þessa niðurstöðu ófullnægjandi í losun og fjármálum. Samkomulagið mun líklega verða til þess að þriggja til fimm gráðu hækkun verður á hitastigi heimsins, jafnvel þó við höfum samþykkt að reyna að láta meðalhitastigið ekki hækka um meira en 1,5 gráður, til þess að tryggja að allar eyjur lifi af. Það er ekkert nýtt fjármagn – bara loforð um að eitthvað verði gert í framtíðinni. Þeir sem koma í veg fyrir þetta þurfa að hætta að tala um hvernig líf þeirra fólks verður og fara að tala um hvort okkar fólk mun lifa af.“

Fátæk ríki kröfðust þess í byrjun ráðstefnunnar að sett yrði fram tímaáætlun um það hvernig ríku löndin myndu hækka aðstoð vegna loftslagsbreytinga í 100 milljónir Bandaríkjadala á ári fram til ársins 2020, þegar nýtt samkomulag um losun gróðurhúsalofttegunda á að taka gildi. Þessu hafði verið lofað fyrir þremur árum síðan. Í lokasamþykkt ráðstefnunnar eru ríku löndin þó aðeins hvött til þess að safna að minnsta kosti 10 milljónum dala á ári, en ekki skyldug til neins. Þá er því lofað að fundnar verði leiðir til að hækka aðstoðina.

Ríku löndin gengust þó við ábyrgð sinni á skaða sem loftslagsbreytingar hafa valdið í mörgum þróunarríkjum á ráðstefnunni.

Samkomulag um framlengingu Kýótó-bókunarinnar varð til á laugardaginn, eftir að ráðstefnunni átti að vera lokið. Mikill ágreiningur ríkti á lokasprettinum og stór ríki eins og Rússland, Japan, Nýja-Sjáland og Kanada drógu sig út úr samkomulaginu. Ríkin sem samþykktu bókunina losa aðeins um fimmtán prósent af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið.

thorunn@frettabladid.is



**KRÖFÐUST RÉTTLÆTIS** Mótmælendur voru inni í ráðstefnuhöllinni um helgina, en takmarkanir á frelsi mótmælendanna voru talsverðar í Katar. NORDICPHOTOS/AFP

> **Þeir sem koma í veg fyrir þetta þurfa að hætta að tala um hvernig líf þeirra fólks verður og fara að tala um hvort okkar fólk mun lifa af.**
>
> *Kieren Keke*
> *utanríkisráðherra Nauru-eyja*


# ÁRATUGUR ÖFGA




„Þetta er vegleg og eiguleg bók, upplýsandi og oft bráðskemmtileg.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

BÆTTU HENNI Í SAFNIÐ!

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LITLAR BREYTINGAR** í veðrinu næstu daga. SA-áttir verða ríkjandi með hægviðri norðan- og austantil en strekkingi allra syðst. Úrkomulítið að mestu, síst við suðurströndina en nokkuð bjart norðan- og austanlands. Hlýjast allra syðst.




**Á morgun**
Austan 10-15 m/s við suðurströndina, annars hægviðri.




**Fimmtudagur**
Austanstrekkingur allra syðst, annars 3-8 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Berlín | 1° | Friedrichshafen | -1° | Las Palmas | 24° | New York | 13° | París | 3° |
| Aþena | 16° | Billund | -1° | Gautaborg | -1° | London | 4° | Orlando | 27° | San Francisco | 15° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 0° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 14° | Ósló | -11° | Stokkhólmur | -1° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# FME staðfestir faglega og góða viðskiptahætti Dróma

Við höldum áfram að vinna að úrlausn mála með viðskiptavinum okkar.

Eftir að hafa setið undir háværri umræðu og orðið bitbein í pólitík þá er það okkur ánægjuefni að segja frá því að úttektir Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsnefndar efnahags- og viðskiptaráðherra staðfesta að starfsfólk Dróma hafi unnið faglega og í samræmi við góða viðskiptahætti.

- Engar athugasemdir voru gerðar vegna ábyrgðarskuldbindinga.
- Ekkert gaf til kynna að túlkun Dróma á hvaða lán teldust til ólögmætra gengislána væri þrengri en annarra fjármálafyrirtækja.
- Framkvæmd 110% leiðarinnar kom vel út.
- Verðmat Dróma á eignum gaf raunhæfa mynd af markaðsvirði eigna.
- Svartími við erindum viðskiptavina Dróma reyndist í flestum tilvikum innan eðlilegra tímamarka.

Við bendum viðskiptavinum okkar á að hafa samband í síma 540 5000 eða einfaldlega koma til okkar í þjónustuverið í Lágmúla 6 milli klukkan 10 og 15 alla virka daga. Þá getum við farið yfir málin og fundið þeim eins farsæla úrlausn og kostur er.

Með kveðju,

starfsfólk Dróma

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Ættingjar hversu margra látinna bíða eftir niðurstöðum krufninga um þessar mundir?
**2.** Hvað er mikilli rækjuskel hent í sjóinn þrátt fyrir að það sé bannað?
**3.** Til hvaða árs hefur Kyoto-bókunin verið framlengd?

**SVÖR**
**1.** Fimmtíu einstaklinga. **2.** Þúsundum tonna. **3.** Til 2020.

Heiðar Már Guðjónsson keypti hluti í Vodafone fyrir hálfan milljarð króna:

# Tveir stórir lífeyrissjóðir buðu of lágt

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Almenni lífeyrissjóðurinn buðu báðir of lágt í Vodafone. Lífeyrissjóður verzlunarmanna keypti hins vegar bréf í félaginu fyrir 1,3 milljarða króna. Sjóðurinn er næststærsti eigandi félagsins með 12,3% hlut.

Stærsti einstaki eigandinn er enn Framtakssjóður Íslands (FSÍ) með 19,7 prósenta hlut. Félagið Ursus ehf., sem er í eigu Heiðars Más Guðjónssonar, keypti hluti fyrir um 500 milljónir króna og er þriðji stærsti eigandi félagsins með 4,7 prósenta hlut. Þetta kemur fram á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Vodafone sem var gerður opinber í gær. Þeir eiga samtals 75 prósenta hlut í félaginu. Sala á um sextíu prósentum af eignarhlut FSÍ í Vodafone í tveimur útboðum lauk í síðustu viku. Útboðsgengi bréfanna var 31,5 krónur á hlut.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að sjóðurinn hefði boðið í útboðinu en að tilboði sjóðsins hefði ekki verið tekið. Sjóðurinn bauð einfaldlega ekki nógu hátt. Heimildir blaðsins herma að það sama eigi við um Almenna lífeyrissjóðinn. Að loknu útboðinu eiga lífeyrissjóðir um 51,1 prósent í félaginu, fjármálafyrirtæki eiga 16,4 prósent og verðbréfasjóðir 11,4 prósent. Aðrir eiga 21,1% hlut í félaginu. **- þsj**



**HÖFUÐSTÖÐVAR** Hlutabréf Vodafone verða tekin til viðskipta í kauphöll á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NÝ Í HÆSTARÉTTI** Ingveldur tók við setningarbréfi sínu úr hendi Ögmundar Jónassonar í gær.

Sett til tveggja ára:

## Nýr dómari í Hæstarétti

**HÆSTIRÉTTUR** Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hefur verið sett hæstaréttardómari til tveggja ára.

Ingveldur var ein fimm umsækjenda um embættið. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við HÍ, Arnfríður Einarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Ása Ólafsdóttir, dósent við HÍ, og Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, sóttu einnig um embættið. Niðurstaða dómnefndar var sú að þau Ása, Ingveldur og Þorgeir væru hæfust umsækjenda til að gegna embættinu. **- shá**

Sænskar fordómabullur:

## Reknir fyrir hommahatur

**SVÍÞJÓÐ Öllum liðsmönnum sænska knattspyrnuliðsins Sörskogens IF var vikið úr félaginu eftir að hafa gert sig seka um að ausa samkynhneigða andstæðinga sína svívirðingum.**

**Liðið lék á dögunum við liðið Snipers frá Stokkhólmi, í sjöundu deild þar í landi, en allir leikmenn Snipers eru sam- eða tvíkynhneigðir. Sörskogens fékk sekt frá knattspyrnusambandinu, en forsvarsmenn liðsins bættu um betur og ráku alla liðsmennina.** **- þj**

# Íslensk erfðagreining keypt af bandarísku lyfjafyrirtæki

Alþjóðlega líftækni- og lyfjaframleiðslufyrirtækið Amgen hefur keypt allt hlutafé móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar á 415 milljónir Bandaríkjadala. Starfsemi félagsins hér á landi verður með óbreyttu sniði.

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá kaupum bandaríska líftækni- og lyfjaframleiðslufyrirtækisins Amgen á öllu hlutafé móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar. Starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar verður með óbreyttu sniði eftir kaupin og mun Amgen fjármagna rekstur félagsins.

„Við erum nú orðin dótturfélag Amgen en verðum rekin sem sjálfstæð eining,“ segir Kári Stefánsson, stofnandi og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og bætir við: „Það sem Amgen er að kaupa er ekkert annað en okkar hæfileiki, geta og reynsla í að gera uppgötvanir.“

Um 130 starfa hjá Íslenskri erfðagreiningu hér á landi og kemur ekki til neinna uppsagna í kjölfar kaupanna. Þá mun Kári Stefánsson áfram reka fyrirtækið. „Ég er hins vegar ekkert unglamb lengur og veit því ekki hve lengi það verður,“ segir Kári.

Í tilkynningu frá Íslenskri erfðagreiningu kemur fram að Amgen greiði 415 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi tæplega 53 milljarða króna, fyrir allt hlutafé Íslenskrar erfðagreiningar.

Félagið var áður í eigu hollenska fjárfestingafélagsins Saga Investments sem var svo aftur í eigu Polaris Venture Partners og Arch Venture Partners, þekktra bandarískra fjárfesta á sviði líftækni. Saga Investments keypti rekstur Íslenskrar erfðagreiningar úr þrotabúi móðurfélagsins Decode Genetics í janúar árið 2010 eftir að Decode var tekið til gjaldþrotaskipta í Bandaríkjunum.

Íslensk erfðagreining tapaði tæplega 14 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári. Í lok ársins námu skuldir félagsins ríflega 67 milljónum dala og var eigið fé þess neikvætt um ríflega 51 milljón.

Kári segir að stærstur hluti skulda félagsins hafi verið við móðurfélagið Saga Investments. „Þetta eru nú eiginlega engar skuldir heldur einungis fjárframlag hluthafanna til félagsins sem þó eru skuldamegin í efnahagsreikningum,“ segir Kári og bætir við: „Þessar skuldir falla allar niður og skipta í raun engu máli á þessu augnabliki.“

Fram kom í umfjöllun Viðskiptablaðsins um fjárhagsstöðu Íslenskrar erfðagreiningar þann 29. nóvember síðastliðinn að félagið hefði tryggt rekstrarfé fram á fyrsta ársfjórðung 2013 og enn fremur að félagið væri mjög háð fjármögnun þáverandi eigenda. Þá kom fram í umfjölluninni að allt hlutafé félagsins hefði verið veðsett.

Amgen hefur höfuðstöðvar í Kaliforníu í Bandaríkjunum en rekur starfsstöðvar í 43 löndum. Um sautján þúsund manns starfa hjá fyrirtækinu og námu heildartekjur þess á árinu 2011 um 15,6 milljörðum Bandaríkjadala, tæplega 2.000 milljörðum króna.

magnusl@frettabladid.is



**KAUPIN KYNNT Í GÆR** Starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar fylgdust með blaðamannafundinum í gær. Um 130 manns starfa hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það sem Amgen er að kaupa er ekkert annað en okkar hæfileiki, geta og reynsla í að gera uppgötvanir.**
>
> *Kári Stefánsson stofnandi og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.*

**Maí 1996** Decode stofnað af Kára Stefánssyni, þá prófessor í tauga- og taugameinafræði við Harvard Institute of Medicine.

**Febrúar 1998** Decode gerir samning við svissneska lyfjarisann Hoffman-LaRoche sem tryggir Íslenskri erfðagreiningu, dótturfélagi Decode, um fimmtán milljarða króna til rannsókna. Í sama mánuði er haldið 800 milljóna hlutafjárútboð á Íslandi á hinum svokallaða „Gráa markaði“. Um sex þúsund einstaklingar og lögaðilar keyptu bréf í félaginu.

**Janúar 2000** Íslensk erfðagreining fær rekstrarleyfi fyrir miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði.

**Júlí 2000** Viðskipti hefjast með bréf í Decode í bandarísku Nasdaq-kauphöllinni. Opnunargengi bréfa félagsins var 28,5 dalir á hlut.

**Maí 2002** Decode fær 200 milljón Bandaríkjadala ríkisábyrgð frá íslenska ríkinu sem aldrei reyndi þó á. Félagið aflaði sér þess í stað 150 milljóna dala í skuldabréfaútboði.

**Nóvember 2009** Decode óskar eftir greiðslustöðvun í Bandaríkjunum. Á þeim tíma var virði bréfa félagsins í kringum 20 sent á hlut.

**Janúar 2010** Saga Investments, í eigu bandarískra fjárfesta, kaupir rekstur Íslenskrar erfðagreiningar úr þrotabúi Decode.

**Desember 2012** Amgen kaupir allt hlutafé móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar.







Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**



**Jólakaupauki!**

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan birgðir endast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki


Hnoðuð lagkaka að hætti Jóa Fel
Jói Fel
BAKARÍ

RÉTTARHÖLD Í VAFNINGSMÁLI SÉRSTAKS SAKSÓKNARA



**SEGJAST ALSAKLAUSIR** Lárus Welding, Guðmundur Hjaltason og verjendateymi þeirra fullyrða að þeir hafi ekkert gert rangt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þungra dóma krafist

Saksóknari fer fram á fimm og hálfs árs dóm yfir Lárusi Welding vegna Vafningsmálsins og fimm ár yfir Guðmundi Hjaltasyni. Dómur fellur innan þriggja vikna.


**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, saksóknari í Vafningsmálinu svonefnda, fór fram á fimm og hálfs árs fangelsisdóm yfir Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, þegar málið var flutt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann krafðist fimm ára dóms yfir Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans.

Réttarhöldunum lauk í gær eftir munnlegan málflutning saksóknara og verjendanna tveggja. Þau stóðu samtals í þrjá og hálfan dag.

Hólmsteinn Gauti sagði í ræðu sinni sannað að Lárus og Guðmundur hefðu tekið ákvörðun um að lána Milestone jafnvirði tíu milljarða króna í febrúar 2008. Sú lánveiting hafi brotið gegn reglum bankans og skapað gríðarlega hættu á miklu fjártjóni, sem sannist meðal annars á því að enn hafi ekkert fengist upp í lánið.

Verjendur andmæltu þessu í ræðum sínum og sögðu alls ekkert liggja fyrir um að Lárus og Guðmundur hefðu tekið ákvörðunina um að lána Milestone. Þvert á móti hefði ekki eitt einasta vitni borið á þann veg.

Hólmsteinn rökstuddi refsikröfu sína með vísan til Exeter-málsins svokallaða, þar sem Jón Þorsteinn Jónsson og Ragnar Z. Guðjónsson fengu fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm fyrir umboðssvik sem námu einum tíunda af því sem um er að tefla í Vafningsmálinu.

Verjendur sögðu málin hins vegar ósambærileg, meðal annars þar sem fyrir lægi að Lárus og Guðmundur hafi ekki átt neinna persónulegra hagsmuna að gæta af láninu.

Hólmsteinn eyddi nokkru púðri í að rökstyðja að Vafningur, sem átti upphaflega að taka við láninu og fékk það raunar eftir að það hafði legið inni á reikningi Milestone yfir helgi, hafi í raun verið hluti af Milestone-samstæðunni.

Skúli Magnússon, einn þriggja dómara málsins, greip þá fram í fyrir honum og spurði hvaða máli þetta skipti fyrst ekki væri ákært fyrir Vafningslánið. „Ég vona að við séum hér staddir í sama málinu og ég sé ekki með vitlausa ákæru,“ sagði Skúli.

Verjendurnir gagnrýndu rannsóknina harkalega, sögðu aðalrannsakendurna vanhæfa, málið varla nema hálfrannsakað og að búinn hefði verið til glæpur sem aldrei hefði verið framinn.

Til stendur að kveða upp dóm í málinu 28. desember, klukkan tvö.

**visir.is**

Ítarlega var sagt frá málflutningnum á Vísi.is í gær. Nánar má fræðast um málið þar.


LÁTUM
FRIÐARLJÓSIÐ
LÝSA UPP AÐVENTUNA
FRIÐARLJÓS
HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR
Með því að kaupa FRIÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.
Hjálparstarf kirkjunnar
PIPAR\TBWA - 102975

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

www.volkswagen.is




3ja ára ábyrgð og allt að 200.000 km akstur

Volkswagen Crafter

Fyrir erfiðustu verkefnin

Crafter fer létt með að flytja fyrirhafnarlaust mjög þungan og fyrirferðarmikinn farm. Crafter er sterkbyggður sendiferðabíll og er búinn einstaklega sparneytnum dísilvélum með allri nýjustu tækni frá Volkswagen. Crafter er áreiðanlegur, sparneytinn og þrátt fyrir stærðina er hann mjög þægilegur í akstri og umgengni.

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

NÝTT

# Senseo®

## ILMANDI FERSKT GÆÐAKAFFI Á HVERJUM EINASTA DEGI




UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

## HEIMURINN




### Miður sín yfir símahrekk

**1 ÁSTRALÍA** Áströlsku útvarpsmennirnir, sem hringdu á spítalann sem Katrín hertogaynja dvaldi á í síðustu viku og þóttust vera Karl Bretaprins og Elísabet drottning, hafa beðist afsökunar á uppátækinu. Hjúkrunarfræðingurinn sem svaraði símtalinu frá þeim svipti sig að öllum líkindum lífi á föstudag, en opinber dánarorsök hefur ekki enn verið gefin út. Útvarpsmennirnir Mel Greig og Michael Christian komu fram í viðtölum í gær og sögðust miður sín yfir málinu. „Það líður ekki sú mínúta sem við hugsum ekki um fjölskyldu hennar og það sem þau hljóta að vera að ganga í gegnum,“ sagði Greig.

### Bera kennsl á mann sem féll af himni

**2 BRETLAND** Lögregla í vesturhluta London hefur óskað eftir hjálp almennings við að bera kennsl á mann sem fannst látinn á gangstétt í september. Í fyrstu var talið að maðurinn hefði verið myrtur. Svo komst lögreglan að þeirri niðurstöðu að hann hefði falið sig í hjólabúnaði flugvélar og fallið út þegar hjólin voru sett niður fyrir lendingu á Heathrow. Hann hafði engin skilríki en var með peninga frá Angóla í vasanum. Því er gengið út frá því að hann sé þaðan, en ekkert hefur gengið að komast að því hver hann var.

### Mandela enn á spítala



**3 SUÐUR-AFRÍKA** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, er enn á spítala. Engar upplýsingar hafa þó verið gefnar um hvað ami að hinum 94 ára gamla Mandela.

Mandela hefur verið á spítala síðan á laugardag, en miklar vangaveltur eru uppi um það hvað amar að honum og hvers vegna engar upplýsingar eru veittar um ástand hans. Málið var umfjöllunarefni leiðara í blöðum í gær.

Jacob Zuma, forseti landsins, hefur heimsótt Mandela á spítalann og segir hann hafa það gott.

# Rektor segir spegla bæta andrúmsloftið

Búið er að sækja um nýtt byggingarleyfi vegna glerveggs á austur- og vesturhlið Menntaskólans í Reykjavík. Rektor segir breytingarnar bæta aðstöðu í skólanum til muna. Leyfið var afturkallað í haust vegna óæskilegrar speglunar af veggnum.

**SKIPULAGSMÁL** „Nú í haust ræddu menn um gjörbreyttar aðstæður – allt annað líf, bæði hvað varðar töflunotkun og ekki síst þar sem litaða glerið heldur sólargeislum að miklu leyti úti. Það hefur verið okkur sérstaklega ánægjulegt að svona vel tókst til,“ segir í umsögn Lindu Rósar Michaelsdóttur, rektors Menntaskólans í Reykjavík, til skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar um hinn nýja glervegg skólans við Þingholtsstræti 18.

Linda segir alla aðstöðu fyrir framkvæmdirnar hafa verið erfiða bæði nemendum og kennurum. „Illa gekk að nota töflur og skjávarpa ef sólin skein og ef gardínur voru dregnar fyrir myndaðist algjörlega óviðunandi hitamolla í bæði kennslustofum og vinnustofum sem snúa út að Þingholtsstrætinu.“

Fréttablaðið greindi frá því í haust að byggingarleyfi fyrir umræddum framkvæmdum, sem fela mestmegnis í sér uppsetningu nýs gler- og álveggjar á austur- og vesturhlið skólans, var afturkallað vegna gagnrýni íbúa í nágrenninu. Veggurinn hafi virkað eins og spegill sem varð til þess að nágrannarnir hafi nánast horft beint inn um glugga hver annars, auk þess sem þeir voru „berskjaldaðir gagnvart gangandi umferð“.



**SPEGLAVEGGURINN** Rektor Menntaskólans í Reykjavík segir speglaglerið auka gæði kennslunnar innandyra.

Ekkert grenndarmat var gert á framkvæmdunum og var því úrskurðað að endurnýja leyfisferlið. Nú hefur svo verið gert.

Rektor óskar eftir því í umsögn sinni að byggingarleyfið verði samþykkt, þó hún taki það fram að skipulagsmál á svæðinu séu í raun ekki mál skólans.

Helgi Hjálmarsson skrifar umsögn fyrir hönd hönnuða veggjarins að fyrir liggi að talsverð speglun hafi verið af veggnum fyrir framkvæmdirnar og ættu þetta því ekki að vera miklar breytingar.

Umsókn um nýtt byggingarleyfi var lögð fram þann 23. nóvember síðastliðinn. sunna@frettabladid.is

> **Illa gekk að nota töflur og skjávarpa ef sólin skein og ef gardínur voru dregnar fyrir myndaðist algörlega óviðunandi hitamolla.**
>
> *Linda Rós Michaelsdóttir, rektor MR*



**DRAUMARÚM**

**30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM**

# SOFÐU VEL UM JÓLIN

Rafmagnsrúm
á verði frá
**190.049**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

Tvíbreið heilsurúm á
verði frá **129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

## JÓLATILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Jólatilboð á arineldstæðum
## 20-65% afsláttur







– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

**Opið frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.**

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# Hægt er að misnota nær allan reiðbúnað

Hestamenn rífast um ágæti tannröspunar og notkun méla með tunguboga. Ný rannsókn bendir til að mélin meiði. Hestamenn segja frekari rannsókna þörf. Skýrsluhöfundur vonar að mál þokist í rétta átt. Taka þurfi á undirliggjandi vanda.

**TÓMSTUNDIR** Hestamenn deila hart um ágæti þess að banna notkun stangaméla með tunguboga. Þannig eru líflegar umræður um málið og önnur munnmein hesta á spjallvef Hestafrétta.

Í nýlegri skýrslu Matvælastofnunar er lagt til að bregðast við áverkum í munni keppnishesta með því að banna slík mél. Skýrslan, sem var birt í byrjun mánaðarins, tók til skoðunar á keppnis- og sýningarhestum á Landsmóti hestamanna og Íslandsmóti í hestaíþróttum á þessu ári. Í ljós komu áverkar og erting í húð í tannlausu bili í munni hesta undan bitinu á mélið.

Sigurbjörn Bárðarson, hestamaður og knapi, segir að beita megi öllum búnaði illa og þannig að valdi skaða. „Hægt er að ganga of langt í notkun á næstum öllum reiðbúnaði. Veldur hver á heldur,“ segir hann og telur að frekari rannsókna sé þörf. „Ekkert hefur verið kannað hjá útreiðarmönnum hvort þessir áverkar séu almennir. Þetta þarf að kanna betur, en um leið full ástæða til að gefa gaum niðurstöðunni í tengslum við þetta mótahald.“

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun og höfundur skýrslunnar sem út kom í byrjun mánaðarins, telur að fullyrðingar um að tunguboga-mél meiði ekki nema í keppni séu ágiskanir. „Ég vil láta banna þetta í keppni því þar tel ég mesta hættu á að þessi mél skaði hesta. En ég tel að það geti líka gerst í almennri reið því allar sömu forsendur eru fyrir hendi. Menn geta sett sama þrýsting á hest í útreiðum og gert er í keppni. Í öllu falli þarf að nota þetta mjög varlega,“ segir hún.

## Skiptar skoðanir um tannröspun

Hestamenn ræða einnig í sínum hópi hvort verjandi sé að raspa tennur hesta, eins og hér hefur tíðkast áratugum saman. Telja sumir að með þessu séu hross kvalin og framkölluð í þeim tannpína. Aðrir segja að tannmein og hvassar brúnir tanna þurfi að raspa til þess að hross þrífist betur.

Sigurbjörn Bárðarson segir að í sumum tilvikum sé röspun nauðsynleg en vera kunni að fákunnátta hafi orðið til þess að einstaka hafi farið offari í röspun. „Þetta kallar frekar á upplýsingar og fræðslu um málið,“ segir hann.

Sigríður Björnsdóttir telur aftur á móti ljóst að ávinningur tannröspunar sem fyrirbyggjandi aðferðar skili sér ekki vel. Séu hestar hins vegar með undirliggjandi vanda í tönnum þurfi að skoða það sérstaklega. „Ég bið menn bara að vanda sig og sjá tækifærin í dýpri greiningum en festast ekki í röspuninni.“


SIGURBJÖRN BÁRÐARSON


SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Með því að banna umrædd mél gæti dregið mjög hratt úr meiðslum á kjálkabeini hesta, en það segir Sigríður bara einn þeirra þátta sem séu til skoðunar til að bæta munnheilsu hesta. Umræðan fari fram á vettvangi velferðarnefndar Landssambands hestamannafélaga og innan félagasamtaka.

Fram kemur á vef Matvælastofnunar að velferðarnefndin hafi nú lagt til að stangir með tunguboga verði bannaðar í tvö ár „og þá metið aftur hvort áverkar á tannlausa bilinu hafi minnkað“.

Aukin umræða um velferð hesta og endurskoðun á notkun á búnaði og aðbúnaði í keppni vonar Sigríður hins vegar að verði til góðs. „Ég trúi ekki öðru en að þokist í rétta átt,“ segir hún.

olikr@frettabladid.is


Gott færi
á nýju ári




Skíðaferð
Brunaðu til Austurríkis með alla fjölskylduna
50% afsláttur á flugi fyrir börnin

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, frá: 89.633 kr.

Innifalið er flug og gisting á Hotel Salzburgerhof með hálfu fæði.
Afslátturinn gildir á skíðapökkum í janúar 2013.

Bókanlegt á wowtravel@wowtravel.is
eða í síma 590 3000.

8. – 10. febrúar

Borgarferð
Alhliða ánægjuför til Köben
Flug, gisting, hafmeyja og öl

Verð á mann í tvíbýli, frá: 46.900 kr.

Innifalið er flug með sköttum, gisting í 2 nætur með morgunverði á Wakeup Copenhagen.

Bókaðu á wowtravel.is eða í síma 590 3000.

Tímabil: 7. jan. – 15. mars

Köben
Kíktu í kaupstaðinn

Verð á mann frá: 12.990 kr.

Innifalið er flug með sköttum.

Bókaðu á wow.is eða í síma 590 3000.

wowtravel.is
WOW air TRAVEL





# FLOTTU PLÖTUSPILARARNIR KOMNIR




**VERÐ**
***49.900,-***



* USB tengi – hægt að taka upp plötur
* Forrit fyrir PC og Mac fylgir
* Spilar 33, 45 og 78 snúninga
* Stereo hátalar
* RCA útgangur og tengi fyrir heyrnartól
* Hægt að tengja við iPod

## MYCONCEPTSTORE.IS

Verslun: innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 6699 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

# Fimm þúsund bréf vegna vanskila

Um fimm þúsund félög hafa enn ekki skilað inn ársreikningi. Skil hafa batnað og færri félög voru sektuð í ár en í fyrra. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga munu auka gagnsæi og fjölga úrræðum eftirlitsaðila. Tilgreina verður tíu stærstu eigendur allra félaga.

Um fimm þúsund félög, sem hafa ekki skilað ársreikningi vegna ársins 2011, fengu send boðunarbréf vegna þeirra vanskila um síðustu mánaðamót. Bregðist forsvarsmenn félaga ekki við og skila ársreikningum þeirra getur embætti ríkisskattstjóra lagt á þau sektir. Samkvæmt upplýsingum þaðan voru um 1.500 félög sektuð vegna vanskila á ársreikningum ársins 2010 og um 3.000 vegna ársins 2009.

Í frumvarpi um breytingar á lögum um ársreikninga, sem tekið var til annarrar umræðu í gær, eru lagðar fram ýmsar breytingar. Á meðal þeirra er sú að upplýst verði um tíu stærstu hluthafa hvers félags og eignarhlut þeirra í ársreikningum, en í dag þarf einungis að tilgreina þá aðila sem eiga meira en tíu prósenta hlut. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar kemur einnig fram að Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra (RSK) hefði lagt það til, í minnisblaði til nefndarinnar, að „undir gildissvið laga um ársreikninga yrðu felld samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðilar eru félög með takmarkaða ábyrgð.“ Ástæður þessa eru þær að mjög hefur færst í aukana á Íslandi að fyrirtæki breyti félagaformi sínu yfir í samlagsfélag. Þau eru nú um 1.500 og fjölgaði um 255 á þessu ári. Slík félög þurfa ekki að skila ársreikningum nema þegar allir eigendur þeirra eru lögaðilar. Í minnisblaði RSK segir að í mörgum tilfellum hafi sú leið verið farin að „félag með takmarkaða ábyrgð er látið bera persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum samlagsfélagsins“. Með þeim hætti sé því í raun um takmarkaða ábyrgð að ræða.




**BREYTINGAR** Ríkisskattstjóri leggur til að breytingar verði gerðar á skilum samlagsfélaga á ársreikningum og að tíu stærstu eigendur allra félaga verði tilgreindir í ársreikningi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Úrræðin gegn kennitöluflakki

Í nefndarálitinu er einnig fjallað um að auka þurfi eftirlitsúrræði embættis ríkisskattstjóra með skilum á ársreikningum. Meðal annars er lagt til að embættið fái heimild til að beita stjórnarmenn þeirra félaga sem ekki skila inn ársreikningum fésektum eða afskrá félögin með þeim afleiðingum að skuldir þeirra færast yfir á eigendur þeirra. Í dag er hægt að sekta félögin sjálf fyrir að skila ekki inn ársreikningnum en ekki stjórnarmenn eða eigendur. Þá er einnig vonast til þess að úrræðin muni gagnast vel í baráttunni gegn kennitöluflakki.

### Vanskil dragi úr tiltrú á atvinnulífið

Viðskiptaráð Íslands lagði á það áherslu við meðferð málsins fyrir nefndinni að hún myndi kalla eftir hugmyndum frá ríkisskattstjóra um hert viðurlög vegna vanskila á ársreikningum. Í nefndarálitinu segir að Viðskiptaráð telji „að umfangsmikil vanskil ársreikninga dragi úr tiltrú á atvinnulífið, bæði hér heima og erlendis, og hafi neikvæð áhrif á viðskipti, viðskiptakostnað og viðskiptakjör“.

thordur@frettabladid.is

## Upplifir viðhorfsbreytingu

Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráasviðs Ríkisskattstjóra, segist hafa upplifað mikla viðhorfsbreytingu til þess að halda almennilega ársreikningaskrá hérlendis. „Þessi viðhorfsbreyting kom í kjölfar þess að innan viðskiptalífsins áttuðu menn sig á því að þeir voru ekki að fá greiðslutryggingar erlendis þar sem var litið á Ísland sem einhvers konar platþjóðfélag. Eitt af því sem er nauðsynlegt fyrir íslenskt viðskiptalíf er að hafa góða ársreikningaskrá.

Árið 2010 hófum við kerfisbundið að sekta þá sem voru ekki að skila ársreikningum. Við höfum líka birt opinberlega upplýsingar um þá sem hafa ekki verið að skila og fundið að félög vilja ekki vera á þessum lista. Þetta er því allt að breytast mjög í rétta átt. Skil á reikningum eru að batna og þeir berast fyrr en áður.“




BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2013 BÍLABLAÐAMANNA

GLÆSILEG VIÐURKENNING!

Bílablaðamenn Íslands hafa valið Hyundai Santa Fe jeppa ársins 2012 fram yfir alla aðra jeppa á markaðinum. Komdu í heimsókn til okkar strax í dag og fáðu að prufukeyra glænýjan Santa Fe. Við erum með heitt á könnunni og gómsætar pipakökur.

**Í desember fylgir mjög veglegur jólabónus með öllum nýjum Hyundai.**

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070



66°
NORÐUR
Jakki fyrir herra, fjöll og kaffihús
Eldborg er nýr klæðskerasniðinn herrajakki og alhliða útivistarflík sem má nota allan ársins hring. Klassískt snið og vönduð hönnun gera Eldborg að einstökum jakka sem hentar jafnt á fjöllum, ferðalögum og í erilsömu borgarlífinu.
magazine.66north.is
Eldborg er vinningshafi
Apex Award árið 2012
POLARTEC
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Miklu meira þarf til að stöðva hnattræna hlýnun:

# Haldið í vonina

Niðurstaða loftslagsráðstefnunnar í Doha í Katar gengur miklu skemur en þeir hefðu óskað, sem vilja að ríki heims taki höndum saman um raunverulegar aðgerðir til að stöðva hlýnun loftslags á heimsvísu. Þar náðist ekki samkomulag um nein meiriháttar ný markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Árangur fundarins í Doha felst fyrst og fremst í tvennu. Í fyrsta lagi er gildistími Kyoto-bókunarinnar framlengdur um átta ár, fram til 2020. Þannig er eini lagalega bindandi samningurinn um loftslagsmál áfram í gildi, sem hefur líklega fyrst og fremst táknræna merkingu. Það hefur nefnilega kvarnazt úr þeim hópi iðnvæddra ríkja, sem í upphafi stóð að Kyoto-bókuninni. Bandaríkin staðfestu hana aldrei og nú hafa Rússland, Kanada og Japan sömuleiðis gengið úr skaftinu. Ríkin sem standa að bókuninni losa samanlagt aðeins um 15% gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Í öðru lagi er að því stefnt að innan þriggja ára verði gerður nýr, lagalega bindandi samningur þar sem öll ríki, jafnt iðnríki sem þróunarríki, taki á sig skuldbindingar um að draga úr losun. Aðeins þannig er hægt að koma böndum á losun þeirra ríkja þar sem mengunin vex hraðast í dag, til dæmis Kína og Indlands. Það krefst þess hins vegar að ríku löndin hjálpi til með stuðningi við loftslagsvæna tækni.

Þannig má segja að niðurstaðan í Doha þýði að enn megi halda í vonina um að það takist að snúa þróuninni við og koma í veg fyrir að hitastig á jörðinni hækki um meira en tvær gráður, en víðtæk samstaða er meðal vísindamanna um að meiri hlýnun muni hafa afar skaðvænleg áhrif.

Samkomulag árið 2015 er alls ekki í hendi. Saga loftslagsviðræðna undanfarinn hálfan annan áratug sýnir að gríðarlegir sérhagsmunir ríkja og atvinnugreina vinna gegn heildarhagsmunum mannkynsins af því að taka loftslagsvæna tækni í þjónustu sína og hætta að brenna jarðefnaeldsneyti í stórum stíl. Ef nýr samningur á að nást saman á tilskildum tíma þannig að hann geti tekið gildi árið 2020, eins og stefnt er að, þarf almenningur í ríkjum heims að þrýsta miklu meira á ráðamenn en hingað til.

Ísland getur verið stolt af að vera í hópi þeirra ríkja sem áfram halda tryggð við Kyoto-bókunina. Ísland hefur sömuleiðis bundið trúss sitt við framsæknustu ríkin í loftslagsmálum, Evrópusambandsríkin og Króatíu, sem taka á sig sameiginlega skuldbindingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20% á tímabilinu 1990-2020.

Ísland nýtir ekki lengur sérstöðu sína varðandi endurnýjanlega orku til að sækjast eftir undanþágum og sérlausnum í loftslagsmálum, heldur ber sömu byrðar og önnur ríki. Enda er það svo að þrátt fyrir alla endurnýjanlegu, hreinu orkuna okkar er Ísland í hópi ríkja sem nota hvað mest jarðefnaeldsneyti á mann.

Við þurfum að taka til hendinni heima fyrir, en líka að miðla þekkingu okkar til ríkja sem standa verr að vígi. Verkefni um stórfellda nýtingu jarðhita í Austur-Afríkuríkjum, sem Ísland stendur að ásamt Norræna þróunarsjóðnum, er dæmi um hvað við getum gert.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Snákur í paradís

Tilveran hverfist um andstæður, samkvæmt sumum heimspekikenningum, og fyrir hvert fyrirbæri er til andfyrirbæri þess. Nægir að horfa til himnaríkis og helvítis í því ljósi. Sé eitthvað að marka Pál Vilhjálmsson, framkvæmdastjóra Heimssýnar, hefur helvíti hlutgerst hér á jörðu og heitir í dag Evrópusambandið. Andstæðan, And-ESB, er tilveran eins og Páll boðar hana, himnaríki án afskipta ESB. Nú virðist hins vegar vera kominn snákur í paradís, því formaður Heimssýnar, Ásmundur Einar Daðason, hefur ítrekað að skoðun Páls um að nauðsynlegt sé að þurrka VG af þingi sé ekki stefna Heimssýnar.



### Lítt iðrandi syndari

Páll greinir frá þessu á bloggsíðu sinni, en ekki er að sjá að honum þyki mikið til yfirlýsingar formannsins koma. Páll skrifar eftirfarandi inngang að yfirlýsingunni: „Þá vitum við það: Heimssýn styður alla stjórnmálaflokka jafnt og gerir ekki upp á milli þeirra. Ætli Heimssýn komi til greina til friðarverðlauna Nóbels á næsta ári?“ Svo mörg voru þau orð. Víst er að í sæluríki Páls á auðmýktin ekki samastað.



### Þórðargleði

Á hinum póli ESB-ássins eru Evrópusamtökin, en á vef þeirra má greina þórðargleði yfir uppákomunni hjá Heimssýn. Þar er birtur pistill í gær þar sem ófögrum orðum er farið um lýðræðisandúð sumra Heimssýnarmanna og sagt að þar séu sumir „hreinlega að „drepast“ úr lýðræðisást!“ Að lokum segir: „Fyrir þá sem telja opna og fjölbreytta umræðu aðalsmerki lýðræðis er það alveg ljóst í hvaða samtökum þeir eiga ekki heima!“ Pistlar Páls voru reyndar ágætis dæmi um opna og fjölbreytta umræðu, en einhver ætti að segja Evrópusamtökunum að þórðargleði er sjaldan falleg.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Hart í bak“

STJÓRNMÁL



**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra

Ein af aðalpersónunum í leikritinu Hart í bak eftir Jökul Jakobsson er „Strandkapteinninn“. Kapteinn þessi er sagður hafa kallað: „Hart í bak!“ til rórmannsins um leið og kapteinninn renndi skipi sínu á fullum dampi upp á sker. Leikrit Jökuls fjallar ekki um strandið heldur um framvindu mála eftir strand.

Við Íslendingar höfum sl. fjögur ár verið allt í senn – leikarar, áhorfendur og sviðsmenn í sams konar leikriti – eftir strandið. Í sjálfu strandinu snerist málið um þjóðarskútuna og strandkapteininn, Sjálfstæðisflokkinn, sem sigldi þjóðarskútunni í stórastrand eftir samfellda átján ára skipstjórn. Að vísu mun sá „strandkapteinn“ aldrei á allri þeirri vegferð hafa kallað: „Hart í bak“ (þ.e. krappt til vinstri), heldur í sífellu tuldrað sömu fyrirmælin: „Hart í stjór!“ (m.ö.o.: Krappt til hægri). Önnur stefna var einfaldlega ekki til á hans siglingakorti. Það var svona „einstefnukort“. „Krappt í stjór!“ kallaði sá strandkapteinn líka þegar þjóðarskútan fór á fullu stími upp á skerið. Af hlaust stærra tjón en sagan kann frá að greina á meira en ellefu alda siglingu þjóðarskútunnar – en mannbjörg varð. Áhöfnin hélt lífi – líka strandkapteinninn. Svona naumlega.

Leikritið okkar hefur nú í fjögur ár fjallað um eftirleikinn. Öfugt við strandkapteininn hans Jökuls er strandkapteinninn okkar stöðugt að heimta að sér verði trúað fyrir skipsstjórninni aftur. „Þau geta þetta aldrei. Bara ég!“ hrópaði strandkapteinninn í okkar leikriti þegar þjóðin sótti aðra stjórnendur til þess að losa þjóðarskútuna af skerinu. „Þau rata þetta aldrei. Bara ég!“ hrópaði hann þegar aðrir fóru að sigla þjóðarskútunni út úr skerjagarðinum. „Ég hefði gert þetta svo miklu fljótar og betur!“ var kallað þegar komið var á auðari sjó. „Nú get ég – og ég einn“ er svo viðkvæðið núna. „Nú rata ég. Hart í stjór! Krappt til hægri!“

> **➜ Leikritið okkar hefur nú í fjögur ár fjallað um eftirleikinn. Öfugt við strandkapteininn hans Jökuls er strandkapteinninn okkar stöðugt að heimta að sér verði trúað fyrir skipsstjórninni aftur.**

Mikið er langlundargeð okkar Íslendinga. Svo má nú segja! Svo mikið að strandkapteinar geta jafnvel fengið að reyna sig aftur. Bara fjórum árum eftir strandið. Fullreynt ekki fyrr en þríreynt er! „Hart í stjór, góðir hálsar!“

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tillögur að skipulagi heilbrigðisþjónustu á Íslandi

**HEILSA**
**Teitur Guðmundsson**
læknir



Ég skrifaði grein nýverið um framtíð heilbrigðisþjónustu hérlendis og velti vöngum yfir því hvað væri skynsamlegt að athuga í því samhengi. Þessi grein er áætlað framhald hennar með innleggi í umræðuna sem hefur verið undanfarið. Allar götur síðan ég kom heim úr námi árið 1999 hefur verið býsna neikvæð umræða um heilbrigðisþjónustu. Þá þykir mér hún hafa aukist til muna síðastliðin ár eða frá kreppu og má líklega setja almenna vanlíðan og öryggisleysi samfara umfjöllun um skuldavanda heimila, fyrirtækja og ríkis að einhverju leyti í samhengi við það. Ítrekaðar frásagnir eru af sparnaði, lélegum tækjakosti og húsnæði, slælegum aðbúnaði starfsmanna, lélegum launum og svona mætti lengi telja. Það sárvantar að ræða hið góða og benda á jákvæða hluti sem eru að gerast alla daga líka í heilbrigðisþjónustunni. Þá má ekki gleyma að reikna þjóðhagsleg áhrif af góðri heilbrigðisþjónustu og fara að líta á það sem hagnað fremur en endalausan kostnað eins og okkur hættir til að gera.

Við megum ekki gleyma því að þrátt fyrir allt erum við smáþjóð sem ber sig saman við þær allra stærstu og við krefjumst almennt þess að lífsgæði okkar séu sambærileg á við þær og helst betri. Ég vil reyndar meina að á margan hátt séum við öfundsverð, en auðvitað er margt sem betur mætti fara. Í þessu ljósi er rétt að átta sig á því að við getum ekki keppt í öllum greinum læknisfræðinnar sökum skorts á fjölda sjúklinga til að viðhalda færni og þjálfun fyrir utan þá augljósu staðreynd að við eigum ekki þann tækjakost sem til þarf, hvað þá húsnæði sem stenst kröfur nútímans. Við því þarf að bregðast með stefnumörkun.

**Fagfólk á heimsmælikvarða**

Ég tel að við eigum fagfólk á heimsmælikvarða, þá sérstaklega þegar kemur að ósérhlífni, samstöðu og þeim séríslenska eiginleika að láta hlutina „reddast" eða ganga upp. Það er nefnilega þess vegna sem heilbrigðiskerfið er jafn gott og raun ber vitni. Við heilbrigðisstarfsmenn sættum okkur ekki við annað en að leggja okkur fram um að ná sem bestum árangri hverju sinni, en það læðist óneitanlega sá grunur að manni að verið sé að bregða fæti fyrir okkur á stundum með misgáfulegum ákvörðunum. Samráð er af skornum skammti og alþingismenn, meira að segja fyrrum velferðarráðherra, standa í niðurskurði en leggja á sama tíma til að skoðuð verði niðurgreiðsla til græðara, einfaldlega vegna persónulegrar reynslu einhvers þeirra. Allt þetta þegar ekki einu sinni er búið að tryggja niðurgreiðslu hefbundinna faga eins og tannlækninga eða sálfræðiþjónustu.

> Samræma þarf betur þjónustu sérfræðilækna, sjúkrahúsa, heilsugæslu, sálfræðinga, sjúkraþjálfara og annarra fagstétta í heilbrigðisþjónustu með einu upplýsingakerfi, þannig sparast miklar fjárhæðir, upplýsingar verða miðlægar, meðferð batnar og öryggi sjúklinga eykst.

En hvernig ætti heilbrigðisþjónustan að vera? Flest erum við sammála því að heilsugæslan ætti að vera fyrsti viðkomustaður þess sem leitar eftir þjónustu og að hún geti þá sinnt þeim þörfum sem skilgreindar eru af notendum hennar. Hingað til hefur slík skilgreining ekki verið sett fram af hálfu notenda svo mér sé kunnugt um heldur hafa fagaðilar og stjórnendur lagt línurnar nær eingöngu og liggur vandi „þjónustuveitandans" mögulega í þeirri þversögn að telja sig vita hvað notandinn vill en leita ekki eftir slíkum upplýsingum. Við eigum einnig að skoða hverjar þarfir fagaðilanna eru og reyna að samræma þessi sjónarmið líkt og gerist í öllum rekstri. Sömu nálgun þarf varðandi sjúkrahúsþjónustu og alla stoðþjónustu svo hægt sé að átta sig á samhengi hlutanna.

Sjúklingar ættu að eiga það sem kalla mætti „þjónustufulltrúa" sem mætti jafnvel vera rafrænn þar sem þeir gætu nálgast sínar upplýsingar, tímabókanir, geymt lyfjakort, helstu greiningar, rannsóknarsvör, lækna, staðsetningar, símanúmer og upplýsingar um þær forvarnir sem viðkomandi ætti að horfa til samkvæmt klínískum leiðbeiningum. Allt þetta krefst auðvitað þess að við höfum samtengda rafræna sjúkraskrá, en allar þessar upplýsingar liggja nú þegar fyrir. Einungis þarf að leysa hvernig á að birta þær skjólstæðingnum sjálfum eða fulltrúa hans.

**Samræma þarf sjúkraskrá**

Við þurfum að auka afköst á sama tíma og við verðum að tryggja gæðin, það gerist með hvatakerfum, góðu eftirliti og tölvukerfi sem uppfyllir væntingar. Nú er mikið rætt um nauðsyn þess að byggja nýtt sjúkrahús sem kostar milljarðatugi og er líklega góð fjárfesting til lengri tíma litið, en við höfum ekki enn náð því að samræma sjúkraskrá sem ég myndi setja í algeran forgang umfram allt annað í heilbrigðisþjónustunni í dag vegna þess tiltölulega litla kostnaðar sem því fylgir og þess mikla hagræðis og framtíðartækifæra sem það gefur okkur.

Þá þarf að leysa mönnunarvanda landsbyggðarinnar þar sem ekki hafa fengist læknar til starfa á sumum stöðum nema í gegnum afleysingar sem er dýrari kostur og verri samfella þjónustu. Mögulega væri slíkt gert með því að taka aftur upp héraðsskyldu eins og tíðkaðist forðum. Ég tel þó betra að veita þjónustuna á afmörkuðum svæðum með vaktarúllu bráðatækna (paramedics) og vel þjálfuðum hjúkrunarfræðingi (nurse practicioner) með stuðningi miðlægrar fjarskiptaþjónustu þar sem læknar væru til ráðgjafar allan sólarhringinn jafnvel með myndsímatækni. Slík eining þar sem símaþjónusta fyrir allt landið væri samhæfð og tímabókanir jafnvel líka myndi skila mikilli hagræðingu og yfirsýn. Þá þyrfti að efla upplýsingagjöf til almennings og veita leiðbeiningar um það hvernig á að nálgast heilbrigðisþjónustu með miðlægri vefsíðu, í gegnum símaráðgjöf, auglýsingar og upplýsingabækling á hvert heimili. Þá tel ég nauðsynlegt að gera almenningi kleift að átta sig á kostnaði vegna veittrar heilbrigðisþjónustu þó greiðsluþátttaka aukist ekki endilega. Það eykur virðingu fyrir þjónustunni og gerir hana að lokum skilvirkari. Dæmi um þetta er að kostnaður vegna heilsugæslu og sjúkrahússþjónustu er að mestu falinn og kemur ekki fram á reikningi skjólstæðings, en hann er sýnilegur á reikningum sérfræðilækna á stofu, þessu þarf að breyta.

Samræma þarf betur þjónustu sérfræðilækna, sjúkrahúsa, heilsugæslu, sálfræðinga, sjúkraþjálfara og annarra fagstétta í heilbrigðisþjónustu með einu upplýsingakerfi, þannig sparast miklar fjárhæðir, upplýsingar verða miðlægar, meðferð batnar og öryggi sjúklinga eykst til muna sem hlýtur að vera meginmarkmiðið í því skyni að veita góða og skilvirka heilbrigðisþjónustu.



# Grunnskólinn. Fagmennska eða fúsk?

MENNTAMÁL



**Arnar Ævarsson**
M.Sc. í kennslufræðilegri skilvirkni og stefnumótun.

**➜ Stjórnendur og ekki síður kennara vantar faglegan stuðning við mat á skólastarfi. Ytra mat er lítið sem ekkert.**

Hlutverk og staða grunnskólans þarfnast skoðunar. Skilvirkt skólakerfi á að vera staðreynd á Íslandi, en ekki eilífur draumur.

Góður skóli – Slæmur skóli? Einu upplýsingarnar sem liggja fyrir til að meta gæði skóla er útkoma á samræmdum prófum. Annað mat á skólastarfi er mjög takmarkað.

Innra mat á skólastarfi er framkvæmt með mjög mismunandi hætti og ljóst að þar liggja tækifæri til að gera betur. Þekkingu innan skóla til að framkvæma og nýta innra mat með skilvirkum hætti er oft ábótavant. Stjórnendur og ekki síður kennara vantar faglegan stuðning við mat á skólastarfi. Ytra mat er lítið sem ekkert, sex skólar á ári á vegum ráðuneytis menntamála. Það tæki um þrjátíu ár að meta alla skóla með þessu áframhaldi. Starfshættir kennara í kennslustofunni hafa aldrei verið metnir formlega hjá 70% kennara, aldrei.

Með lagabreytingu 2008 á grunnskólalögum, var úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla færð frá ráðuneyti menntamála til skólanefnda sveitarfélaga. Skólanefndir eiga að tryggja að innra mat í grunnskólum sé framkvæmt samkvæmt lögum, og eiga líka að leggja mat á að það sé gert með fullnægjandi hætti, allt á sömu hendi. Skólanefndir eru beggja vegna borðsins sem er furðulegt í ljósi þess að fyrir lagabreytingu þá hafði ítrekað meirihluti sjálfsmatsskýrslna ekki staðist úttekt menntamálaráðuneytis, úrskurðaður ófullnægjandi. Get ekki séð faglega réttlætingu á hví úttektin var færð til þeirra sem höfðu áður ekki fullnægt þeirri skyldu sem af þeim var ætlast samkvæmt lögum. Þetta er 2007 bragur á eftirliti menntamála.

### Upphaf skólagöngu.

Fyrsta/fyrstu ár nemenda í skólanum eru mikilvæg. Mikilvæg til að byggja upp jákvætt viðmót nemenda fyrir námi. Að líða vel í skólanum er mikilvægt. Hollendingar fara áhugaverða leið en sonur minn fjögurra ára er þeirrar gæfu aðnjótandi að stíga sín fyrstu spor á sinni skólagöngu hér í Hollandi. Skólaskylda er frá fimm ára aldri en börn mega byrja fjögurra ára, langflest gera það. Foreldrar geta valið skóla fyrir sitt barn, ekki bundnir hverfi né gerð skóla. Hollenska leiðin tekst á við þann fjölbreytileika sem býr í hverju barni og gefur barninu tíma til að finna sig, standa í lappirnar frá byrjun, öllum. Fyrstu tvö árin eru hugsuð til að undirbúa nemendur, kenna grunn í lestri, stærðfræði o.þ.h. en ekki síður að styrkja þau félagslega og kveikja áhuga og forvitni nemenda fyrir skóla/námi. Markmiðið er að allir nemendur verði tilbúnir til að takast á við námið að fullu fyrir 3. bekk, þá 6 ára gömul hér. Barnið er miðpunkturinn í öllu ferlinu og unnið með þarfir þess í nánu samstarfi við foreldra. Að byggja góðan grunn er lykilatriði til að ná árangri.

Hollendingar státa einnig af langri hefð í mati á skólastarfi, frá 1801 hefur skipulagt ytra mat á skólastarfi verið í framkvæmd. Allir skólar eru metnir á fjögurra ára fresti af ytra mati. Skólar eru merktir sem „slakir“ skólar ef ástæða er til, enginn feluleikur. Upplýsingar eru öllum aðgengilegar á heimasíðu menntamála og skóla. Þú sem foreldri ert vel upplýstur um stöðu og gæði skóla.

REYKJAVÍKURBORG



Gerum leiðina greiðari

Við hvetjum íbúa borgarinnar til að huga að trjágróðri í görðum sínum. Vel sprottin tré eru augnayndi en gætum þess að gróðurinn seilist ekki út á gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki þurfa að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Skólabörn, hjólreiðafólk og aðrir vegfarendur þurfa að komast leiðar sinnar og eins er mikilvægt að snjómoksturstæki geti hindrunarlaust rutt snjó af gönguleiðum.

**Tökum höndum saman** – og hugsum út fyrir garðinn, snyrtum trén svo að leiðin sé greið allt árið!

Reykjavíkurborg 6. september 2012

Reykjavíkurborg | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is

# Verður heilbrigðisstarfsfólk klónað?

KJARAMÁL



**Auður Finnbogadóttir**
mamma sem styður kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga.

**➜ Ráðamenn verða að fara að forgangsraða, eða getur hátæknisjúkrahús klónað starfsfólk?**

Síðustu viku hef ég verið sorgmædd og hrædd. Laugardaginn 1. desember fékk yndislegi dregurinn minn, Finnbogi Örn sem er 11 ára, heilablóðfall. Hann lamaðist hægra megin og missti málið sitt. Finnbogi Örn hefur oft háð baráttu á sinni stuttu ævi. Hann er með Down‘s heilkenni, hann fór í hjartaaðgerð þriggja mánaða í London og aðra í Lundi í apríl sl. svo við höfum meiri reynslu en við kærum okkur um vegna veikinda.

Finnbogi Örn býr yfir ótrúlegum styrk, hann hefur nú á viku náð mjög miklum krafti í líkamann sinn og málið að langmestu komið aftur. Eftir miklar rannsóknir kom orsök veikindanna í ljós, veikleiki í ósæð sem orsakar blóðtappa sem fara upp í heila. Finnbogi er enn mjög veikur og ekki er ljóst hvernig framhaldið verður varðandi hans veikindi. Við erum á Barnaspítalanum og verðum áfram. Vegna þessa er ég sorgmædd og hrædd.

Það sem eykur verulega á áhyggjur mínar er sú staða sem er á Landspítalanum. Fjölmargir læknar hafa hætt, flutt til annarra landa og tekið með sér sína sérþekkingu. Mikill fjöldi lækna á Landspítalanum vinnur hluta úr mánuðinum í útlöndum svo það er aldrei alveg víst hver er á landinu þá stundina. Nú um mánaðamótin sögðu 240 hjúkrunarfræðingar upp og munu hætta að óbreyttu 1. mars næstkomandi.

### Ómanneskjulegt álag

Álagið á starfsfólk Landspítalans í dag er ómanneskjulegt. Það er þvílíkur munur á álaginu á barnadeildinni hér eða á deildinni sem við vorum á í Svíþjóð í apríl. Margar aðrar deildir eru örugglega miklu verr staddar. Starfsfólkið reynir að láta okkur ekki finna að það sé mikið álag en við sjáum það og vitum betur. Við höfum viðmið. Hvað gerist ef 240 hjúkrunarfræðingar hætta?

Í hádeginu sat ég í veitingasölunni á Barnaspítala Hringsins og dáðist að þeim flottu Hringskonum sem þar vinna allt í sjálfboðavinnu. Þessar hetjur byggðu þennan spítala, ekki ríkið. Í veitingasölunni sat hópur af læknanemum einnig að borða. Ungt flott fólk sem er að stíga sín fyrstu spor í sloppunum hvítu. Meðan ég borðaði fletti ég blöðunum og las hverja fyrirsögina á fætur annarri um afskriftir lána, gjaldþrota fasteignasala sem kaupir eignir eins og ekkert sé og síðan hátæknisjúkrahús. Ég horfði yfir hópinn af læknanemunum og velti fyrir mér hversu margir þeirra sjá framtíð sína hér á þessum spítala, eða hreinlega á þessu landi.

### Það verður að forgangsraða

Nú varð ég reið. Ekki bara sorgmædd og hrædd. Ég er reið yfir því að það sé ekki hægt að borga þessu verðmæta heilbrigðisstarfsfólki mannsæmandi laun. Ég kemst ekki hjá því að velta því fyrir mér þegar Vigdís hjúkrunarfræðingur stendur og stappar í okkur stálinu, Anna tekur blóðprufu með ótrúlegri natni eða Hanna kveður okkur með fallegum kveðjum fyrir helgina, hvort þær hafi sagt upp.

Það verður að forgangsraða, það verður að borga heilbrigðisstarfsfólki mannsæmandi laun fyrir vinnuna sína svo við getum haldið uppi þeirri heilbrigðisþjónustu sem þarf. Sem dæmi, til hvers þurfum við hátæknisjúkrahús ef við höfum svo ekkert heilbrigðisstarfsfólk sem getur eða vill vinna þar? Ráðamenn verða að fara að forgangsraða, eða getur hátæknisjúkrahús klónað starfsfólk? Byrjum á að halda fólki og borga því mannsæmandi laun!

# Framgangskerfi hjúkrunarfræðinga

STARFSÞRÓUN



**Sigurveig Magnúsdóttir**
hjúkrunarfræðingur

**➜ Auk þess er það ákaflega óreglulegt hvaða námskeið er boðið upp á og veit ég dæmi þess að framgangur launa hefur verið í biðstöðu…**

Ég hef tilheyrt hjúkrunarstéttinni frá árinu 2006 og þar af unnið í fimm ár á Landspítalanum. Þar sem ég hef aldrei tilheyrt annarri stétt hef ég hugleitt hvort starfsþróun annarra stétta sé með sama móti og hjá hjúkrunarfræðingum Landspítalans.

Nýjasta starfsþróunarbók Landspítalans, 5. útgáfa, er síðan 2011. Samkvæmt henni þarf ég að meta sjálfa mig, telja til námskeið, fyrirlestra og verkefni sem ég hef sinnt á 18 blaðsíðum. Af þeim námskeiðum sem eru í boði eru sjö skyldunámskeið, og á blaðsíðu 17 stendur að að lágmarki skuli sækja fimm fyrirlestra/námskeið sem tengjast starfi hjúkrunarfræðinga.

### Óreglulegt námskeiðahald

Það er jákvætt að boðið sé upp á námskeið og stöðuga fræðslu en, eins og kollegi minn Arnfríður Gísladóttir segir í grein sinni sem birtist í Fréttablaðinu 27. september síðastliðinn, eru sum námskeið tímasóun og hrein móðgun að boðið sé upp á þau. Auk þess er það ákaflega óreglulegt hvaða námskeið er boðið upp á og veit ég dæmi þess að framgangur launa hefur verið í biðstöðu vegna þess að skyldunámskeið hafa ekki verið í boði þegar á þarf að halda.

Þannig er hægt að halda launum niðri og eru þess dæmi að hjúkrunarfræðingar sem hafa unnið lengi á Landspítalanum og eru mjög færir í því sem þeir gera geta ekki hækkað í launum nema sækja námskeið eins og: „Að vera hjúkrunarfræðingur í starfslýsingu C/D“, sem er í raun námskeið eða lýsing á því sem þessir sömu hjúkrunarfræðingar hafa verið að vinna við og þekkja út og inn.

### Til háborinnar skammar

Þetta finnst mér vera til háborinnar skammar og vil eindregið að sé breytt. Af samtölum mínum við aðra hjúkrunarfræðinga hef ég jafnframt heyrt og fundið að þeir eru fyllilega sammála mér. Spurningin er þannig hver tilgangur þessarar „starfsþróunar“ í raun og veru er. Viðgengst þetta fyrirkomulag hjá einhverri annarri sambærilegri stétt?

# Toys R Us

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 30% afsláttur

## af öllum tónlistarvörum



Tilboðin gilda 11-13.12.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600

**KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

# Enn höggið í sama knérunn

MENNTAMÁL



**Jórunn Tómasdóttir**
kennari við FS.

Eins og málin horfa við þessa stundina benda allar líkur til þess að Fjölbrautaskóli Suðurnesja sé nauðbeygður til að draga saman seglin, synja nemendum um skólavist á næstu önnum og segja upp starfsfólki. Hver er ástæðan? Skólastjórnendur FS og menntamálaráðuneytið greinir á um þær. Ráðuneyti telur sig ekki geta aðhafst, að sinni, til að mæta þeim vanda sem fulltrúar skólans hafa kynnt og ekki sé unnt að bregðast við breytingum miðað við þær forsendur sem fyrir liggja.

Skólastjórnendur FS telja sig hafa sýnt fram á að framlag ríkisins á ársnemanda sé hærra í öllum samanburðarskólunum. Þá greinir einnig á við ráðuneytið um að ástæðan fyrir lítilli hækkun á ársframlagi á hvern nemanda liggi í minnkandi þörf fyrir þjónustu á starfsbrautum eða fækkun á nemendum í hægferðum eða á almennri braut, þvert á móti. Það er með öllu óásættanlegt að fá ekki skýr svör við ábendingum skólans sem kynntar voru ráðuneytinu í byrjun mars sl. Endurskoða verði allar áætlanir skólans í ljósi stórfellds niðurskurðar, á sama tíma og skólanum er ætlað að taka virkan þátt í mótvægisaðgerðum vegna ástandsins hér á Suðurnesjum, sem krefst enn frekari útgjalda.

### Hið félagslega hlutverk

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er stærsti vinnustaður sveitarfélagsins. Hann hýsir nú um 1100 nemendur á aldrinum 16-20 ára. Eins og fyrr greinir er allt útlit fyrir að synja þurfi fjölmörgum nemendum um skólavist á vorönn og jafnvel líka á haustönn 2013 vegna þess að fé skortir til þess að reka skólann.

Á Suðurnesjum er gífurlegt atvinnuleysi sem hefur margháttaðar alvarlegar afleiðingar bæði fyrir þann sem missir vinnuna, fjölskyldu hans og allt hans nánasta umhverfi. Fyrir stuttu kom út skýrsla þar sem segir að heimilisofbeldi sé mest á Suðurnesjum. Langvarandi atvinnuleysi leiðir til fátæktar, vanlíðunar, heilsubrests og félagslegrar einangrunar, aðstæður sem gjarna geta af sér ofbeldi. Margir nemendur FS eiga um sárt að binda vegna atvinnuleysis heima fyrir.

Margir nemendur eru í FS vegna eigin atvinnuleysis. Skólinn hefur orðið þessum nemendum n.k. félagslegt úrræði, skjól á erfiðum tímum. FS hefur verið virkur þátttakandi í verkefnum ríkisvaldsins og úrræðum gegn atvinnuleysi og tekið inn nemendur í samstarfi við Vinnumálastofnun. Í staðinn fyrir að sjá engan tilgang með því að fara á fætur á morgnana annan en að mæla götur eða að vera í tölvuleikjum daginn út og inn fara þeir í skólann og eru þar í ákveðinni rútínu og félagslegu samneyti við annað fólk. Skiptir þetta félagslega hlutverk skólans engu máli í því mannfjandsamlega ástandi sem ríkir í samfélaginu? Getur ríkisvaldið bara horft kalt á þreyttar einingar og veitt fé til skólans samkvæmt einhverju reiknilíkani sem margir telja að sé meingallað? Hvers virði er líf og framtíð ungmennanna sem ekki munu fá skólavist í FS á næstu önnum, vegna fjárskorts, og ekki munu komast í nokkra vinnu heldur, vegna atvinnuskorts? Hefur ríkisvaldið eitthvert reiknilíkan til að reikna það út?

### Manngildið að leiðarljósi

Skýring stjórnvalda er sú að ekki sé til fé. Hver hugsandi maður veit að hér varð hrun. Hver hugsandi maður veit líka að það er nauðsynlegt að forgangsraða í fjármálum. Er það rétt forgangsröðun að hlúa ekki að æsku þessa lands, einkum og sér í lagi nú þegar illa árar? Er meira um vert að grafa göng gegnum fjöll fyrir nokkrar blikkbeljur? Höfum við efni á því sem þjóð, jafnt fjárhagslega sem siðferðilega, að synja fjölmörgum nemendum um skólavist á næstu önnum eins og sakir standa? Niðurskurður fjármagns til Fjölbrautaskóla Suðurnesja grefur enn frekar undan þeim sem verst eru staddir á þessu svæði. Er ekki kominn tími til að hafa manngildið að leiðarljósi?

**➜ Það er með öllu óásættanlegt að fá ekki skýr svör við ábendingum skólans sem kynntar voru ráðuneytinu í byrjun mars sl. Endurskoða verði allar áætlanir skólans í ljósi stórfellds niðurskurðar…**

Allir starfsmenn FS hafa verið tilbúnir til að leggja sitt af mörkum, taka á sig aukið vinnuálag til að kljást við þá örðugleika sem við stöndum öll frammi fyrir í kjölfar hrunsins. Og það fyrir mjög kjaraskert laun. Ég býst við að kennarar séu ein hámenntaðasta láglaunastétt landsins. Því má gera þá kröfu til ríkisvaldsins að það leggi líka lóð á vogarskálarnar og veiti skólanum a.m.k. nægilegt fé til að hann fái sinnt sómasamlega þeim nemendum sem sækja um skólavist. Að ríkisvaldið sjái til þess að starfsumhverfið verði bærilegt bæði fyrir nemendur og annað starfsfólk.

Nú er lag fyrir þingmennina okkar að þeir taki málið upp, skoði það ofan í kjölinn og berjist fyrir áframhaldandi öflugri starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þeir verða að horfast í augu við það staðreynd að skólinn er ekki bara mennta- og uppeldisstofnun heldur hefur hann líka hlutverki að gegna sem félagslegt úrræði á krepputímum. Þar fá þeir verðugt verkefni til að kljást við og sýna okkur hvað í þeim býr. Ef til vill þyrfti líka að endurskoða dreifingu fjár til menntastofnana á Suðurnesjum í ljósi heildstæðrar menntastefnu stjórnvalda. Ef hún er þá til.

# Af skattpíningu og kúgun atvinnuvega

FERÐAÞJÓNUSTA



**dr. Edward H. Hujibens**
landfræðingur og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.

Það heyrist hátt í ferðaþjónustu um þessar mundir og að hluta er það að ósekju. Boðaðar skatta- og gjaldahækkanir á hótel og bílaleigur koma með hrikalega stuttum fyrirvara. Hins vegar hefur öll umræða umfram fyrirvarann fallið í heldur fyrirsjáanlegan og hefðbundinn farveg, ekki síst þar sem nú er kosningavetur. Má draga saman kjarna þeirrar umræðu með orðunum „allar skattahækkanir eru vondar“.

Leiðarahöfundar, þingmenn, varamenn þeirra og tilvonandi, sem og flestir hagsmunaðilar í ferðaþjónustu syngja sönginn um að þessar hækkanir herði þannig skrúfur að þessu helsta hjóli efnahagslífsins, svo að það stöðvist eða sem verra er snúist öndvert með samdrætti. Nú er rétt að huga að nokkrum staðreyndum. Starfsleyfum bílaleiga á landinu hefur fjölgað úr 66 árið 2008 í 115 nú árið 2012. Hótelherbergjum fjölgar ört og í sumum stærstu sveitarfélögunum má sjá fyrirhugaða allt að 200% aukningu í framboði rúma. Það er vissulega vöxtur í gestakomum. En svo virðist sem annar hver maður ætli sér að græða á því. Sannarlega er gullgrafaraæði í íslenskri ferðaþjónustu.

### Grátkór um skilningsleysi

Þá má spyrja: Er það ekki skylda hins opinbera að hægja hér á og reyna að koma í veg fyrir bólu sem springur að hætti minkabúa, laxeldis og fjárfestingarbankastarfsemi. Auðvitað þarf að fylgjast með merkjum um hvort hjólin séu að snúast í öndverða átt og auðvitað er aðstöðumunur fyrirtækja á landsbyggð og SV-horni til að taka þessar hækkanir á sig. En grátkór um skilningsleysi hins opinbera verður að taka með fyrirvara og huga að markmiðum frekar en prósentum. Hið opinbera hefur vissulega sýnt ótrúlega tregðu við að átta sig á málefnum greinarinnar með fyrirvaraleysi hækkananna. Þau þurfa að sýna í verki stefnu í ferðamálum samhliða þessum hækkunum.

**➜ Auðvitað svíður alla þegar þeir þurfa að borga meira í dag en í gær…**

Hins vegar þegar kemur að markmiðum má vel spyrja hvort það sé góð þróun umhverfis- og samfélagslega séð, ef allir gestir til landsins skondrast um það í sínum prívatbíl. Verið er að efla almenningssamgöngur í landinu og ferðafólk getur eflt og styrkt þá þróun innviða. Þeir koma einmitt þegar landsmenn nota slíkar samgöngur hvað minnst og geta þannig styrkt rekstrargrunn þeirra. Öll getum við sæst á að eðlilegra og heilbrigðara er fyrir umhverfi og samfélag, svo ekki sé talað um viðkvæma staði í náttúru landsins, að fólk komi með slíkum samgöngum. Það hlýtur að teljast betra upp á ímynd hins ósnortna að fólk nýti slíkan samgöngumáta frekar en að öll plön fyllist af Yaris-bílum. Einnig væri æskilegra að boðuð fjárfesting í innviðum áfangastaða gesta fari ekki í malbik fyrir bílaplön. Auk þess má vel spyrja hvort styrking samgönguinnviða sé einmitt ekki forsenda þess að laga árstíðarvanda greinarinnar.

Auðvitað svíður alla þegar þeir þurfa borga meira í dag en í gær, en ef við berum gæfu til að ræða þessar breytingar í víðara samhengi en samanburði þess hvað var í krónum í gær og í dag, þá tel ég að meiri sátt geti orðið um þróun ferðaþjónustu.



# Kirkjan mótmælir kynbundnu ofbeldi!

KYNBUNDIÐ OFBELDI



**Arna Ýrr Sigurðardóttir**
prestur í Glerárkirkju.

**➜ Íslenska þjóðkirkjan hefur gripið til ýmissa ráðstafana. Öll þau sem sækjast eftir að starfa með börnum og unglingum þurfa að skila sakavottorði, fagráð um meðferð kynferðisbrota er starfandi innan kirkjunnar…**

Það hefur ekki ríkt nein lognmolla í kringum kirkjuna á undanförnum misserum. Reglulega birtast í fjölmiðlum fréttir af einstaklingum innan kirkjunnar sem hafa misnotað vald sitt með kúgun og ofbeldi. Jafnvel æðstu ráðamenn hafa orðið uppvísir að slíku, bæði innan íslensku þjóðkirkjunnar og kaþólsku kirkjunnar. Og þetta á ekki bara við hér á landi, heldur víða um heim. Alls staðar rísa upp einstaklingar sem hafa kjark til að segja sögu sína, sögu af því hvernig níðst var á þeim á stöðum sem áttu að veita öruggt skjól. Og þetta gerist ekki bara innan kirkjunnar, heldur víða í félagasamtökum, t.d. í íþróttahreyfingunni og skátahreyfingunni.

**Vonbrigði með kirkjuna**

Margir hafa orðið fyrir vonbrigðum með kirkjuna og kristna trú. Ein vinkona mín sagði við mig í gær: „Manni finnst það ennþá verra þegar svona gerist í kirkjum, maður á að geta treyst því að þar sé allt í lagi.“ Og það er að sjálfsögðu alveg rétt, kristin kirkja ber ábyrgð á því að veita öllum skjól sem til hennar leita, þar eiga allir að finna sig örugga. En kirkjan hefur því miður vaknað upp við þann vonda draum á síðustu árum að þar, eins og annars staðar hafa menn komist til valda og áhrifa sem hafa misnotað stöðu sína og beitt konur og börn ofbeldi. Þetta er staðreynd sem kirkjan hefur þurft að glíma við, og hefur sú glíma oft á tíðum verið mjög sársaukafull.

**Skila þarf sakavottorði**

En nauðsynleg er hún og ég tel að hún hafi skilað sterkara kirkjusamfélagi sem horfst hefur í augu við raunveruleikann í auðmýkt og gert ýmislegt til að hindra það að kynbundið ofbeldi eigi sér stað í starfi kirkjunnar. Íslenska þjóðkirkjan hefur gripið til ýmissa ráðstafana. Öll þau sem sækjast eftir að starfa með börnum og unglingum þurfa að skila sakavottorði, fagráð um meðferð kynferðisbrota er starfandi innan kirkjunnar og hefur orðið að fyrirmynd varðandi slíkt starf, auk þess er kirkjan aðili að framkvæmdaáætlun Lútherska heimssambandsins um að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

**Ofbeldi á hvergi að líðast**

En síðast en ekki síst verður það að koma skýrt fram í allri boðun kirkjunnar, að sem lærisveinar Jesú Krists verðum við alltaf að taka okkur stöðu með þeim sem þurfa að þola hvers konar ofbeldi og kúgun.

Það er óásættanlegt að gefa afslátt af þeirri afstöðu. Ofbeldi er synd og á hvergi að líðast, það er alveg skýrt. Kirkjan mótmælir því hvers konar kynbundnu ofbeldi og fylgir þar fordæmi Jesú Krists, sem kom fram við konur sem jafningja, af virðingu og kærleika, og sem leyfði börnunum að koma til sín.









# Greiðslukortasvik og varnir gegn þeim

GREIÐSLUKORT



**Bergsveinn Sampsted**
framkvæmdastjóri Kortalausna Valitor.

Kortasvik eru núorðið meðal algengustu glæpa í fjármálakerfum heimsins. Á Íslandi eru slík afbrot þó enn fátíð en full ástæða er til að hafa varann á, sérstaklega varðandi hraðbanka, netviðskipti og símgreiðslur.

Hér heima hafa óprúttnir aðilar reynt að komast yfir upplýsingar um greiðslukort korthafa í hraðbönkum. Svikin felast yfirleitt í því að komið er fyrir afritunarbúnaði í hraðbönkunum til að lesa segulrendur kortanna. Jafnframt eru settar upp myndavélar til að ná innslætti pinnnúmera. Oftast eru það athugulir hraðbankanotendur sem uppgötva athæfið.

### Varhugaverð hjálpsemi

Erfitt getur reynst að átta sig á því hvort greiðslukortaupplýsingum þínum hefur verið stolið í hraðbanka. Með nokkrum hollráðum er hægt að minnka þá hættu:

Gættu þess vandlega að enginn horfi á þig stimpla inn pinn-númerið þitt og þiggðu helst ekki aðstoð frá ókunnugum. Sumir kortasvikarar eiga við kortalesarann þannig að greiðslukortið festist inni í hraðbankanum. Þeir bjóðast svo góðfúslega til að aðstoða þig við að ná út kortinu og telja þér trú um að besta leiðin til að fá kortið til baka sé að slá pinnið inn nokkrum sinnum. Á meðan horfa þeir á. Eftir að þú hefur gefist upp og farið án greiðslukortsins, sækja svikahrapparnir kortið með töng, afrita segulröndina og hlaupa svo með kortið til þín áður en þú nærð að hringja í bankann og tilkynna að kortið sé glatað. Í slíkum tilvikum er best að þiggja alls ekki aðstoð frá ókunnugum, ekki fara frá hraðbankanum fyrr en hringt hefur verið í útgáfubanka kortsins og því lokað. Mikilvægt er að slá einungis inn pinnið ef hraðbankinn óskar þess og aldrei þannig að aðrir sjái til.

### Losnar búnaðurinn?

Sviksamlegur búnaður til að lesa greiðslukortaupplýsingar og myndavélar til að komast yfir pinn-númer hafa verið notaðar hér á landi eins og nýlegur dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sýnir. Stundum er notast við gervilyklaborð sem eru lögð yfir raunverulegu lyklaborðin og eru nauðalík þeim. Þegar korthafinn slær inn pinnið á falska lyklaborðinu ýtir það á raunverulega lyklaborðið og innslátturinn verkar eðlilega. Oft getur reynst erfitt að átta sig á svo útsmognum blekkingum.

Nokkur ráð eru til varnar. Áður en þú notar hraðbankann skaltu athuga hvort greiðslukortalesarinn eða lyklaborðið losnar auðveldlega. Ef eitthvað losnar við lítið átak skaltu hafa samband við lögreglu. Til að forðast að myndavélar geti myndað innslátt á pinninu er góð regla að nota lausu höndina til að skýla innslættinum. Ef óprúttnir aðilar komast yfir upplýsingar af greiðslukortinu þínu er tjónið minna ef þeir ná ekki pinninu líka.

Erlendis hefur borið á því að gervi-hraðbankar séu settir upp til að nálgast upplýsingar um greiðslukort og pinn-númer. Öruggast er að nota hraðbanka inni í afgreiðslurými banka eða áfasta við útvegg þeirra og þar er eftirlitið skilvirkara.

### Hverju er verið að stela?

Flestöll íslensk greiðslukort hafa örgjörva sem veitir ákveðna vörn gegn sviksamlegri notkun og hann er ekki hægt að afrita. Hins vegar er hægt að afrita segulröndina á greiðslukortum. Upplýsingar af stolnum segulröndum eru svo notaðar í löndum þar sem örgjörvalestur er ekki útbreiddur eða svikið er út af örgjörvalausum kortum.

Hvers vegna er þá hægt er að afrita segulröndina á kortinu þínu hér á landi þegar íslenskir hraðbankar lesa örgjörva? Svarið er að þegar hlerunarbúnaður er settur fyrir framan kortalesara í hraðbanka til að afrita segulrönd, hefur það ekkert að gera með hvað hraðbankinn sjálfur les af kortinu. Hlerunarbúnaðurinn getur lesið segulröndina þó að hraðbankinn geri það ekki.

### Netviðskipti og símgreiðslur

Netviðskipti fara ört vaxandi hér á Íslandi. Nokkrir varnaglar:

**➔ Erfitt getur reynst að átta sig á því hvort greiðslukortaupplýsingum þínum hefur verið stolið í hraðbanka. Með nokkrum hollráðum er hægt að minnka þá hættu.**

1. Er verðið á vörunni ótrúlega hagstætt? Grunsamlegt er ef varan er miklu ódýrari en hjá keppinautunum. Ástæða til að grennslast fyrir um seljandann.

2. Er seljandinn með öllu óþekktur? Kannaðu bakgrunn hans. Flettu honum t.d. upp á vefnum og leitaðu að umsögnum annarra kaupenda um reynslu af viðskiptum við hann.

3. Notaðu fyrirframgreitt kort í slík viðskipti ef það hentar þér.

4. Sendu eingöngu upplýsingar um þitt kort með öruggri tengingu.

5. Gefðu þriðja aðila aldrei upplýsingar um pinnið þitt.

6. Forðastu rafræn viðskipti með tölvum sem aðrir hafa aðgang að.

7. Gættu þess að gefa ekki upp kortnúmer eða önnur lykilorð sem tengjast kortinu þínu. Þrjótar senda út tölvupóst sem kallar eftir því að þú þurfir að gefa upp þessar upplýsingar.

### Pinnið á minnið

Korthafar verða æ oftar varir við að verslanir óski eftir staðfestingu með pinni í stað undirskriftar. Með verkefninu „Pinnið á minnið“ er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi. Ávinningurinn er aukið öryggi fyrir bæði korthafa og fyrirtæki sem taka við kortum. Með þessari breytingu mætir íslenskt samfélag jafnframt kröfum alþjóðlegu kortafyrirtækjanna um öryggi í kortaviðskiptum til að sporna við fjársvikum skipulagðra glæpasamtaka.

Greiðslukort eru í eðli sínu mun öruggari greiðslumiðill en peningar en eins og í öllum viðskipum gildir sú gullna regla að fara alltaf að öllu með gát.

# Lýðræðið skrumskælt

NÝ STJÓRNARSKRÁ



**Guðmundur Gunnarsson**
fv. stjórnlagaráðsliði.

Íslendingar kusu um framtíðina 20. okt. síðastliðinn. Fréttin um kosningarnar fór víða, og niðurstaðan ekki síður. Margir töldu að á Íslandi væri samfélag þar sem lýðræði virkaði í alvöru, væri ekki kæft eða skrumskælt af þingmönnum og gæslumönnum sérhagsmuna. Erlendir fjölmiðlar sendu fréttamenn til Íslands til þess að fjalla um byltinguna sem íslenska þjóðin framkallaði 2009 með því að stilla sér upp fyrir framan Alþingishúsið og hrekja sitjandi ríkisstjórn frá völdum og reka frá stjórnendur Seðlabankans sem höfðu gert hann gjaldþrota. Hún valdi síðan 25 einstaklinga úr 530 frambjóðendum og fól þeim að vinna úr samþykktum 1000 manna þjóðfundar og 800 blaðsíðna skýrslu Stjórnlaganefndar og setja stjórnmálamönnum nýjar leikreglur með því að skrifa nýja stjórnarskrá.

### Innri hugsun ábótavant

Sú von vaknaði að stjórnmálamenn ætluðu loks að taka vilja þjóðarinnar alvarlega, ekki síst eftir að Rannsóknarskýrslan birti þann fáránleika sem leitt hafði íslenska þjóð fram af björgunum. Innri hugsun íslensks samfélags var verulega ábótavant. Þess vegna þurfti nýja stjórnarskrá. Í öllum lýðræðisríkjum lúta stjórnmálamenn án nokkurra skilyrða niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslna. Þar gildir hið eina að öllum sé tryggður aðgangur að kjörklefa til þess að nýta sér vald sitt.

Talsmenn íslensku valdastéttarinnar skrumskæla lýðræðið og tilkynna þjóðinni að gagnslaust sé að kjósa í ráðgefandi kosningum. Þjóðin verði að átta sig á því að valdið liggi hjá þeim, ekki þjóðinni. Hér birtist sá fáránleiki sem íslensk valdastétt hefur búið íslenskri þjóð. Vald sem ekki er sprottið frá þjóðinni verður aldrei annað en ofbeldi. Vilji þjóðarinnar er vilji samfélagsheildarinnar og fer saman við almannahagsmuni. Stjórnvald sem vill kallast réttmætt verður hverju sinni að lúta skilyrðislaust niðurstöðum í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þar er málið lagt undir alla þjóðina og úrslitin eru í höndum meirihluta þeirra sem mæta á kjörstað.

### Sýndarveruleiki

Nú eru sextán mánuðir liðnir síðan Stjórnlagaráð skilaði frumvarpi um nýja stjórnarskrá. Allir, ekki síst sitjandi stjórnmálamenn, hafa haft tækifæri til þess að koma fram með athugsemdir. Þeir stjórnmálaflokkar sem hafa verið hvað lengst við völd á Íslandi berjast gegn endurnýjun stjórnarskrárinnar. Nú er skyndilega stillt upp sýndarveruleika í Háskólanum þar sem einungis fá að koma fram þeir sem tala máli valdastéttarinnar. Þessa dagana opinberast hvernig valdastéttin berst purkunarlaust fyrir sínu og þeir sem fá að njóta hergóssins vilja ekki missa sinn hlut. Breytingar á gildandi stjórnarskrá verði til þess eins að þeir missi tökin á íslensku samfélagi. Það sé hættulegt að þjóðin fái að segja sitt álit. Það sé rán frá þeim sem hefur tekist að draga til sín öll völd og auð þjóðarinnar. Íslensk þjóð er að gera tilraun til valdaráns hjá sitjandi valdastétt, hrópa örvæntingafullir málsvarar valdastéttarinnar.

**➔ Nú er skyndilega stillt upp sýndarveruleika í Háskólanum þar sem einungis fá að koma fram þeir sem tala máli valdastéttarinnar.**



## BRUSCHETTA

Ítölsk bruschetta eða sneið af grilluðu snittubrauði með grófhökkuðum tómötum, hvítlauk, olíu, fersku basil, salti og pipar er frábært nasl, sæki hungrið að. Raðið brauðsneiðunum á ofnplötu og grillið stutta stund. Smyrjið brauðið með hvítlauksrifi og setjið restina yfir.

LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19


















# ÚT AÐ LEIKA Í SNJÓNUM

**VETRARÍÞRÓTTIR** *Snjóbretti eru vinsæl hjá fólki á öllum aldri. Auðvelt er að stíga fyrstu skrefin í næstu brekku í hverfinu.*

Vinsældir snjóbrettaíþróttarinnar hafa aukist mikið hér á landi undanfarin ár. Nú, þegar búið er að opna helstu skíðasvæði landsins, fyllast brekkurnar af skrautlega klæddum snjóbrettaköppum í bland við skíðamenn og sleðakríli. Linda Björk Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands, segir snjóbrettaíþróttina vera tilvalið fjölskyldusport sem henti fólki á öllum aldri. „Það hefur verið mikil gróska í snjóbrettaíþróttinni, sérstaklega undanfarin tvö ár. Það er erfitt að benda á einhverja sérstaka skýringarþætti en vinsældir snjóbretta og reyndar líka hjólabretta koma oft í bylgjum. Auðvitað má rekja mikinn áhuga barna og unglinga hér á landi til velgengni snjóbrettamannanna Halldórs og Eiríks Helgasona og Gulla Guðmundssonar.“

Til að geta stundað íþróttina þarf bretti, festingar og skó en Linda segir hjálminn líka teljast til hálfgerðrar skyldueignar. „Flestir ættu síðan að komast af með góðan útivistarfatnað til að byrja með. Kostnaður við þennan byrjendapakka er mjög misjafn eftir merkjum en getur hlaupið á 100-150.000 krónum. Þó er hægt að fá mun ódýrari pakka ef ódýrari merkin eru keypt en þá geta gæðin verið síðri. Ef ég ætti að ráðleggja byrjendum um val á bretti mundi ég fyrst og fremst stinga upp á góðu alhliða bretti sem passar fyrir allar aðstæður, hvort sem stefnan er tekinn á stökk, frjálst rennsli eða götusport. Svo er líka hægt að kaupa notuð bretti og fylgihluti.“

Helstu snjóbrettasvæðin hér á landi að sögn Lindu eru Bláfjöll, Siglufjörður og Hlíðarfjall. „Svo er auðvitað upplagt fyrir byrjendur að fara bara út í næstu brekku og æfa sig. Sjálf byrjaði ég þannig og bjó til pínulítinn stökkpall. Þetta er líka einn stærsti kostur snjóbrettaiðkunar, maður kemst af með mjög litla aðstöðu ef maður vill fara út að leika sér.“

**FJÖLSKYLDUSPORT** Snjóbrettaíþróttin er fyrir fólk á öllum aldri. MYNDIR/ANTON OG ÚR EINKASAFNI



**ÚTIVERA** Linda Björk Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI



# MIKILVÆGT AÐ NJÓTA TÍMANS

**JÓLASTRESS** *Margir fyllast streitu þegar líða fer að jólum. Mikilvægt er að gera raunhæfar kröfur og njóta tímans með fjölskyldu og vinum.*

Nú, líkt og fyrir önnur jól, fer fólk að tala um stress þegar líða fer að jólum. Spurningar eins og „ertu búin að öllu fyrir jólin?“ og fleiri slíkar dynja á fólki og margir fyllast hinu svokallaða jólastressi. Á aðventan ekki einmitt að vera tími þar sem fólk getur notið samverustunda og notalegheita með fjölskyldu og vinum? Tími sem eðlilegt væri að hugsa til með tilhlökkun, gleði og eftirvæntingu?

Haukur Sigurðsson, sálfræðingur hjá Heilsustöðinni, sálfræði- og ráðgjafaþjónustu, segir marga upplifa streitu á þessum tíma og það sé þekkt að jólin séu tími mikillar streitu hjá mörgum. Það sé þó eðlilegt að finna fyrir hóflegri streitu og spennu fyrir jólin þegar mikið þarf að gera en þegar streitan verður langvarandi fer hún að hafa truflandi áhrif á fólk. „Það skýtur skökku við á þessum tíma ljóss og friðar að fólk skuli vera með miklar áhyggjur en það er staðreynd að svo er. Margir hafa áhyggjur af útgjöldum, hvar eigi að eyða jólunum og í hvaða jólaboð skuli fara. Okkur hættir til að borða of mikið, drekka meira áfengi og hreyfa okkur minna í aðdraganda jólanna. Auglýsingaflóð dynur á fólki og í þeim felast leynd og ljós skilaboð um að það þurfi að kaupa ákveðna hluti til að eiga gleðileg jól. Það eru því miður margir sem átta sig ekki á því að jólastemningin verður ekki keypt með peningum,“ segir Haukur.

Hann segir meginráðlegginguna vera þá að gera raunhæfar væntingar til sjálfs sín og allra í kringum sig. „Jólin eru ekki öðruvísi tími en annar, við getum líka verið döpur og stressuð þá eins og alltaf. Fyrir hóp fólks eru jólin tími söknuðar og sorgar. Þau eru tími eftirminnilegra samverustunda með þeim sem okkur þykir vænt um og því finna margir fyrir sorg og söknuði yfir jólahátíðina.“

Jólahátíðin er tími mikilla fjárútláta og það þarf að sætta sig við að það sé ekki hægt að gera allt og kaupa allt. „Fólk þarf að minna sig á hver boðskapur jólanna er og um hvað þau snúast. Það sem skiptir mestu máli á jólum sem og lífinu almennt er samvera með þeim sem okkur þykir vænt um. Það að eiga góðar samverustundir með þessu fólki og finna ástina og kærleikann er mikilvægast en þetta getur einmitt týnst í áhyggjum yfir því sem áður var nefnt,“ segir Haukur.

■ lilja.bjork@365.is



**STREITA ALGENG** Haukur Sigurðsson, sálfræðingur hjá Heilsustöðinni, segir marga upplifa streitu yfir jólin. MYND/VILHELM

# FJÖLDI HIV-SMITAÐRA HOMMA EYKST

Fjöldi HIV-smitaðra samkynhneigðra og tvíkynhneigðra karlmanna í Bretlandi náði sögulegum hæðum árið 2011, samkvæmt bresku heilsugæslunni. Þetta kemur fram á Fréttavef breska ríkisútvarpsins.

Alls greindust 6.280 manns með HIV á síðasta ári í Bretlandi og var tæplega helmingur þeirra samkynhneigðir og tvíkynhneigðir karlmenn. Fjöldi þeirra sem eru með HIV-smit í landinu fór úr 91.500 einstaklingum upp í 96.000 í fyrra.

Starfsfólk HIV-eftirlits heilsugæslunnar hafði haft áhyggjur af auknum fjölda HIV-smitaðra allt frá árinu 2007. Árið 2011 væri þó metár og tölurnar gæfu tilefni til að endurbæta prófanir á áhættuhópum. Þá var haft eftir framkvæmdastjóra Terrence Higgins Trust að þrátt fyrir að hægt væri að koma algerlega í veg fyrir HIV-smit greindust alltaf fleiri og fleiri á hverju ári. Fólk í áhættuhópum yrði að mæta reglulega í HIV-próf og stunda öruggt kynlíf. Þeir sem skiptu ört um bólfélaga ættu að koma í HIV-próf á þriggja mánaða fresti.

Sjá nánar á www.bbc.co.uk.

■ rat



**EINFÖLD VÖRN** HIV-smitaðum samkyn- og tvíkynhneigðra karlmönnum í Bretlandi hefur aldrei fjölgað jafnmikið og í fyrra.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**













## Tilkynningar

# AÐALSKIPULAG GARÐABÆJAR 2004-2016

**Lýsing á tillögu að breytingu í Arnarnesi.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt lýsingu á gerð tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 í samræmi við 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan mun gera ráð fyrir því að opna svæðið á háholti sem afmarkast af Hegranesi, Arnarnesi, Tjaldanesi og Æðarnesi verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og sem svæði fyrir þjónustustofnanir. Einnig verður gert ráð fyrir því að stofnstígur sem nú liggur um Hegranes og Súlunes verði meðfram Hafnarfjarðarvegi.

Lýsingin er aðgengileg í þjónustuveri og á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Hægt er að skila ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulagsstjóra til 3. janúar 2013.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

NÁMSMATSSTOFNUN

## Úttektir á leikskólum

Frá og með 1. janúar 2013 flyst umsjón og framkvæmd ytra mats á leikskólum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Námsmatsstofnunar. Á vormisseri 2013 verða gerðar stofnanaúttektir á þremur leikskólum, sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla, gildandi reglugerðir um mat og eftirlit og þriggja ára áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á þessu skólastigi. Hér með er auglýst eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á því að fram fari úttekt á starfi leikskóla innan þeirra, bæði þeirra sem reknir eru af sveitarfélaginu og öðrum aðilum. Afstaða skólaráðs viðkomandi skóla til úttektarinnar þarf að koma fram í umsókninni.

Í úttektinni felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Verður það gert m.a. með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Vakin er athygli á að einnig getur sveitarfélag óskað eftir því að úttektinni verði jafnframt beint að tilteknum þáttum í skólastarfinu. Kostnaður vegna úttektarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Umsóknir skulu berast Námsmatsstofnun frá sveitarstjórnum fyrir 31. desember 2012. Umsókn skal fylla út á heimasíðu Námsmatsstofnunar (http://www.namsmat.is/atest/umsokn_um_uttekt_leikskola.asp).




## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



**ÚTSALA-ÚTSALA**

Síðustudagar útsölu í dag þriðjudag frá 13-17 og morgun miðvikudag frá 13-17. 30-70% afsláttur. Komið og gerið góð kaup. Green-house/Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík S.7772281

## KEYPT & SELT

## Til sölu






Golf Cruiser golfhjólið er komið í hús. Létt og meðfærileg rafmagns skutla sem hentar vel á golfvöllinn. Verð aðeins 359 þúsund. VDO. Borgartúni 36. S: 588 9747 www.vdo.is




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**

Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

**JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR**

Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskápar, 5 sófar og fl. Opið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Verslun



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Fallegar og vandaðar vörur Opið alla virka daga fram að jólum frá 13-18. sími 695-6679.




## Atvinna

# hsv Hefur þú áhuga á Íþróttum?

**Stjórn Héraðssamband Vestfjarða (HSV) auglýsir eftir framkvæmdarstjóra í 50% starf**

HSV er með starfssvæði í Ísafjarðarbæ og Súðarvíkurhrepp og hefur 18 virk aðildarfélög innan sinna vébanda. Sambandið vinnur náið með Sveitarfélögunum tveimur að uppbyggingu íþróttamála á svæðinu ásamt því að vinna með aðildarfélögum að framgangi einstakra íþróttagreina. Framkvæmdarstjóri er starfsmaður stjórnar HSV og ber ábyrgð á daglegum rekstri ásamt samskiptum við Sveitarfélög, aðildarfélög og aðra hagsmunaaðila innan íþróttahreyfingarinnar.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með rekstri HSV ásamt áætlunargerð
- Eftirfylgni með framkvæmd Íþróttaskóla
- Samskipti við Ísafjarðarbæ og eftirfylgni með framkvæmd samninga við bæjarfélagið
- Samskipti við aðildarfélög HSV
- Samskipti við UMFÍ, ÍSÍ og sérsambönd
- Samskipti við stjórn HSV

**Starfsmaðurinn sem við erum að leita að þarf að:**
- Elska íþróttir
- Vera skipulagður
- Geta komið fyrir sig orði í ræðu og riti
- Vera jákvæður og með ríka þjónustulund
- Vera tölvufær og geta unnið í helstu skrifstofu forritum ásamt grunnþekkingu í að vinna með heimasíður.

**Stjórn Héraðssamband Vestfjarða (HSV) auglýsir eftir yfirþjálfara Íþróttaskóla í 100% starf**

Íþróttaskóli HSV er samstarfsverkefni HSV, aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Skólinn er fyrir öll börn í 1-4. bekk grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Þar er lögð áhersla á grunnþjálfun barna ásamt því að þau fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV.

**Helstu verkefni:**
- Sjá um grunnþjálfun barna í 1.-4. bekk ásamt annarri þjálfun sem við á í samstarfi við aðildarfélög HSV.
- Skipulagning og eftirlit með framkvæmd á þjálfun annarra íþróttagreina í íþróttaskólanum.
- Gerð stundarskrá fyrir íþróttaskólann.
- Sjá um heimasíðu íþróttaskólans og fréttir tengdar skólanum.
- Samskipti við aðildarfélög, þjálfara aðildarfélaga, dægradvöl, foreldra og forráðamenn barna í íþróttaskólanum.
- Halda utan um skráningar og skráningakerfi skólans.

Við erum að leita að einstaklingi með reynslu af þjálfum barna. Íþróttakennaramenntun er kostur en ekki skilyrði. Yfirþjálfarinn þarf að vera fyrirmynd fyrir börn og fullorðna og koma vel fyrir. Jákvætt hugarfar og ríkur vilji til að vinna með börnum og uppbyggingu íþróttastarfs í Ísafjarðarbæ er mikilvægur kostur.

**Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 20.desember nk.**
**Nánari upplýsingar gefur Jón Páll Hreinsson formaður HSV í s.8994311, eða í netfangið hsv@hsv.is**
Nánari upplýsingar um starfsemi HSV er að finna á www.hsv.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu. S:891 6447 Óli.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

Room for rent, herbergi til leigu í 101 RVK. Uppl./ after. kl.17:00 S.862 1846

3ja herb. 106 fm íbúð til leigu í Álfheimum 36 104. Laus 3. jan. Uppl. í s. 615 0595.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 - 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna óskast

## Atvinna í boði

Markaðs og þróunarst. í ferðaþj. Leitum af skapandi og sjálfst. einstakl. s. 696 9696

Castello PIZZERIA

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 692 3051

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynl.sögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Sala fasteigna í 55 ár. Frá 1957. Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Ljósheimar – í álklæddu lyftuhúsi á 5. hæð.**





Rúmgóð 3ja herbergja 96,8 fm íbúð á 5.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi. Góð sameign. Endurnýjað fallegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Parket. Mjög gott útsýni. Mjög góð staðsetning, örstutt í góðar verslanir bæði í Skeifunni og Glæsibæ og útivistarparadísina í Laugardalnum. **Verð 22,9 m.**

**Upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588-9090 eða hjá Þórarni lögg. Fs í síma 899-1882**

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að **stækkun efnistökusvæðis á Kollstaðamóum á Fljótsdalshéraði** skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **12. janúar 2013.**

**Skipulagsstofnun**

## Tilboð







# Aldargömul þrekraun

**Hádegisfyrirlestur um Vigfús Grænlandsfara verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands í dag klukkan 12.05 af nafna hans, Vigfúsi Geirdal, sem er maður sögufróður.**

„Leiðangur J.P. Kochs og félaga hans 1912-1913 um þvert Grænland var ótrúleg þrekraun. Þeir voru fjórir saman og notuðu sextán íslenska hesta til að flytja farangurinn sem var yfir tuttugu tonn,“ segir Vigfús Geirdal sem heldur hádegisfyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag í tilefni þess að 100 ár eru frá leiðangrinum. Sýning á ljósmyndum Vigfúsar Grænlandsfara stendur nú yfir á Veggnum í myndasal safnsins af sömu ástæðu.

Þetta var í fyrsta skipti sem menn höfðu vetursetu inni á Grænlandsjökli við vísindarannsóknir og kortlagningu að sögn Vigfúsar Geirdals. Hann segir nafna sinn hafa tekið að sér að kaupa hestana og stýra flutningi þeirra og notkun. „Hestunum var síðan lógað eftir því sem hlutverki þeirra lauk en þeir voru gernýttir á margan hátt,“ lýsir hann. „Leiðangursmenn þurftu að fara um 1200 kílómetra vegalengd, miðað við loftlínu, en suma kaflana þurftu þeir að fara fram og til baka og máttu engu muna að þeir létu lífið af hungri og vosbúð.“ - gun



**Á GRÆNLANDSJÖKLI** Ein af myndum Vigfúsar Grænlandsfara sem til sýnis eru á Þjóðminjasafninu.

---

†



Okkar ástkæri

**TRYGGVI ÞÓRIR HANNESSON**

lést á líknardeild Landspítalans 9. desember 2012.

**Valdís Vilhjálmsdóttir**
**Björk Tryggvadóttir** — **Björgvin Magnússon**
**Þórir Tryggvason** — **Rakel Tryggvadóttir**
**Elín Hirst** — **Friðrik Friðriksson**
**Þóra Hirst** — **Baldur Þorgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og bróður,

**JÓHANNESAR S. KJARVAL**
**arkitekts,**
**Grenimel 32,**

fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinslækningadeild Landspítala og hjúkrunarþjónustuna Karítas.

**Gerður Helgadóttir**
**Þóra Kjarval**
**Sveinn Kjarval** — **María Björk Jónsdóttir**
**og systkini hins látna.**

---

†



Ástkær bróðir okkar og mágur,

**ÓSKAR ÓLAFSSON**

Dvalarheimilinu Sæborg á Skagaströnd, en lengst af búsettur í Hafnarfirði, lést á Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi 29. nóvember sl. Útför hefur farið fram.

**Baldur Ólafsson** — **Halla Guðmundsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Guðmundur Karlsson**
**og fjölskyldur.**

---

†



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR**
**(NÍNA)**

lést á Dalbæ, dvalarheimili aldraðra Dalvík, föstudaginn 7. desember. Jarðsungið verður frá Dalvíkurkirkju fimmtudaginn 13. desember kl. 12.30.

**Ellý Sæunn Reimarsdóttir** — **Örn Þórisson**
**Halldór Reimarsson** — **Guðrún Snorradóttir**
**Hlynur Reimarsson** — **Kristín Árnadóttir**
**Sigurbjörn Ingi Reimarsson** — **Elísabet Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ERLA MARGRÉT HALLDÓRSDÓTTIR,**
**Auðnum II, Öxnadal,**

sem lést þriðjudaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 13. desember kl. 13.30. Jarðsett verður að Bakka í Öxnadal.

**Sólveig Gestsdóttir** — **Hjörleifur Halldórsson**
**Jósavin H. Arason** — **Eygló Jóhannesdóttir**
**Hlíf Aradóttir** — **Haukur Jóhannsson**
**Guðríður Aradóttir** — **Hjörtur Jóhannsson**
**Ari Erlingur Arason** — **Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Birgir H. Arason** — **Lilja Sverrisdóttir**
**Ingunn H. Aradóttir** — **Valdimar Gunnarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR**
**Hraunvangi 1, Hafnarfirði,**
**áður Birkimel 8a, Reykjavík,**

lést á líknardeild LSH þann 3. desember. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH.

**Helga A. Richter** — **Örlygur Richter**
**Gunnar Aðalsteinsson** — **Vilborg Gunnarsdóttir**
**Stefán Aðalsteinsson** — **Guðbjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNJA HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Lindargötu 33,**
**áður Hverfisgötu 55,**

lést sunnudaginn 9. desember á öldrunardeild Landspítalans Landakoti.

**Kristján Sigurðsson** — **Sigrún Ósk Ingadóttir**
**Brynjólfur Sigurðsson** — **Bella Hrönn Pétursdóttir**
**Halldóra Sigurðardóttir** — **Viðar Gunnarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**HANNES INGIBERGSSON**
**íþróttakennari,**

lést 9. desember á Dvalarheimilinu Skjóli.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Laufey Bryndís Hannesdóttir**
**Hjördís Hannesdóttir**
**Þórir Kjartansson**

---

†



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA ÞÓRISDÓTTIR**
**frá Blikalóni á Melrakkasléttu,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi á Stokkseyri þann 7. desember sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 14.00.

**Bóthildur Steinþórsdóttir** — **Emil Guðmundsson**
**Ásgeir Magnússon** — **Guðbjörg Hákonardóttir**
**Skúli Magnússon** — **Gunnvor Nystad**
**Þorsteinn Magnússon** — **Aþena Eydís Kolbeinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**J. VALDÍS INGIMUNDARDÓTTIR**
**(DILLA)**
**Steinsstaðaflöt 27, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness, 7. desember. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 14. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið. Sérstakar þakkir til starfsfólks A-deildar sjúkrahússins fyrir frábæra umönnun.

**Þórður Ársælsson**
**Ingi Már Ingvarsson** — **Harpa Harðardóttir**
**Þórey Ingvarsdóttir** — **Þórir Björgvinsson**
**og ömmubörn.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SNÆBJÖRN ÁSGEIRSSON**
**Lindarbraut 29 (Nýlenda),**
**Seltjarnarnesi,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. desember 2012. Jarðarför fer fram frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 18. desember klukkan 15.00.

**Bryndís Snæbjörnsdóttir** — **Mark Wilson**
**Jón Snæbjörnsson** — **Soffía Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Snæbjörnsson** — **Guðný Hreinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**RÓBERT SIGURMUNDSSON,**
**húsasmíðameistari,**
**Vestmannaeyjum,**

lést á Landspítalanum í faðmi fjölskyldu sinnar laugardaginn 8. desember. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 15. desember kl. 14.00.

**Svanhildur Gísladóttir**
**Íris Róbertsdóttir** — **Eysteinn Gunnarsson**
**Hrönn Róbertsdóttir** — **Sævar Pétursson**
**Telma Róbertsdóttir** — **Sigurður Jóelsson**
**Ívar Róbertsson** — **Agnes Kristjánsdóttir**
**Viðir Róbertsson** — **Hekla Hannesdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR**
**frá Munaðarnesi,**
**Eirhömrum Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 5. desember.

**Linda Garðar**
**Björk Garðarsdóttir** — **Júlíus Jónsson**
**Jón Páll Garðarsson** — **Helga Geirsdóttir**
**Bylgja Júlíusdóttir**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁGÚSTA SIGURDÓRSDÓTTIR,**
**húsmóðir og bóndi,**
**Götu Hrunamannahreppi,**

lést 7. desember að Sólvöllum á Eyrarbakka. Útförin fer fram frá Hrepphólakirkju í Hrunamannahreppi fimmtudaginn 13. desember kl. 13.30.

**Katrín Stefánsdóttir** — **Anton Viggósson**
**Sigríður Stefánsdóttir** — **Ragnar Óskarsson**
**Sigurdór Már Stefánsson** — **Guðbjörg Fríða Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.**

# Orkan styrkir Fjölskylduhjálp Íslands

## – með hverjum seldum lítra 1.-21. desember

Orkan gefur Fjölskylduhjálp Íslands krónu fyrir hvern seldan lítra á öllum bensínstöðvum Orkunnar út um allt land frá 1.- 21. desember.

Til að gjöfin nýtist sem best verða upphæðirnar greiddar út 8., 15. og 22. desember.




**Notaðu Orkuna þína til góðra verka í desember**

Hjálpið okkur að leggja góðu málefni lið. Með ykkar hjálp stefnum við á að safna allt að 2 til 3 milljónum króna.

**Nú þegar hafa viðskiptavinir Orkunnar safnað um 1,5 milljónum til styrktar Fjölskylduhjálp Íslands.**

ENNEMM / SIA / NM46422

Gjöfin hefur ekki áhrif á afsláttarkjör viðskiptavina Orkunnar.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** hvort, **8.** skordýr, **9.** ar, **11.** samanburðart., **12.** laust bit, **14.** botnfall, **16.** í röð, **17.** ung stúlka, **18.** til viðbótar, **20.** ætíð, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** bæn, **7.** harðsnúinn, **10.** kirna, **13.** óðagot, **15.** svín, **16.** húðpoki, **19.** nudd.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** ef, **8.** fló, **9.** ryk, **11.** en, **12.** glefs, **14.** grugg, **16.** hí, **17.** mær, **18.** enn, **20.** sí, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** af, **4.** blesgæs, **5.** bón, **7.** fylginn, **10.** ker, **13.** fum, **15.** grís, **16.** hes, **19.** nú.







# Sinnulausi neytandinn

**BAKPANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Um helgina heyrði ég fregnir af því að einhver fyrirtæki úti í heimi hefðu verið dæmd fyrir eitthvað samráð. Gott ef ekki var um framleiðendur sjónvarpstækja að ræða. Ekki man ég fyrir mitt litla líf hvaða framleiðendur það voru og ég efast um að þegar þörfin á nýju sjónvarpstæki – sem er reyndar ekki ofarlega á forgangslistanum – bankar upp á, muni ég hafa fyrir því að fletta því upp. Það eru því töluverðar líkur á því að þegar fjárfest verður í sjónvarpi, sem vonandi er langt þangað til, muni ég verðlauna svikahrappana með viðskiptum mínum.

**EKKI** er ég í viðskiptum við Símann, en þó svo væri efast ég um að enn ein fréttin af því að fyrirtækið hefði verið dæmt í sektir fyrir að misnota sér stöðu sína á einhvern hátti mundi hreyfa nóg við mér til að ég nennti að kynna mér hvaða aðrir kostir eru í boði. Ég mundi því án efa styðja fyrirtækið áfram, þrátt fyrir brot þess sem virðast nokkuð algeng.

**OG** hvaða húsgagna- og innbúsfyrirtæki var það sem nýttist við vörur framleiddar með barnaþrælkun? Man það ekki, en eitthvað var það. Kannski þau öll. Án efa styð ég alls kyns fólk á hverjum einasta degi sem fer á svig við siðferði. Þá er átt við almennt siðferði, ekki nýsmíðina viðskiptasiðferði, en sérstakt siðferði virðist gilda um viðskipti.

**SKYLDI** kannski engan undra að markaðurinn þurfi sínar eigin siðferðisreglur. Sú trú að hann samanstandi af góðu fólki sem, í góðu og gagnkvæmu virðingarsambandi við starfsfólk sitt, framleiðir eftirsóttar vörur í sátt við guð og menn býður sí og æ hnekki. Fólk sem þar um vélar virðist hafa það að leiðarljósi að græða sem mesta peninga, þó vissulega sé það á engan hátt algilt.

**ÞAR** gæti ég, og þú lesandi góður, hins vegar komið inn í. Við erum neytendur og án viðskipta okkar þurfa fyrirtæki að fara að hugsa sinn gang upp á nýtt. Við ráðum, sérstaklega ef við berum gæfu til að virkja samtakamátt okkar.

**EN** þá þarf ég að muna lengur en hálftíma hvaða fyrirtæki braut hvaða reglur eða svínaði á hvaða fólki við framleiðslu sína. Ég þarf að sýna ábyrgð sem neytandi, ég þarf að hafa efni á því að kaupa aðrar vörur en þær allra ódýrustu og ég þarf að hafa nennu til þess að kynna mér málið. Að öðrum kosti breytist ekkert.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# „Breið og mikil saga ...
## mjög stórt sögusvið og stór saga.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Vandlega unnin og vel skrifuð saga um aðdraganda þess að Auður djúpúðga nam land á Íslandi.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



„Bókin er feiknavel skrifuð, söguþráðurinn áhugaverður og lýsingar allar þannig að maður sér persónur og atburði ljóslifandi fyrir sér ...“

EYJA M. BRYNJARSDÓTTIR / BOKVIT.BLOGSPOT.COM






ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning




***Vígroði*** **er framhald af skáldsögunni** ***Auði*** **sem kom út 2009, naut geysilegra vinsælda og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.**

**Viðburðarík og spennandi saga um mikla persónu.**

MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Frábær Shubert

TÓNLIST ★★★★★

**Vetrarferðin**
Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar Ólafsson
**DIRRINDÍ**

Þeir Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar Ólafsson fluttu Vetrarferðina eftir Schubert í Hörpu í fyrra. Nú er flutningurinn kominn á geisladisk og gott betur. Diskurinn er tvöfaldur, á honum er bæði kvikmyndataka frá tónleikunum á DVD diski, og líka stúdíóupptaka. Á DVD diskinum er hægt að velja að hafa texta á íslensku eða ensku um leið og maður fylgist með tónlistinni. Það er góður valkostur sem dýpkar upplifunina af tónlistinni.

Á kápu disksins er mynd af listamönnunum, Víkingur öðrum megin, Kristinn hinum megin. Þeir eru þunglyndislegir á svipinn. Það er við hæfi, því tónlistin er tregafull. Vetrarferðin fjallar um sorgmæddan mann á langri vetrargöngu. Hún samanstendur af 24 ljóðum sem eru minningar frá ljúfu sumri þegar ástin blómstraði, eða lýsingar á vonleysi vetrarins. Tónlistin er hrífandi eins og allt eftir Schubert. Þetta er eitt af mögnuðustu ljóðasöngverkum tónbókmenntanna.

Skemmst er að segja frá því að diskurinn er frábær. Kristinn syngur af innlifun, röddin er unaðslega mjúk og hljómmikil, túlkunin einstaklega breið og litrík. Ekki er Víkingur síðri. Píanóröddin býr til stemninguna í hverju lagi áður en söngurinn byrjar. Hún skapar alls konar litbrigði, andstæður og umhverfishljóð, rammar sönginn inn og lyftir honum upp í hæstu hæðir. Víkingur nær því öllu af aðdáunarverðri smekkvísi og næmi. Samruni söngs og píanóleiks er líka óaðfinnanlegur, jafnvægið á milli listamannanna eins og best verður á kosið. Óneitanlega er þetta tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Mögnuð útgáfa, bæði stúdíóupptaka og líka DVD-diskur með frábærum tónleikum.







➜ Skemmst er að segja frá því að diskurinn er frábær. Kristinn syngur af innlifun, röddin er unaðslega mjúk og hljómmikil, túlkunin einstaklega breið og litrík. Ekki er Víkingur síðri.

# Að taka út fulla refsingu

BÆKUR ★★★☆☆

**Stekk**
Sigurbjörg Þrastardóttir
**JPV ÚTGÁFA 2012**




Alexandra Flask býr í Barcelona og vinnur hlutastarf á nuddstofu. Í upphafi bókarinnar Stekk er hún nýflutt í íbúð á fjórðu hæð vegna þess að hún hefur einlæg áform um að stökkva fram af svölunum. Hún undirbýr stökkið vandlega, les sér til um áverka og reiknar út mögulegan skaða við fallið.

Fljótlega fær lesandinn að vita að ástæða þess að hin þrítuga Alexandra er búin að fá nóg af því lífi sem hún lifir er sú að hún syrgir Eder, mann sem hún stóð í platónsku ástarsambandi við, en hann hefur látist úr hvítblæði. Og það er snemma ljóst að áform hennar eru ekki að fyrirfara sér, heldur skaða líkama sinn alvarlega: „Þess vegna stekk ég. Eder, heyrirðu það? Til þess að taka út fulla refsingu, til þess að ná fullkominni stjórn. Því að hér eftir þarf ég að hafa svo rækilega fyrir sérhverri hreyfingu að ég mun aldrei gera neitt sem ég sé eftir…“ (19)

Stekk fjallar um sorg og missi, sem aðalpersónan tekst á við með þessum frumlega hætti. Eftir dauða Eders stendur Alexandra nefnilega frammi fyrir ýmsum siðferðisspurningum sem hún ræður illa við, en „lífsháskinn gerir mikið gagn, hann gerir lítið úr hversdagslegum ónotum.“ (144)

Í sögunni er gríðarmikil áhersla lögð á líkamann, takmarkanir hans og sköddun sem hann getur orðið fyrir. Líkamanum er enn fremur lýst sem gagnslausu kjöti, en það endurspeglar vitaskuld hugarástand aðalpersónunnar. Alexandra hugsar linnulítið um blóð og beinmerg, sprungin höfuð og hráblaut innyfli. „Rifin lifur, skaðaðir hálsliðir, samfallin lungu…“. (12) Þetta verður vitaskuld fremur óhugnanlegt á köflum, en sérkennilega heillandi.

Stekk er fjölþjóðleg bók, ef svo má að orði komast. Aðalsögupersónan er hálfur Breti og hálfur Íslendingur, dvelur á sögutímanum í tveimur erlendum stórborgum og umgengst fólk af ýmsu þjóðerni. Aðrar persónur en Alexandra sem eitthvað kveður að í sögunni eru vinkonan Livia, sem hún nefnir Líf, Sanders, viðhald Lífar, Eder, sem er látinn, hin breska amma Skinka (kölluð það vegna þess að hún er forfallinn West Ham-aðdáandi) og svo tilfallandi elskhugar Alexöndru. Persónurnar eru óvenjulegar og eftirminnilegar, einkum konurnar.

Það er ekki erfitt að sjá það af þessari bók að höfundur hennar hefur skrifað fleiri ljóðabækur en skáldsögur, enda er textinn vandaður og orðin valin af kostgæfni. Það vantar þó eitthvað sem drífur lesandann áfram, lítil spenna er í sögunni og því er hún fremur seinlesin. **Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frumleg bók og fallega skrifuð, en tíðindaleysið í sögunni nálgast það að vera yfirþyrmandi á köflum.






**SPICCATO** Nafnið var sett á hópinn nýlega þegar hann fór að æfa konserta Vivaldis sem verða leiknir að hluta til í kvöld og að hluta til í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vinna saman í því sem ástríðan hvetur þá til að gera

**L'Estro Armonico – Harmonískar hugljómanir er heiti tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga í kvöld sem hefjast klukkan 19.30. Þar eru á ferðinni konsertar eftir Vivaldi sem strengjasveitin Spiccato flytur.**

„Vivaldi er flottur. Konsertarnir hans eiga alltaf rétt á sér og verða aldrei þreytandi,“ segir Hlíf Sigurjónsdóttir, ein níumenninganna sem skipa strengjasveitina Spiccato sem ætlar að spila L'Estro Armonico eftir Antonio Vivaldi á tvennum tónleikum í vetur, sex þá fyrstu í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld, 11. desember og þá síðari í Neskirkju 23. apríl 2013.

L'Estro Armonico – Harmonískar hugljómanir – er sem sagt safn tólf konserta fyrir fiðlur. „Vivaldi samdi þá árið 1711 og þeir settu hann á stall meðal bestu tónskálda samtímans, að sögn Hlífar sem segir þá hafa verið nefnda sem áhrifamestu tónsmíðar 18. aldarinnar. Strengjasveitina Spiccato skipa auk Hlífar þau Ágústa María Jónsdóttir, Gunnhildur Daðadóttir, Martin Frewer, Sarah Buckley, Sesselja Halldórsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir, Ólafur Sigurjónsson og Richard Korn. Spurð hvort þessi sveit hafi verið til lengi svarar Hlíf: „Sem band undir nafninu Spiccato, nei, nafnið var eiginlega sett á þennan hóp í tilefni tónleikanna en kjarninn í sveitinni hefur verið að spila saman í nokkur ár og blandast öðrum kollegum af og til. Menn vinna saman í því sem ástríðan hvetur þá til að gera. Þetta eru alltaf smá samningaviðræður: Hvað langar þig að spila? Hvað eigum við að spila? Hvað segirðu um þetta? Eiginlega eru þessir tónleikar barnið hans Martins Frewer. Við Martin höfum verið að vinna talsvert saman að útgáfu geisladisks sem er nýkominn í verslanir og er gefinn líka út í Bandaríkjunum. Það var meiriháttar sigur að fá það í gegn, því þá erum við komin á stóran markað.

Þessir íslensku dúóar á diskunum eru allt 20. og 21. aldar tónverk og þegar þeirri spilamennsku lauk sagði hann. „Heyrðu, mig langar svo að spila konserta eftir Vivaldi, mundir þú vilja vera með?“ Ég sagði bara: „Já, auðvitað, það væri æðislegt,“ og hvatti hann áfram og svo fórum við að safna liði. Það er þessi músík sem heillar, hún er bara svo yndisleg.“ **gun@frettabladid.is**




Verðin gilda til og með 15.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenglanir.

# Diddú og drengirnir í Mosfellskirkju

**Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna verða haldnir í Mosfellskirkju í kvöld. Efnisskráin er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jólalög. Tónleikarnir hafa verið fastur liður á aðventunni í nær 20 ár.**

Sigrún Hjálmtýsdóttir og blásarasextett halda sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju í kvöld klukkan 20.30.

Efnisskráin er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jólalög.

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna hafa verið sérstakur tónlistarviðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar í hartnær tvo áratugi. Á tónleikunum hafa frá upphafi verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir blásarasextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar.

Hljóðfæraleikarar eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem leika á klarínett, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jóelsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Ingason og Björn Árnason.



**ÁRLEGUR VIÐBURÐUR** Diddú og drengirnir halda aðventutónleika í Mosfellskirkju í kvöld.







**PAKKINN** Inniheldur viðtöl um gamlar vélar.

## Höfðingjar af dráttarvélaætt

Áhugafólk um eldri dráttarvélar getur glaðst yfir nýútkomnum DVD-pakka frá Tókatækni með viðtölum, myndum og fróðleik um dráttarvélar frá árunum 1940 til 1980, söfnun þeirra og endurbætur. Þar er rætt við Sigmar í Lindabæ, Þórodd Má Árnason frá Kistufelli og Viðar Bjarnason, Ásólfsskála, sem allir eru vélasafnarar.

Komið er við á Sunnlenskum sveitadögum, sýningu Fornvélafélags Íslands á Hvolsvelli, Pardus-akstursleikninni á Hofsósi, Traktorstorfærunni á Flúðum og í Skógræktinni á Hallormsstað þar sem aldnir höfðingjar af dráttarvélaætt eru enn í fullri vinnu. Þá má sjá gamlar vélar af öllu landinu í ljósmyndahorninu og bregður flestum tegundum þeirra fyrir við fjölbreyttar aðstæður.

Tókatækni er fyrirtæki Hjalta Stefánssonar og Heiðar Óskar Helgadóttur.

Verðið á pakkanum er 3.900 krónur og salan fer fram gegnum tokataekni@gmail.com og í síma 471 3898.

- gun



**SAMÞYKKUR** Bradbury hafði samþykkt teikningar Hamiltons áður en hann lést.
NORDICPHOTOS/GETTYR

## Fahrenheit 451 sem teiknimyndasaga

Skáldsagan Fahrenheit 451 eftir Ray Bradbury hefur nú verið endurgerð sem teiknimyndasaga. Það er bandaríski teiknarinn Tim Hamilton sem fært hefur hina sígildu sögu Bradburys yfir í myndrænt form, en árið 1966 hafði franski leikstjórinn François Truffaut gert eftir henni kvikmynd.

Bókin kom fyrst út árið 1953 og vakti strax töluverðan úlfaþyt, en í henni segir af samfélagi þar sem bækur eru brenndar og sérstakt brunalið hefur þann starfa með höndum að ganga í hús og leita bóka.

Bradbury lést síðastliðið sumar en hafði áður samþykkt útgáfu Hamiltons af sinni frægustu sögu.

- fsb



**DJASS** Andrés Þór Gunnlaugsson og hljómsveit leika á KEX í kvöld.

## Andrés á KEXI

Þriðjudagsdjassinn á KEX Hosteli heldur áfram og í kvöld kemur fram tveggja gítara kvartett Andrésar Þórs Gunnlaugssonar. Auk Andrésar skipa hljómsveitina þeir Hilmar Jensson á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Þorvaldur Þór Þorvaldsson á trommur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og standa í um tvær klukkustundir með hléi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 11. DESEMBER 2012**

### Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

### Tónlist

**19.30** Strengjasveitin Spiccato flytur L'Estro Armonico eftir Antonio Vivaldi í Listasafni Sigurjóns.



**21.00** Jack Magnet Quintet með JFM, Jóel Páls, Einari Scheving, Gumma P og Róberti Þórhallssyni halda tónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Nóra spilar nokkur vel valin lög af nýrri plötu sinni, Himinbrim, á Hemma og Valda. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.05** Vigfús Geirdal flytur fyrirlestur um Vigfús Grænlandsfara og þátttöku hans í leiðangri J. P. Kochs um þvert Grænland árið 1912-1913. Einnig verður fjallað um aðrar Grænlandsferðir hans og lífshlaup. Fyrirlesturinn er ókeypis.

**12.05** Vigfús Geirdal flytur fyrirlestur um Vigfús Grænlandsfara í tengslum við ljósmyndasýningu á Þjóðminjasafni Íslands.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Faust sýnd á BAM-hátíðinni í New York

Leiksýningin Faust er ein þeirra sýninga sem áhorfendum býðst að sjá á BAM-hátíðinni í New York á næstu dögum. Faust er samstarfsverkefni Vesturports og Borgarleikhússins og hefur verið sýnd víða.

Uppsetning Vesturports og Borgarleikhússins á Faust verður sýnd sex sinnum á BAM-hátíðinni í New York og er fyrsta sýningin á morgun en sú síðasta þann 16. desember. BAM er stærsta og þekktasta leiklistarhátíð Bandaríkjanna og er haldin árlega í New York.

Hópur listamanna og tæknifólks frá Vesturporti og Borgarleikhúsinu hélt utan á laugardag og vinnur nú hörðum höndum að uppsetningu sýningarinnar í BAM-leikhúsinu í Brooklyn. Þetta er í þriðja sinn sem Vesturporti er boðið á hátíðina en Woyzeck var sýnt þar í október 2008 og Hamskiptin í desember 2010.

Faust var jólasýning Borgarleikhússins 2009, hlaut einróma lof íslenskra gagnrýnenda og var tilnefnd til átta Grímuverðlauna, meðal annars sem sýning ársins og áhorfendasýning ársins. Hún gekk fyrir fullu húsi fram á vor og var tekin upp að nýju leikárið 2010-2011. Verkið hefur verið sýnt víða um heim við góðar undirtektir áhorfenda og gagnrýnenda. Haustið 2010 var það sýnt í hinu virta Young Vic leikhúsi sem hápunktur í 40 ára afmælisdagskrá leikhússins. Uppselt var á allar sýningar verksins en íslenski hópurinn lék sjö sýningar á viku. Í kjölfarið fylgdu sýningar í Þýskalandi, Rússlandi og Kóreu.



**Á HÁTÍÐ Í NEW YORK** Þorsteinn Gunnarsson í hlutverki sínu í Faust.


Gerðu jólamatinn enn betri!



Lífrænt, glútenlaust og spelt mjöl í allan bakstur.

Krafturinn í jólasósuna og súpur, lífrænn og án aukefna.

Allt í eftirréttinn.

Lífrænt og bragðmikið krydd í jólamatinn, margar tegundir sem henta í alla matargerð.

Biona lífræna meðlætið gerir jólamáltíðina enn betri.

Komdu við í Heilsuhúsinu fyrir jólin.

Kryddið, meðlætið, krafturinn og bökunarvörurnar okkar gera matinn bragðbetri og þér líður vel um jólin.

**Heilsuhúsið**

LAUGAVEGI, LÁGMÚLA, KRINGLUNNI, SMÁRATORGI, SELFOSSI OG AKUREYRI

heilsuhusid.is | Facebook: Heilsuhúsið | Sími 530 3800

náttúrulega heilsuhúsið

# VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUSÝNING HEIMS Á ÍSLANDI

Harlem Globetrotters verða með sýningu í Kaplakrika í maí. Uppselt er á sýningar félagsins um allan heim.

„Þetta er svona sýning sem gengur í kynslóðir. Ég fór sjálfur og sá þá í Laugardalshöll 1980 og ég er viss um að allir sem fóru ungir að sjá þá eiga eftir að flykkjast með börnin sín á sýninguna núna,“ segir Björgvin Rúnarsson, handboltaþjálfari og umboðsmaður Harlem Globetrotters í Skandinavíu og Eystrasaltslöndunum. Harlem Globetrotters koma hingað til lands í maí og halda sýningu í Kaplakrika.

Harlem Globetrotters eru vel þekktir um allan en þeir setja upp fjölskyldusýningar þar sem alls kyns listir eru framkvæmdar með körfubolta á körfuboltavelli. „Ég held að þeir verði bara vinsælli með hverju árinu. Það er að minnsta kosti enn alltaf uppselt á sýningar þrátt fyrir að þeir séu orðnir 86 ára gamlir – það er að segja fyrirtækið, ekki leikmennirnir,“ segir Björgvin, en á hverju ári eru haldin úrtökupróf þar sem lið þess árs er valið, svo endurnýjunin er stöðug. „Hér áður fyrr voru menn bara pikkaðir út en nú þurfa allir að fara í gegnum úrtökupróf. Fyrirtækið er orðið svo stórt og nú eru alltaf tvö lið í gangi. Eitt fer um Bandaríkin og annað sem fer um restina af heiminum,“ bætir hann við.


**LISTAMENN** Lið Harlem Globetrotters setur upp fjölskyldusýningar um allan heim sem byggjast á körfuboltaíþróttinni og skemmtanagildið er í brennidepli. NORDICPHOTOS/AFP

Globetrotters hafa komið fjórum sinnum áður til Íslands, síðast árið 2002. „Þá vorum við með sex sýningar um landið en núna náum við bara einni. Solla stirða og Íþróttaálfurinn koma og hita upp fyrir þá svo þetta verður algjör fjölskyldusýning,“ segir Björgvin. **- trs**

## Heimsækir Barnaspítala Hringsins

Lið Harlem Globetrotters kemur til landsins 4. maí og skellir sér þá í heimsókn á Barnaspítala Hringsins. Að sögn Björgvins hafa þeir gert það í öllum ferðum sínum hingað til og báðu um að því yrði komið í kring. „Þetta eru auðvitað bara gleðigjafar og vilja bara dreifa gleði meðal allra,“ segir hann. „Svo er ekkert ólíklegt að þeir skoði sig um í miðbæ Reykjavíkur á laugardagskvöldinu,“ bætir hann við, svo sjái fólk hóp óvenjulega hávaxinna karlmanna labba niður Laugaveginn að kvöldi 4. maí er aldrei að vita nema hægt sé að biðja þá um að leika listir sínar.



# Undirbýr huggulega jólaplötu

Sverrir Stormsker á tvö lög af sex sem taka þátt í Jólalagakeppni Rásar 2.

„Ég er búinn að vera að búa til jólaplötu í tvö ár og ákvað að senda lög í þessa keppni. Hún kemur út fyrir þarnæstu jól,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Stormsker, sem hefur verið að vinna að plötunni í um tvö ár.

Sverrir á tvö lög af sex sem taka þátt í Jólalagakeppni Rásar 2 í ár. Úrslitin verða kunngjörð þriðjudaginn 18. desember og fer kosning fram á Rúv.is. Alls bárust tæplega fimmtíu lög í keppnina, sem er nú haldin í tíunda sinn.

Lög hans í keppninni eru Tvö fögur ljós, sem er flutt af Sigríði Guðnadóttur, og Nútímajól sem hann syngur með Öldu Björk Ólafsdóttur. Um fyrrnefnda lagið segir Sverrir: „Þetta lag mitt fjallar um tvær fallegar stjörnur á himninum sem minna mig á aðrar tvær fallegar stjörnur sem eru í höfðinu á dömu og kallast augu. Flestir eru með tvö svoleiðis.“

Hið síðarnefnda fjallar um hvað tímarnir hafa breyst og þar snýr Sverrir hinum hefðbundnu kynjahlutverkum við. „Í gamla daga söng Haukur Morthens í laginu Hátíð í bæ: „Hann fékk bók en hún fékk nál og tvinna.“ Þetta þótti ekkert stórkostlegt vandamál í denn en í dag þá er þetta hræðilegur glæpur,“ segir Sverrir. „Í textanum fær stelpan i-Pad og strákurinn fær nál og tvinna og er látinn sauma alveg í gríð og erg. Hún fær loftbor og keðjusög og blá jakkaföt í jólagjöf og strákbjáninn fær barbí og blúnduballettdress og bleika dragt þannig að allir eru alveg ofboðslega sáttir og hamingjusamir. Nema kannski strákaulinn, en það skiptir ekki máli.“

Bæði lögin verða á nýju jólaplötunni. „Þessi jólaplata verður voða hugguleg. Ég er búinn að fá Siggu Guðna, Öldu Ólafs, Ladda og fleiri góða drengi og stúlkur með mér í lið.“

Sverrir hefur áður samið eitt jólalag sem kom út 1987. Það heitir Söngur veiðimannsins í flutningi Stefáns Hilmarssonar. „Þessi hugljúfi sálmur var stranglega bannaður á útvarpsrásunum af einhverjum stórfurðulegum ástæðum sem enginn skilur í dag. Ég var þarna að yrkja dýrlegan óð til sjálfs Jesú Krists og sá gæi þykir nú ekki mjög slæmur pappír. Ein línan var undir smá áhrifum frá Bítlunum þar sem við Stebbi sungum hástöfum: „We love you Je-Je-sú.“ Mjög huggulegt allt saman og rómó. En þetta fór víst eitthvað öfugt ofan í kokið á fólki og það þótti alveg hreint gráupplagt að banna sálminn,“ segir Sverrir.


**Í ÚRSLITUM** Sverrir Stormsker á tvö lög af sex sem keppa í úrslitum jólalagakeppni Rásar 2. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

freyr@frettabladid.is


**BLESSUÐ BÖRNIN** Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir, María Theodóra Ólafsdóttir og Gréta Hlöðversdóttir með þá Ísak Eldar og Óðin Örn.


**JÓLIN NÁLGAST** Sigrún Edda Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Ásgeirsdóttir.


**ÁBÚÐARFULLIR** Sigurjón Ragnarsson, Hlöðver Vilhelmsson og Jón Garðar Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**BROS** Sigríður Sigurjónsdóttir og Agnes Hlöðversdóttir.


**DJÚSAÐ** Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Helene Magnússon og Guðrún Mist Sigfúsdóttir.

# Fögnuðu opnun nýrrar verslunar

Barnafataverslunin As We Grow opnaði nýja verslun að Geirsgötu á sunnudag og bauð af því tilefni fólki að fagna með sér og gæða sér á léttum veitingum. Margt var um manninn við höfnina eins og sjá má.

tl.is

TÖLVU LISTINN

# JÓLAGJAFIR FYRIR LEIKJASPILARA

## SSD LEIKJATURN

Sex kjarna AMD FX-6100 X6 örgjörvi, Asus M5A97 móðurborð og 8GB 1600MHz blá Corsair Vengeance minni. 60GB Corsair Force 3A SSD fyrir stýrikerfið og 1TB Seagate harður diskur fyrir gögnin. 1GB ASUS AMD 7770 skjákort og Realtek High Definition hljóðkort með 7.1 Surround hljóði og True Blu-Ray. Kemur með 500W Fotron HEXA Active PFC 80+ aflgjafa í CoolerMaster K350 Elite turnkassa með yfirburða loftkælingu.

COOLER MASTER

CM G1.4 K350



139.990

## MEKANÍSKT LYKLABORÐ



RAZER

Razer Blackwidow

Hraðari spilun. Aðeins 1ms svartími og mekanískt lyklaborð sem er hannað til þess að þola 50 milljón áslætti. Forritanlegir macro takkar.

16.990

## 27" PHILIPS LEIKJASKJÁR




PHILIPS

Philips 273E3LSB

Einstök skerpa og litadýpt með háskerpuupplausn og SmartImage Lite birtustilli. Aðeins 3.5ms svartími.

42.990

## 6 HÁTALARAR Í HERBERGIÐ

Logitech



Urrandi kraftmikið 75 RMS watta hátalarakerfi með 3D umhverfishljóm fyrir leikjatölvurnar, sjónvarpið og tónlistina.

21.990

## SENSEI LEIKJAMÚS



steelseries

Steel Series Sensei

Innbyggður örgjörvi sem tvöfaldar nákvæmni og næmni fyrir leikjaspilun. LCD skjár fyrir sérsniðin tákn og hægt að forstilla LED lýsingu eftir leikjum. Öflugur hugbúnaður fyrir stillingar fylgir.

13.990

## 5.1 LEIKJAHEYRNARTÓL

CM STORM

Storm Sonuz Gaming



Fullkomin leikjaheyrnatól með hljóðnema og 5.1 Surround hljómkerfi. Lokuð og þægileg með hljóðstilli á snúru.

17.990

steelseries RAZER COOLER MASTER CORSAIR




## 60GB SSD DISKUR



Hágæða Force 3 SSD diskur frá Corsair. 525MB á sekúndu leshraði og 490MB skrifhraði.

13.990



| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Suður-amerísk stemning

★★★☆☆

**Ingvi Þór Kormáksson og ýmsir flytjendur**

Latínudeildin
**SÖGUR**



LATÍNUDEILDIN „Þó að þessi lög séu ekki öll tóm snilld og platan verði seint talin frumleg eða framsækin þá er hún samt ágætlega heppnuð og rennur ljúft í gegn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Latínudeildin er tvöföld latín-plata með nýjum lögum eftir Ingva Þór Kormáksson. Það eru sömu lögin á báðum plötunum, en á annarri eru textarnir á íslensku, á hinni á ensku. Stefán S. Stefánsson útsetti. Í hljómsveitinni er valinn maður í hverju rúmi og um sönginn sjá sjö söngkonur og tveir söngvarar. Á meðal söngkraftanna eru Eivör Pálsdóttir, Mjöll Hólm, Guðrún Gunnarsdóttir og Þór Breiðfjörð.

Ingvi Þór er duglegur lagasmiður. Hér eru sextán lög, mörg þeirra stórfín. Textar plötunnar eru eftir ýmsa höfunda, Ingvi Þór á nokkra af íslensku textunum, m.a. textann í hinu bráðskemmtilega opnunarlagi Havana sem Guðrún syngur. Hljómsveitarfélagi Ingva, JJ Soul, semur hins vegar alla ensku textana. Tvö síðustu lögin á ensku útgáfunni eru án söngs, en gítarleikarinn Eðvarð Lárusson og saxófónleikarinn Stefán S. Stefánsson fá þar tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Þó að þessi lög séu ekki öll tóm snilld og platan verði seint talin frumleg eða framsækin þá er hún samt ágætlega heppnuð og rennur ljúft í gegn. Eins og algengt er í latín-tónlist þá er djassinn ekki langt undan. Það er svolítið gaman að bera saman íslensku plötuna og þá ensku. Maður hlustar meira eftir textunum á þeirri íslensku. Þeir eru mun skemmtilegri en ensku textarnir. Þegar maður hlustar á ensku plötuna verða textarnir meira aukaatriði og maður einbeitir sér eingöngu að tónlistinni.

Á heildina litið er þetta fín plata hjá Ingva Þór. Hún ætti að falla í kramið hjá þeim sem hafa gaman af ljúfri latín-tónlist. Það skemmir svo ekki fyrir að SOS Barnaþorpin fá hluta af söluverði plötunnar.

**Trausti Júlíusson**




**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin latín-plata. Öll lögin eru bæði á íslensku og ensku.

# Þáttastjórnendur í öngum sínum

## Hjúkrunarkonan var kurteis og réttlát kona sem fylltist skömm yfir atvikinu.

Útvarpsþáttastjórnendurnir Mel Greig og Michael Christian komu fram í sjónvarpsþætti í Ástralíu í gær. Þar voru þau í tilfinningaríku viðtali um símaat þeirra í síðustu viku sem leiddi til sjálfsmorðs hjúkrunarkonunnar Jancinthu Saldanha.

Eins og frægt er orðið hringdi tvíeykið á King Edward VII sjúkrahúsið í Bretlandi á mánudaginn í síðustu viku og þóttist vera Elísabet Englandsdrottning og sonur hennar Karl og spurðu frétta af ástandi Kate Middleton sem þar lá. Eftir að hafa tekið við símtalinu virðist hjúkrunarkonan hafa fyllst skömm og í kjölfarið framið sjálfsmorð fjórum dögum síðar. Dánarorsök hennar hefur þó ekki verið staðfest af Scotland Yard. Í viðtalinu segjast þau Greig og Christian aldrei hafa búist við að fá neinar upplýsingar heldur voru þau viss um að skellt yrði á þau. Bæði voru þau í öngum sínum yfir málinu en þáttur þeirra hefur verið tekinn af dagskrá og morðhótunum ringt yfir þau síðustu daga.

Nokkrir úr fjölskyldu Saldanha hafa tjáð sig opinberlega og sagði bróðir hennar Naveen, meðal annars í viðtali að hún hefði verið kurteis og réttsýn manneskja. Hún var 46 ára gömul, ættuð frá Indlandi en hafði verið búsett í Englandi í tíu ár. Hún skilur eftir sig eiginmann og tvö börn, 14 og 16 ára.





**VISS UM AÐ SKELLT YRÐI Á** Greig og Christian sögðust viss um að það yrði skellt á þau þegar þau hringdu á sjúkrahúsið til að forvitnast um ástand hertogaynjunnar Kate Middleton. NORDICPHOTOS/AFP



**JANCINTHA SALDANHA** Hjúkrunarkonan var 46 ára gömul og ættuð frá Indlandi. Hún skilur eftir sig mann og tvö börn. NORDICPHOTOS/AFP




Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

SAGA BORGARÆTTARINNAR
Viðgerð og endurhljóðsett

1. hluti: Ormarr Örlygsson og Danska frúin á Hofi (Þriðjudagar)

2. hluti: Gestur eineygði og Örn hinn ungi (Laugardagar)

Minningin um fyrstu bíómyndina sem tekin var á Íslandi hefur lifað með þjóðinni í meir en 90 ár. Taka hennar árið 1919 vakti feikna athygli og spennan í kringum frumsýninguna í ársbyrjun 1921 var gríðarleg.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




ÞRIÐJUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



SAMBÍÓIN SAMbio.is

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TALI 3D | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TALI | KL. 5:50 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | VIP |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| ALEX CROSS VIP | KL. 5:50 - 10:20 | VIP |
| POSSESSION | KL. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TALI 3D | KL. 6 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TALI | KL. 8 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 6 - 8 | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 10:20 | 12 |
| ALEX CROSS | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| ALEX CROSS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| TWILIGHT BREAKING DAWN 2 | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| HERE COMES BOOM | KL. 8 - 10:30 | 7 |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 10:10 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 8 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ALEX CROSS | KL. 11 | 16 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |






| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SKYFALL | KL. 9 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 3D | KL. 3.40 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 6 - 10.20 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.40 - 8 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| JACKPOT | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 8 - 9 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 | 10 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | KL. 8 - 10 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 8 - 10 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 6 | 7 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SO UNDERCOVER | 6, 8, 10 | 7 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 6 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | 10 | 16 |
| SKYFALL | 6, 9 | 12 |
| PITCH PERFECT | 8 | 12 |



**GALADRIEL** Cate Blanchett í hlutverki Galadriel í Hobbitanum.

## Varð eltihrellir vegna Hobbita

Cate Blanchett breyttist í hálfgerðan eltihrelli þegar hún frétti af gerð Hobbita-þríleiksins. Leikkonan fer með hlutverk álfkonunnar Galadriel í The Lord of the Rings og í Hobbitanum.

„Ég bjóst ekki við meiru eftir að Lord of the Rings lauk. Ég hélt að því ferðalagi væri lokið en mín þátttaka í þeim þríleik var alltof stutt," sagði Blanchett við Flick and Bits. „Þegar ég heyrði að þau ætluðu að gera Hobbitann gerðist ég eltihrellir. Ég hringdi í umboðsmanninn minn nánast á hverjum einasta degi og spurði hvort eitthvað væri að frétta og hvort Galadriel yrði í myndunum."



**NÝR MÓTLEIKARI** Stewart leikur á móti Ben Affleck í myndinni Focus.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Stewfleck mynd í bígerð

Leikkonan margumtalaða Kristen Stewart hefur nú staðfest orðróm þess efnis að hún fari með annað aðalhlutverkið í grínmyndinni Focus. Það er enginn annar en Ben Affleck sem leikur á móti henni í myndinni sem er skrifuð og leikstýrt af Glenn Ficarra og John Requa, þeim sömu og gerðu Crazy, Stupid, Love. Kristen á sér feril í því að taka vinnuna með sér heim, eða að minnsta kosti samstarfsmenn sína. Það verður því spennandi að sjá hvort sjö ára hjónaband Afflecks og Jennifer Garner lifi af samstarfið.



**JIMMY PAGE** Rokkarinn er á leiðinni í tónleikaferð.

## Jimmy Page í tónleikaferð

Jimmy Page, fyrrum gítarleikari Led Zeppelin, ætlar í sólótónleikaferð á næsta ári. Hann ætlaði að fara á þessu ári en varð að fresta því eftir að mynddiskurinn Celebration Day með endurkomutónleikum Zeppelin árið 2007 var gefinn út.

Hann sagði Led Zeppelin aldrei hafa ætlað í tónleikaferð án söngvarans Roberts Plant því það hefði „breytt karakter" sveitarinnar. „Ég, Jason og John Paul Jones vildum byrja að spila ný lög og sjá hvernig allt saman gengi. Það voru vangaveltur hjá fólki um einhverja söngvara en ég vildi frekar sjá hvað við gætum gert sjálfir. En við fengum aldrei tækifæri til þess," sagði hann við Guitar World.

# Sáttur ef sú nýja verður svanasöngurinn

Gítarleikarinn Joe Perry er sáttur við nýju Aerosmith-plötuna en hefur efasemdir um framhaldið.

Gítarleikari Aerosmith, Joe Perry, er að eigin sögn hæstánægður með nýjustu plötu sveitarinnar, Music From Another Dimension, en hún er þeirra fimmtánda hljóðversplata og sú fyrsta sem þeir senda frá sér í átta ár.

Platan fór beint í fimmta sæti bandaríska Billboard-listans og verður það að teljast prýðilegur árangur fyrir þessa gömlu glysrokkara, sem nú eru allir komnir á sjötugsaldurinn.

Perry er ekki viss um að hljómsveitin eigi fleiri plötur uppi í erminni og gefur í skyn að hann verði fullkomlega sáttur ef nýja platan reynist svanasöngur sveitarinnar.

Það er þó ekki að heyra á honum að tónleikaþreyta sé komin í mannskapinn. „Það er engin ástæða til að ætla að Aerosmith geti ekki spilað á tónleikum svo lengi sem meðlimirnir geta enn gengið," segir Perry, en hljómsveitin hefur lengi haft það orð á sér að vera afar spræk á sviði. „Þó við getum ekki tekið heljarstökk og sveiflað okkur í köðlum getum við enn þá bæði spilað og sungið." - hva



**KEMPUR** Aerosmith hefur löngum verið talin spræk sveit á sviði.
NORDICPHOTOS/AFP






**DAUF STEMNING** Hér sést hluti þeirra 141 einstaklings sem sáu sér fært að mæta á leik reykvísku stórveldanna, Fram og Vals. Þegar leikskýrsla var fyllt út var greinilega ákveðið að margfalda með tveimur því áhorfendur samkvæmt skýrslu voru 282. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÁHYGGJUEFNI HVE FÁIR MÆTA

Aðeins 141 áhorfandi mætti á leik Fram og Vals í N1-deild karla í handbolta. Forsvarsmenn beggja félaga hafa áhyggjur af gangi mála og þeir vilja grípa til aðgerða. Staðan er mun skárri á Akureyri þar sem að 600-1.000 áhorfendur mæta á heimaleiki liðsins.




HEIMILD: HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

**HANDBOLTI** Það tók ekki langan tíma að telja alla hausana sem eru á myndinni hér fyrir ofan – sem tekin var um miðjan fyrri hálfleik í grannaslag Fram og Vals í N1-deild karla í handbolta sl. fimmtudag. Áhorfendur í salnum voru 141 – þar af stór hluti börn og iðkendur úr herbúðum Fram. Forsvarsmenn handknattleiksdeilda Fram og Vals segja að það gangi illa að fá áhorfendur á völlinn og samkeppnin um frítíma fólks sé enn harðari en áður. Akureyringar eru hins vegar sáttari við sinn hlut en fín mæting er á heimaleiki handboltafélagsins.

„Mér finnst þetta bara góð mæting svona miðað við það sem við höfum upplifað á sumum leikjum,“ sagði Ómar Ómarsson, formaður handknattleiksdeildar Vals, þegar hann var inntur eftir viðbrögðum á þeirri staðreynd að 141 áhorfandi var mættur á viðureign Fram og Vals.

„Við hjá Val höfum haft miklar áhyggjur af þessu og undanfarin tvö tímabil hafa verið sérstaklega slæm. Það hefur ýmislegt verið reynt, til dæmis að bjóða upp á grillaða hamborgara en það hefur verið á brattann að sækja hjá okkur líkt og hjá öðrum liðum.“ Ómar segir að það sé tímabært að félögin í samvinnu við Handknattleikssamband Íslands fari í aðgerðir til þess að fjölga áhorfendum. „Við hjá Val erum hrifnir af þeirri hugmynd að byrja leikina fyrr á kvöldin – þannig að áhorfendur komi beint úr vinnu á leikina. Þetta er t.d. gert í Þýskalandi með góðum árangri en þar er einnig margt annað í boði á leikjum sem við höfum ekki boðið upp á hér.“ Aðspurður sagði Ómar að það væri kannski efst á óskalistanum að leyfa sölu á léttvíni eða bjór, eins og gert er í Þýskalandi. „Það hefur vissulega verið rætt en ég tel að það sé ekki tímabært að svo stöddu.“

Aðgöngumiði fyrir fullorðna á leik hjá meistaraflokki hjá Val er 1.000 krónur. „Miðaverðið er eitt af því sem við höfum velt fyrir okkur. Það væri kannski betra að fá fyrirtæki til þess að vera styrktaraðila á einstaka leiki og bjóða öllum frítt á völlinn. Það eru ýmsar leiðir færar en við þurfum að gera eitthvað í samvinnu við önnur félög til þess að fá fólk á völlinn. Og það sem svíður mest er hve fáir áhorfendur mæta á kvennaleikina hjá okkur. Þar erum við með flott lið en það dugir ekki til. Það má samt ekki gleyma því að það er ágæt aðsókn hjá nokkrum liðum – Akureyri, ÍR og Afturelding hafa náð fínni stemningu á leikjum sínum,“ sagði Ómar.



**FRÁBÆRIR** Það er ekki alls staðar illa mætt. ÍR-ingar hafa mætt frábærlega í allan vetur.

### Ég veit ekki hvað er til ráða

„Það er á brattann að sækja,“ sagði Árni Ólafur Hjartarson, formaður Fram. „Við höfum reynt ýmislegt til þess að fá fleiri á völlinn – með því að gefa iðkendum miða á leikina. En ég veit ekki hvað er til ráða. Sumir segja að keppnisfyrirkomulagið sé með þeim hætti að það sé engin spenna í þessu fyrr en í fjögurra liða úrslitum. Samkeppnin um athygli fólks er alltaf fyrir hendi og við þurfum að bregðast við með einhverjum hætti. Kannski er spennan ekki nógu mikil,“ sagði Árni og leggur áherslu á að tekjur af miðasölu dugi varla fyrir kostnaði við hvern leik.

„Það eru engar tekjur af aðgöngumiðasölu – varla fyrir dómarakostnaði. Það eru kannski 150 manns á vellinum og margir með frímiða á völlinn í gegnum HSÍ eða börn undir 16 ára,“ sagði Árni en það kostar 1.000 kr. fyrir fullorðna á heimaleiki hjá Fram.

„Við höfum ekki rætt það hvort sala á léttvíni eða bjór myndi breyta stemningunni fyrir leikjum. Ég efast um það sjálfur. Hjá okkur er hópur sem kallast Framstuðarar sem fá kaffi og veitingar í hálfleik – það er ágætlega sótt en þeir þyrftu bara að vera miklu fleiri, og það þarf að bregðast við þessari þróun með einhverjum aðgerðum,“ sagði Árni.

### Akureyringar mæta vel í Höllina

Það er ekki á öllum stöðum þar sem að áhorfendur láta sig vanta á áhorfendapallana. Hannes Karlsson, formaður Akureyri handboltafélags, er að mörgu leyti ánægður með mætinguna á heimaleiki félagsins í íþróttahöllinni á Akureyri. „Við erum með sæti fyrir um 1.200 manns en við erum að fá þetta 600-1.000 áhorfendur á leik. Það fer eftir mótherjanum hverju sinni,“ sagði Hannes. Það má velta ýmsum möguleikum fyrir sér hvernig hægt er að fjölga áhorfendum og leikdaga er alltaf verið að ræða um. Að mínu mati eru fimmtudagskvöldin kl. 19.00 besti tíminn og einstaka leiki mætti færa aftur á föstudagskvöld. Það fer líka eftir gengi liða hvernig mæting er, þannig er það alltaf en vissulega má alltaf gera betur,“ sagði Hannes.

seth@365.is

KÓPAVOGSBÚAR
– takið þátt í að velja íþróttafólk Kópavogs 2012

Íþróttaráð Kópavogs hefur ár hvert útnefnt íþróttafólk ársins en mun nú hafa tilnefningar bæjarbúa til hliðsjónar við val sitt.
Upplýst verður um útnefninguna á íþróttakarli og íþróttakonu Kópavogs á íþróttahátíð í Salnum í byrjun janúar.

Eyðublað fyrir tilnefningar er á vef Kópavogsbæjar.
**Frestur til að skila tilnefningum rennur út 17. desember nk.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Müller gleðst með Lionel Messi

Lionel Messi sló 40 ára gamalt markamet Þjóðverjans Gerds Müller.



**FÓTBOLTI** Það var söguleg stund í heimsfótboltanum á sunnudag er Lionel Messi setti ótrúlegt met. Þá sló hann markamet Þjóðverjans Gerds Müller yfir flest mörk á einu ári.

Müller skoraði 85 mörk á sínum tíma en tvö mörk Messi gegn Real Betis komu honum í 86 mörk á þessu ári. Hann á enn eftir að spila tvo leiki á árinu.

„Metið mitt stóð í fjörutíu ár. 85 mörk í sextíu leikjum. Nú er besti leikmaður heims búinn að slá það met. Ég get ekki annað en glaðst með honum. Hann er ótrúlegur leikmaður,“ sagði auðmjúkur Müller við þýska fjölmiðla.

Þegar Müller setti metið árið 1972 þá var hann 27 ára gamall. Hann skoraði 72 mörk fyrir Bayern München og 13 fyrir landslið Vestur-Þýskalands.

„Messi er svo indæll og algjör fyrirmyndaratvinnumaður. Ég vona að hann skori fleiri mörk og haldi metinu næstu fjörutíu árin. Hann er ótrúlegur og það eina sem ég get kvartað yfir er að hann skuli ekki spila með Bayern,“ sagði Þjóðverjinn léttur.

Messi er aðeins 25 ára gamall og hefur þrisvar sinnum verið valinn besti knattspyrnumaður heims. Hann gæti fengið þau verðlaun í fjórða skiptið í janúar. Hann er tilnefndur ásamt Cristiano Ronaldo og Andres Iniesta.

„Ég mun reyna að skora fleiri mörk og gera mönnum erfitt fyrir að slá þetta met,“ sagði Messi og hrósaði síðan liðsfélögum sínum af sinni alkunnu hógværð. - hbg




**ÓTRÚLEGUR** Messi missti sig ekkert í fögnuðinum er hann sló metið. NORDICPHOTOS/GETTY

# FORD **EXPLORER** Limited AWD **frá 9.580.000 kr.**

Komdu og skoðaðu nýjasta 7 manna AWD Ford Explorer jeppann hjá Brimborg. Prófaðu ríkulega útbúinn Ford Explorer sem sameinar þægindi fólksbíls og jeppa fjölskyldunnar. Háþróuð driftækni og fjöðrunarbúnaður. Berðu saman verð og gæði við samkeppnina. Samvirkni ólíkra eiginleika lætur drauma þína rætast. Glæsileg hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




## FORD **EXPLORER** Limited AWD

- Sjö manna jeppi með stóru farangursrými
- Fjarstart fyrir kalda morgna
- Raddstýrt samskiptakerfi frá Microsoft (SYNC)
- Öflugt hljómkerfi frá Sony
- 11 hátalarar og bassabox
- Voldugar 20” álfelgur
- Hágæða leðurinnrétting
- Þægilegt lyklalaust aðgengi og starthnappur
- Bakkmyndavél sem eykur öryggi og þægindi
- Veldu verksmiðjuábyrgð sem hentar þér

FRÁ

**9.580.000 kr.***

* Ford Explorer Limited 7 manna AWD 3,5 TiVCT V6 bensín, 290 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 12,4 l/100 km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# Dauðsfall hjá Kúrekunum

**NFL** Leikmenn Dallas Cowboys áttu erfiða helgi. Einn leikmaður liðsins var í fangelsi eftir að hafa keyrt fullur og orðið félaga sínum að bana með glannaskap. Sá er lést hét Jerry Brown og var góðvinur Josh Brent sem spilar með Kúrekunum. Brown var hluti af æfingateymi liðsins.

Þeir fóru út að skemmta sér og keyrði Brent drukkinn heim með þessum afleiðingum. Hann var í kjölfarið handtekinn grunaður um manndráp. Brent tjáði sig lítillega er honum var sleppt úr fangelsi í bili eftir að hafa greitt tryggingargjald.

„Jerry var besti vinur minn og ég er að reyna að komast yfir áfallið að hafa misst hann.“

Þeir kynntust í háskóla á sínum tíma og urðu strax bestu vinir. Brown skilur eftir sig unnustu og ófætt barn. **- hbg**



**JOSH BRENT** Gæti átt yfir höfði sér þungan dóm. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í LJÓNAGRYFJUNA** Stefán leikur sinn fyrsta leik með ljónunum á morgun. Þá mætir liðið Magdeburg í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# STEFÁN ER TILBÚINN

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, segir að hornamaðurinn efnilegi, Stefán Rafn Sigurmannsson, sé klár í að spila með einu besta liði heims, Rhein-Neckar Löwen. Stefán Rafn samdi við þýska félagið til loka þessarar leiktíðar.

**HANDBOLTI** Besti leikmaður N1-deildarinnar það sem af er vetri, Haukamaðurinn Stefán Rafn Sigurmannsson, spilar ekki meira með liðinu. Hann er nefnilega á förum til þýska stórliðsins Rhein-Neckar Löwen sem Guðmundur Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, þjálfar.

Hornamaður liðsins, Uwe Gensheimer, er illa meiddur og spilar líklega ekki meira á þessari leiktíð.

Stefán Rafn hefur tekið stórstígum framförum undir stjórn Arons Kristjánssonar hjá Haukum og fær nú frábært tækifæri til þess að sanna sig með þeim bestu.

„Hann fór út á laugardag. Æfði með þeim á sunnudag og er núna búinn að semja. Þetta gekk ótrúlega hratt fyrir sig,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka og landsliðsþjálfari Íslands, en Stefán Rafn mun spila sinn fyrsta leik fyrir félagið í bikarkeppninni á morgun.

„Strákurinn er tilbúinn í þetta. Hann er búinn að bæta sig gríðarlega mikið. Sérstaklega með skotin í horninu,“ sagði Aron en Stefán hefur meira og minna leikið í stöðu skyttu síðustu tvö ár en Aron ákvað að setja hann í hornið í vetur.

„Það hjálpaði honum mikið og hann hefur tekið miklum framförum. Hann getur líka skotið fyrir utan og er þar fyrir utan fínn varnarmaður. Hann er ekki ósvipuð týpa og Guðjón Valur að því leyti. Er mjög fjölhæfur. Ég taldi að hann ætti besta möguleika á að ná árangri sem hornamaður og því setti ég hann þar núna.“

Þessar stórstígu framfarir leikmannsins hafa komið mörgum á óvart.

„Hann er mjög duglegur og eljusamur. Hann tekur leiðsögn vel og hefur rétt viðhorf. Það skiptir máli. Hann hefur þroskast mikið í vetur, innan sem utan vallar. Nú er hann kominn í atvinnumennskuna.

> **Hann getur líka skotið fyrir utan og er því ekki ósvipuð týpa og Guðjón Valur.**
>
> *Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari*

Nú þarf hann að sýna og sanna að hann eigi heima þar.“

Stefán er annar ungi og upprennandi leikmaðurinn í vetur sem fer úr N1-deildinni til stórliðs í Þýskalandi. FH-ingurinn Ólafur Gústafsson samdi við Flensburg þegar Arnór Atlason meiddist. Þessir strákar fá nú ómetanlega reynslu og það kætir landsliðsþjálfarann Aron.

„Þetta er frábært fyrir íslenskan handbolta. Að 22 ára gömlum strákum sé treyst fyrir erfiðum verkefnum. Þetta gleður landsliðsþjálfarann mikið. Þeir munu vaxa með þessu enda að fara út til þess að spila. Það skiptir miklu máli.“

**henry@frettabladid.is**

# Níu stuðningsmenn City handteknir

Stuðningsmenn Man. City gengu af göflunum eftir sárt tap gegn Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Upp úr sauð í Manchester í á sunnudag er Robin van Persie tryggði Man. Utd sætan sigur á Man. City með marki í uppbótartíma.

Rio Ferdinand, varnarmaður Man. Utd, fékk þá smápening í andlitið svo úr blæddi. Þá óð einn stuðningsmaður Man. City inn á völlinn og ætlaði að vaða í Rio. Að auki voru margir bandbrjálaðir upp í stúku.

Lögreglan er þegar búin að kæra níu manns. Tvo fyrir að hlaupa inn á völlinn, einn fyrir kynþáttaníð og hina fyrir almenn ólæti og drykkjulæti. Svo fundust fíkniefni á einhverjum áhorfendanna.

Hinn 21 árs gamli Matthew Stott, garðyrkjumaður frá Knutsford, er sá er ætlaði að hjóla í Rio. Hann náði því ekki þar sem Joe Hart, markvörður City, stöðvaði hann. Stott sér eftir atvikinu og hann hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann biður Ferdinand og aðra afsökunar á hegðun sinni.

„Ég skammast mín mikið fyrir þessa hegðun. Ég brást sjálfum mér, fjölskyldu minni, öðrum stuðningsmönnum og Man. City. Ég vil þakka Joe Hart fyrir sín viðbrögð er ég kom inn á völlinn,“ segir í yfirlýsingu frá Stott.

Lögreglan þurfti í heildina aðeins að handtaka þrettán manns á leikdag sem henni finnst vel sloppið. Þessar fáu handtökur beri vitni um gott skipulag lögreglunnar á þessum stóra viðburði.

Þau níu sem hafa verið ákærð þurfa að mæta fyrir dómara 4. janúar næstkomandi.

Framkvæmdastjóri samtaka atvinnuknattspyrnumanna, Gordon Taylor, segir að kominn sé tími til að skoða þann möguleika að setja upp net á völlunum svo hægt sé að minnka líkurnar á því að kastað sé í leikmenn.

Taylor bendir á að til að byrja með væri ekki vitlaust að setja upp net fyrir aftan mörkin og við hornfánana. Kastað var að Wayne Rooney er hann var að taka horn í leiknum umtalaða.

Leikvallahönnuðurinn Paul Fletcher, sem kom meðal annars að hönnum Wembley, segir að þetta sé ekki svona auðvelt. Netið þurfi að vera ansi þétt svo smápeningar komist ekki í gegn. Þá er það orðið svo þétt að áhorfendur sjá hreinlega illa inn á völlinn. **- hbg**



**REIÐUR** Stott er hér kominn inn á völlinn til þess að láta Rio fá það óþvegið. Hart stöðvaði hann. NORDICPHOTOS/GETTY







# TAKK!




**Um leið og við bjóðum nýja heimsforeldra UNICEF hjartanlega velkomna í hópinn þökkum við öllum heimsforeldrum ómetanlegan stuðning við starf okkar í þágu barna um allan heim.**

UNICEF á Íslandi þakkar auk þess öllum þeim sem lögðu samtökunum lið á degi rauða nefsins með stökum framlögum.

Einnig þökkum við þeim ótal einstaklingum, listafólki, skemmtikröftum og fyrirtækjum sem styrktu starf UNICEF og gerðu dag rauða nefsins þannig mögulegan. Framlag ykkar er ómetanlegt.

Eftirtaldir samstarfsaðilar UNICEF voru ómissandi bandamenn á degi rauða nefsins: Vodafone, Alvogen, MP banki, Sagafilm og Stöð 2.

**www.unicef.is**

www.baddydesign.com

Þessi auglýsing er kostuð af:

VALITOR Lausnir án landamæra

mp banki

unicef

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 Sport kl. 19.35
### Enski deildabikarinn

Bein útsending frá leik Bradford City og Arsenal í 8 liða úrslitum enska deildabikarsins. Arsenal hefur ekki unnið bikar síðan árið 2005 og má ekki við áfalli í þessum leik en Bradford er í neðstu deild enska boltans.

## Í KVÖLD



### Necessary Roughness

**SKJÁR 1 KL. 20.20** Sálfræðingurinn Danielle Santino (Dani) er eftirsóttasti sálfræðingurinn til að sinna íþróttamönnum, skemmtikröftum, stjórnmálamönnum og öðrum sem kastljósið beinist að.

TV.COM 7,8 IMDb 6,6



### Taggart: Bad Medicine

**RÚV KL. 22.25** Skosku rannsóknarlögreglumennirnir Jackie Reid og Robbie Ross rannsaka morð á nýútskrifuðum lækni, Scott Clarkson, sem í ljós kom að var viðloðandi eiturlyfjabransann. Tveir lögreglumenn frá London koma til Glasgow til að rannsaka svipað mál.

IMDb 7,1



### Modern Family

**STÖÐ 2** Kl. **20.15** Fjórða þáttaröðin um kostulegu fjölskyldurnar þrjár heldur áfram. Það er alltaf nóg um að vera hjá þeim og í þætti kvöldsins undirbýr Phil sig undir ófrjósemisaðgerð, Gloria neitar að klæðast óléttufötum þrátt fyrir að vera farin að láta vel á sjá.

TV.COM 87/100 IMDb 8,7

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr minningablöðum **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Íslenski boltinn** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**17.58 Turnverðirnir** *(1:10) (Tårnagentene og den mystiske julegaven)*
**18.15 Hrúturinn Hreinn**
**18.25 Nigella í eldhúsinu** *(7:13) (Nigella: Kitchen) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Íþróttaannáll 2012** Farið yfir helstu íþróttaafrek Íslendinga á árinu.
**20.45 Djöflaeyjan**
**21.30 Sönn ást** *(5:5) (True Love)* Bresk þáttaröð. Í fimm laustengdum þáttum er sagt frá því hvaða mynd ástin getur tekið á sig í nútímanum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Taggart – Illt í efni** *(Taggart: Bad Medicine)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Sönnunargögn** *(11:16) (Body of Proof II) (e)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(9:22)*
**08.30 Ellen** *(58:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Wonder Years** *(6:22)*
**10.00 Doctors** *(41:175)*
**10.40 How I Met Your Mother** *(19:24)*
**11.05 Fairly Legal** *(2:13)*
**11.50 The Mentalist** *(13:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** *(26:39) (27:39)*
**14.50 Sjáðu**
**15.20 iCarly** *(27:45)*
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(59:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(11:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory** *(9:23)*
**19.50 Modern Family** *(24:24)*
**20.15 Modern Family** *(3:24)*
**20.40 How I Met Your Mother** *(2:24)* Sjöunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.
**21.05 Chuck** *(9:13)*
**21.55 Burn Notice** *(7:18)*
**22.45 The Daily Show: Global Edition** *(40:41)*
**23.15 New Girl** *(7:24)*
**23.40 Up All Night** *(19:24)*
**00.05 Grey's Anatomy** *(7:24)*
**00.55 Touch** *(7:12)*
**01.40 American Horror Story** *(5:12)*
**02.25 Stephanie Daley**
**03.55 The Mentalist** *(13:24)*
**04.35 Modern Family** *(3:24)*
**05.00 How I Met Your Mother** *(2:24)*
**05.25 Chuck** *(9:13)*
**06.10 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT — *besta sætið*

**17.55 Evrópudeildin: København - Steaua**
**19.35 Enski deildarbikarinn: Bradford City - Arsenal** BEINT frá leik í 8-liða úrslitum.
**21.45 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur** Skemmtilegur þáttur um leikina og liðin í Meistaradeild Evrópu.
**22.15 Spænsku mörkin**
**22.45 Enski deildarbikarinn: Bradford City - Arsenal**

## STÖÐ 2 SPORT 2 — *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Newcastle**
**13.40 Swansea - Norwich**
**15.20 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**16.15 Everton - Tottenham**
**17.55 West Ham - Liverpool**
**19.35 Sunderland - Reading** BEINT
**21.45 Man. City - Man. Utd.**
**23.25 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**00.40 Sunderland - Reading**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Strumparnir**
**09.05 Brunabílarnir**
**09.25 Ofurhundurinn Krypto**
**09.50 Ævintýri Tinna**
**10.10 Histeria!**
**10.35 Búbbarnir** *(19:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(14:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)* Ferð fjölskyldunnar á bóksölu fyrir notaðar bækur hefur mikil áhrif á Springfield þar sem Hómer kemst yfir Duff-heimsmetabókina.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(18:18)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends** *(8:24)* Rachel segir loks stressuðum foreldrum sínum frá þunguninni, en þegar Dr. Green fer til að hitta Ross hittir hann hann í faðmi nýju kærustunnar.
**19.50 How I Met Your Mother** *(9:20)*
**20.15 The Secret Circle** *(17:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.55 The Vampire Diaries** *(17:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.40 Game Tíví**
**22.05 The Secret Circle** *(17:22)*
**22.45 The Vampire Diaries** *(17:22)*
**23.30 Game Tíví**
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.05 Doctors** *(88:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(11:24)*
**19.00 Ellen** *(59:170)*
**19.45 Mr. Bean**
**20.10 The Office** *(2:6)*
**20.45 Gavin and Stacy** *(2:7)*
**21.15 Spaugstofan**
**21.40 Mr. Bean**
**22.10 The Office** *(2:6)*
**22.45 Gavin and Stacy** *(2:7)*
**23.15 Spaugstofan**
**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.55 Martian Child**
**12.40 Sammy's Adventures**
**14.05 Love and Other Disasters**
**15.35 Martian Child**
**17.25 Sammy's Adventures**
**18.55 Love and Other Disasters**
**20.25 All Hat**
**22.00 Valkyrie**
**00.00 Seven**
**02.05 All Hat**
**03.35 Valkyrie**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Kitchen Nightmares** *(9:17) (e)*
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 30 Rock** *(16:22) (e)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(38:48) (e)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(14:26) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(17:24) (e)*
**20.20 Necessary Roughness** *(3:16)*
**21.10 The Good Wife** *(5:22)* Góða eiginkonan Alicia Florrick snýr aftur í fjórðu þáttaröðinni af The Good Wife. Þættirnir sem hlotið hafa fjölda verðlauna njóta alltaf mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Lögfræðistofan þarf að framkvæma vafasaman gjörning til að halda sér á floti.
**22.00 In Plain Sight** *(12:13)* Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary lendir í átökum við glæpagengi þegar hún reynir að vernda vitnið sitt.
**22.45 Sönn íslensk sakamál** *(7:8) (e)*
**23.15 Combat Hospital** *(1:13) (e)*
**00.05 The Good Wife** *(5:22) (e)*
**00.55 In Plain Sight** *(12:13) (e)*
**01.40 Excused** *(e)*
**02.05 Everybody Loves Raymond** *(14:26) (e)*
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.20** Franklin Templeton Shootout 2012 *(1:3)* **11.20** Golfing World
**12.10** Golfing World **13.00** Franklin Templeton Shootout 2012 *(1:3)* **16.00** Franklin Templeton Shootout 2012 *(2:3)* **18.00** Golfing World **18.50** The Honda Classic 2012 *(3:4)* **23.40** Golfing World **00.30** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson Bóksali frá 1872

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta






**DIDRIKSONS** STELLA **ÚLPA** Stærðir 36–46.
Fjólublá og svört.

**39.990 KR.**




**SKOGSTAD** VIBEKE ÚLPA
Stærðir 36–48
Svört og ljósbrún.

**23.992 KR.**

**VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.**



**MOUNTAIN HARDWEAR DOWNTOWN** Stærðir S–XL
Svört og ljósbrún

**69.990 KR.**



**DIDRIKSONS** MONTE PEYSA
Stærðir 36–44
Svört, bleik og blá.

**5.990 KR.**



**COLUMBIA** CHANNEL **GÖNGUBUXUR**
Stærðir S–XL.
Brúnar.

**19.990 KR.**



**DIDRIKSONS** HUDSON **ÚLPA**
Stærðir S–XXXL.
Svört og græn.

**39.990 KR.**




**SKOGSTAD** MARAKA **ÚLPA**
Stærðir S–XXXL.
Grá.

**31.992 KR.**

**VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.**



**COLUMBIA** ALASKAN **DÚNÚLPA**
Stærðir M–XXL.
Grá.

**49.990 KR.**



**DIDRIKSONS** BRYCE **ÚLPA**
Stærðir S–XXXL.
Svört.

**21.990 KR.**



**COLUMBIA** LAY´D **DÚNVESTI**
Stærðir S–XL.
Svart.

**29.990 KR.**



**DIDRIKSONS** FLARE **PEYSA**
Stærðir S–XXXL.
Svört.

**9.990 KR.**



**DIDRIKSONS** COURSE **GÖNGUBUXUR**
Herrastærðir S–XXL.
Dömustærðir 36–46.
Svartar.

**12.990 KR.**



**DIDRIKSONS** SEGIN **HLÍFÐARBUXUR**
Herrastærðir S–XXL.
Dömustærðir 36–44.
Svartar.

**15.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–18
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–18 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122939

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Ég er algjör sjónvarpssjúklingur og elska góða sjónvarpsþætti. Bestu íslensku þættirnir finnst mér vera Pressan og Vaktirnar. Því miður er ekki nógu mikið af íslensku efni svo ég horfi á slatta af erlendum þáttum líka. Þá finnst mér The Newsroom rosa flottir og Modern Family finnst mér líka frábærir.“**

Lilja Nótt Þórarinsdóttir leikkona.

# Þetta er einhvers konar sambabolti

Brasilíumaðurinn Ife Tolentino, samstarfsmaður Óskars Guðjónssonar, gaf Sócrates eiginhandaráritun.

„Þetta eru allt einhvers konar ástarsöngvar, hvort sem ástin fer vel eða illa,“ segir saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson.

Hann hefur gefið út plötuna Vocé Passou Aqui ásamt brasilíska söngvaranum og gítarleikaranum Ife Tolentino. Þeir félagar kynntust fyrir tólf árum í London þegar Óskar var búsettur þar í borg.

„Ég elti konuna mína sem var á leiðinni þangað í nám og það eina sem ég var með á stefnuskránni var að hitta alvöru brasilískan bossanóva-spilara. Það bentu mér allir í áttina til Ife,“ segir Óskar. „Það mynduðust strax rosalega sterk vináttutengsl okkar á milli.“

Ife hefur komið til Íslands á hverju ári undanfarin tíu ár. Hann spilaði til dæmis í brúðkaupi Óskars sumarið 2002 og horfði daginn eftir með honum á úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í fótbolta sem Brasilíumenn unnu. Ife hefur einmitt vakið athygli þarlendra knattspyrnumanna því eitt sinn þegar hann var bassaleikari með þekktum brasilískum söngvara bað fyrrum landsliðsmaðurinn Sócrates hann um að árita fyrir sig plötuna þeirra. „Þetta er ansi magnað fyrir okkur sem könnumst við Sócrates og Zico,“ segir Óskar.

Nýja platan er sú fyrsta sem Óskar og Ife gera saman. „Þetta er gífurlega krefjandi músík að spila. Þetta er einhvers konar sambabolti. Hún er léttleikandi á yfirborðinu en það er alveg hellingur í gangi.“

Útgáfutónleikar Óskars og Ife verða í Iðnó í kvöld og hefjast þeir klukkan 21. - fb



**GÆFURÍKT SAMSTARF** Óskar Guðjónsson og Ife Tolentino hafa gefið út sína fyrstu plötu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**SKEMMTILEGT HOBBÍ** Steinunn Arnardóttir og Leópold Kristjánsson hanna saman fallega púða undir nafninu Markrún. Púðarnir, sem eru innblásnir af málverkum Stórvals, hafa farið víða um heim.

# Herðubreið í útrás

Steinunn Arnardóttir og Leópold Kristjánsson hanna saman púða sem eru innblásnir af listaverkum Stórvals. Framleiðslan er orðin tímafrekt áhugamál.

Leópold Kristjánsson arkitekt og Steinunn Arnardóttir hljóðverkfræðingur hanna saman skemmtilega púða undir nafninu Markrún. Fyrirmynd púðanna er fjallið Herðubreið sem listmálarinn Stórval gerði oft að myndefni sínu.

„Upphaflega átti þetta að vera jólagjöf til ættingja og vina en svo spurðist þetta út og nú er þetta eins og tímafrekt hobbí,“ útskýrir Leópold og Steinunn bætir við: „Enn sem komið er saumum við alla púðana sjálf. Hugmyndin var alltaf að hafa þetta heimagert og ekki verksmiðjuframleitt.“

Í haust setti parið, sem búsett er í Berlín, nokkrar myndir af púðunum á netið og létu viðbrögðin ekki á sér standa. „Við seljum púðana í gegnum heimasíðuna okkar og þeir hafa farið ansi víða. Fólkið sem kaupir þá hefur líka verið duglegt að senda okkur myndir og nú eigum við myndir af Herðubreið í Mexíkó, Kanada og víðar. Það er alveg ótrúlega gaman að fá að fylgjast svona með ferðum fjallsins,“ segir Steinunn og hlær.

Ár er síðan fyrstu púðarnir litu dagsins ljós en parið hefur eytt töluverðum tíma í að þróa og bæta sniðið. Fjöllin fást nú í þremur mismunandi stærðum og nokkrum litum. Þegar blaðamaður spyr um verkferlið segir Leópold þau ganga jafnt í öll verk sem inna þarf af hendi.

„Við reynum að hafa þetta svolítið pródúktíft núna. Ég er helst í sníðavinnunni og Steinunn sér um að sauma. En annars er ekkert eitt verk eyrnamerkt öðru hvoru okkar. Við skiptumst á að gera allt.“

Parið sinnir öðrum verkefnum á daginn og því fer púðaframleiðslan helst fram á kvöldin. „Við vinnum vel saman og þetta er fínasta hobbí nú þegar það er orðið kalt og dimmt hér í Berlín,“ segir Steinunn.

Púðarnir fást á vefsíðu Markrúnar, www.markrun.com, í Postulínsvirkinu í Reykjavík og í verslunininni Hazel í Berlín.

sara@frettabladid.is






# Handboltajól hjá Þorsteini J.

Þorsteinn J. undirbýr þáttinn Ísland á HM 2013 sem verður sýndur um jólin.

„Þetta verða handboltajól,“ segir sjónvarpsmaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Hann er nýkominn heim frá Þýskalandi þar sem hann tók handboltaviðtöl fyrir þáttinn Ísland á HM 2013 sem verður sýndur á Stöð 2 Sport á jóladag og á Stöð 2 á milli jóla og nýárs.

Í Berlín talaði hann við Dag Sigurðsson, þjálfara Füchse Berlín, og spænska landsliðsmanninn Iker Romero sem leikur með liðinu. Í Kiel talaði Þorsteinn við þjálfarann Alfreð Gíslason og landsliðsmennina Guðjón Val Sigurðsson og Aron Pálmarsson.

„Ég var að taka stöðuna fyrir þetta mót í janúar. Það er nýtt mót, nýr þjálfari og helsti leikmaðurinn [Ólafur Stefánsson] er hættur. Við bætum svo við viðtali sem Guðjón Guðmundsson átti við Aron Kristjánsson landsliðsþjálfara,“ segir Þorsteinn, sem segir Íslendingana hóflega bjartsýna fyrir heimsmeistaramótið. „Eins og Dagur sagði þá getum við verið í efstu fimm eða efstu átta sætunum og hvort tveggja er fínt. Þarna verður öðruvísi fyrirkomulag. Það er venjuleg riðlakeppni þar sem efstu fjögur liðin fara upp en síðan eru þetta hreinir úrslitaleikir. Ekki milliriðlar eins og var. Þetta verður miklu skemmtilegra.“

HM í handbolta byrjar ellefta janúar og þar verður Þorsteinn, eins og oft áður, í settinu hér heima ásamt Geir Sveinssyni og Guðjóni Guðmundssyni. - fb



**Á LESTARSTÖÐ** Þorsteinn J. á lestarstöðinni í Friedrichstrasse í Berlín. MYND/KARI LILLIENDAHL

**PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU**

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

# TILBOÐIN GERAST VARLA BETRI.

Nú skaltu gera vel við þig.

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000 KR.
ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

FIESTA Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano





VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hárið nýtur vinsælda

Bókin Hárið eftir **Theodóru Mjöll** hefur selst í hátt í sex þúsund eintökum og búið er að prenta annað upplag. Theodóra er hárgreiðslukona og nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Í viðtali við Fréttablaðið í október sagðist hún telja að það vantaði almennilega bók á markaðinn sem kennir hárgreiðslur og hárumhirðu og það virðist aldeilis hafa gengið eftir.



### Chihuahua og 30" partípitsa

Nýtt myndband hljómsveitarinnar Hjaltalín verður frumsýnt í næstu viku. Það er við lagið Myself, af nýútkominni plötu, Enter 4, sem fengið hefur einróma lof gagnrýnenda. Leikstjórinn er **Magnús Leifsson**, sem sló í gegn með myndbandinu við lagið Glow með Retro Stefson. Myndbandið var tekið upp fyrir helgi og í aðalhlutverkum eru Ólafur Ásgeirsson og Leroy Ciprianne. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu chihuahua-hundur og 30 tommu partípitsa einnig koma við sögu. Pegar hefur verið gert eitt myndband við lag af nýju plötunni; það var við lagið Lucifer/He Felt Like a Woman og í höndum leikstjórans Yoonha Park.

**- fb, sh**



## Mest lesið vísir

1 Heimsendadæði runnið á víða í heiminum
2 Of Monsters and Men mæta aftur til Jay Leno í kvöld
3 Útvarpsmennirnir miður sín eftir sjálfsmorð hjúkrunarkonunnar
4 Heilsu Katrínar Middleton hrakaði um helgina
5 Vill fimm og hálfs árs fangelsi yfir Lárusi Welding





